ÞRÁINN VIGFÚSSON
Eldar lambakjöt með Guinness-bjór
• matur • helgin
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS

POPP KEMUR ÚT Í FYRSTA SKIPTI
Donald Trump hafði áhyggjur af Íslandi
Ingibjörg Ragnheiður úr Miss Universe í viðtali
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

SÉRBLAÐ UM KVIKMYNDAHÁTÍÐINA **NORDISK PANORAMA** FYLGIR BLAÐINU Í DAG

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

25. september 2009 — 227. tölublað — 9. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000

FÖSTUDAGUR

Margrét ánægð með Fangavaktina
Fangarnir á Litla-Hrauni skelltu upp úr á miðvikudaginn.
FÓLK 46

Spaugstofan snýr aftur
Fjórmenningarnir leituðu að Jóhönnu á BSÍ.
FÓLK 35

Byrjar með látum
Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands heldur sína fyrstu tónleika.
TÍMAMÓT 26

Guðjón Valur inn á topp 20
Kominn í hóp markahæstu leikmanna þýskuúrvalsdeildarinnar i handbolta frá upphafi.
ÍÞRÓTTIR 40

VEÐRIÐ Í DAG



STORMUR Í fyrstu verður suðvestan stormur við suðaustur- og austurströndina, annars hægari. Víða rigning með morgninum en síðar skúrir sunnan og vestan til. Skúrir nyrðra með kvöldinu og hvessir.
VEÐUR 4



Gætum misst unga lækna og hjúkrunarfræðinga úr landi

Töluverð hætta er talin á því að ungt og vel menntað heilbrigðisstarfsfólk flýi land í atvinnuleit. Nýútskrifaðir hjúkrunarfræðingar geta ekki gengið að atvinnu vísri, eins og var. Ungir læknar fara fyrr í sérnám.

HEILBRIGÐISMÁL Gjörbreytt staða er komin upp hjá ungu heilbrigðisstarfsfólki vegna niðurskurðar í heilbrigðiskerfinu. Atvinnumöguleikar nýútskrifaðra lækna og hjúkrunarfræðinga hafa skerst verulega hér á landi og hætta er talin á að þessi hópur þurfi að leita annað í auknum mæli.

Ein þeirra sparnaðaraðgerða sem gripið verður til á Landspítalanum á næstu misserum er að endurnýja ekki tímabundna ráðningarsamninga og ráða ekki í störf þeirra sem hætta vegna aldurs.

„Þetta er vissulega mjög breytt staða og það hefur sannast í gegnum tíðina að þeir sem hafa góða menntun, eða annað sem er eftirsótt annars staðar, fara fyrstir," segir Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Hún segir að finna megi líkindi með þróuninni innanlands á undanförnum árum. Vel menntað fólk flytji af landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins í leit að tækifærum.

„Fólk skýtur svo rótum í borginni og það sama mun gerast núna. Fólk flytur og kemur ekkert endilega aftur." Elsa útilokar því ekki landflótta en setur þann varnagla að ástandið sé heldur ekki gott innan heilbrigðisgeirans annars staðar í Evrópu.

Elsa segir að niðurskurðurinn hitti líka hjúkrunarfræðinema fyrir. „Fjórða árs nemar hafa verið að vinna hlutastörf yfir veturinn og þeir verða trúlega ekki endurráðnir þegar þeirra samningar renna út á næstu mánuðum."

Hjördís Þórey Þorgeirsdóttir, formaður Félags ungra lækna, segir að líklegt megi teljast að ungir læknar fari fyrr út í sérnám en annars hefði verið og einhverjir komi seinna heim. Það geti þýtt að fleiri setjist að erlendis til frambúðar en annars hefði verið.

Hjördís þekkir dæmi þess að unglæknar séu ráðnir í skemmri tíma en áður, og þá í sex mánuði í stað tveggja ára áður. Einnig sé verið að fækka stöðugildum á sviðum þar sem álagið hafi verið mikið fyrir. „Þetta er það sem við höfum mestar áhyggjur af, að við getum ekki sinnt okkar starfi eins vel og við kysum."

Hjördís segir að á Landspítalanum hafi starfshópur verið settur á fót sem skoði vinnuframlag ungra lækna.

„Við erum að sinna þannig starfi að það er ekki hægt að minnka vinnuframlag okkar án þess að það geti haft alvarlegar afleiðingar og því er tilkoma starfshópsins sérstakt ánægjuefni."

- shá / sjá síðu 6

LAUFATÍNSLA Í KÓPAVOGI Haustlitirnir setja svip sinn á Kópavogsdalinn um þessar mundir. Sara Ósk Stefánsdóttir nýtti tækifærið til að tína þar laufblöð þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Mistök í tæknifrjóvgun:

Gengur með rangt barn

BANDARÍKIN **Misskilningur á tæknifrjóvgunarstofu í Sylvania í Ohio í Bandaríkjunum hefur orðið til þess að kona gengur nú með barn sem hún á ekki.**

Konan heitir Carolyn Savage og er fertug. Tíu dögum eftir að hún gekkst undir tæknifrjóvgun var henni og manni hennar sagt að mistök hefðu orðið á stofunni og hún bæri barn annars pars undir belti.

Henni var boðið að fara í fóstureyðingu en ákvað að gera það ekki, þrátt fyrir að nú sé hún ófær um að eignast fleiri börn.

Carolyn hefur leyft foreldrum barnsins að fylgjast með meðgöngunni og þau munu fá barnið þegar það fæðist, en hún fer í keisaraskurð eftir tvær vikur. Savage-hjónin ætla þó í skaðabótamál við tæknifrjóvgunarstofuna vegna málsins. - þeb

Útrás íslensks orkufyrirtækis heldur áfram í Masdar í Abu Dhabi:

REI-menn í framtíðarborginni

ORKUMÁL Fyrirtækið Reykjavík Geothermal stýrir nú jarðhitaleit fyrir Masdar, sem er fyrirhuguð borg í furstadæminu Abu Dhabi.

Að fyrirtækinu standa Guðmundur Þóroddsson, fyrrverandi forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, og ýmsir félagar hans sem ætluðu á sínum tíma að starfa fyrir Reykjavík Energy Invest, REI.

Verkefni RG í Abu Dhabi hljóðar upp á tvöhundruð milljónir króna og stendur í átta mánuði. Ef vel gengur að finna jarðhitann verður framhald á því, að sögn Guðmundar.

Í Masdar á einungis að nýta endurnýjanlega orkugjafa og borgin á að koma Abu Dhabi í forystu í umhverfismálum. Þar á að stofna umhverfisvæn fyrirtæki og bensínbílar verða bannaðir.

Hugmyndin um að fara í jarðhitaleit í Masdar mun hafa komið frá Ólafi Ragnari Grímssyni forseta.
- kóþ / sjá síðu 4

Traust og vönduð umfjöllun um viðskiptalífið

Markaðurinn
Fylgir Fréttablaðinu einu sinni í mánuði
Næsta blað kemur út miðvikudaginn 7. október

FRÉTTABLAÐIÐ

SPURNING DAGSINS

Kristján, má ekki með réttu kalla þá bæklinga?

„Ekki ef þeir eru innbundnir."

Ekki er talið að jólabókaútgáfan verði minni að vöxtum nú en fyrri ár. Ástæðan er meðal annars tilkoma lítilla bókaforlaga. Kristján B. Jónasson er formaður Félags íslenskra bókaútgefenda.

Blaðamannafélagið harmar uppsagnir á Morgunblaðinu og segir Davíð Oddsson draga úr trúverðugleika:

Blaðamenn geti ekki við þetta unað

FJÖLMIÐLAR Blaðamannafélag Íslands harmar að fjöldi reyndra starfsmanna Morgunblaðsins hafi verið rekinn. Í tilkynningu frá félaginu segir að blaðamenn geti ekki við það unað að umdeildur stjórnmálamaður eins og Davíð Oddsson, sem tengist efnahagshruninu í gegnum fyrri störf, ritstýri blaðinu.

Hátt í fjörutíu starfsmenn Morgunblaðsins, fastráðnir og ekki, hafa misst vinnuna upp á síðkastið, þar af þrjátíu í gær. Meðal þeirra var tæpur fimmtungur blaðamanna, eða nítján af 104. Meðal brottrekinna er fólk með um fjörutíu ára reynslu.

„Á sama tíma og ritstjórum blaðsins er fjölgað í tvo er gífurlegri þekkingu nærri tuttugu blaðamanna kastað á glæ," segir í tilkynningu félagsins. Ritstjórarnir tveir, sem um ræðir, eru Davíð Oddsson, fyrrverandi forsætisráðherra, og Haraldur Johannessen, áður ritstjóri Viðskiptablaðsins.

„Þetta var auðvitað mjög erfiður dagur," segir Guðni Einarsson, trúnaðarmaður á ritstjórn Morgunblaðsins: „Erfiðastur fyrir þá sem voru reknir og erfiður fyrir þá sem þurftu að sjá á eftir frábæru samstarfsfólki sínu."

Í tilkynningu frá útgáfufélaginu Árvakri kemur fram að aðgerðunum sé ætlað að koma rekstri blaðsins í jafnvægi. Fram undan sé „umtalsverð barátta þar sem Árvakur mun hvergi gefa eftir".

Nokkrir lesendur Fréttablaðsins greindu frá því í gær að þeir hefðu reynt að segja upp áskrift sinni að Morgunblaðinu þá um daginn, en ekki tekist. Á skrifstofum blaðsins hefði síminn verið á tali. - kóþ

ÓSKAR KYNNIR BREYTINGARNAR Útgáfustjóri Morgunblaðsins kynnti breytingar í rekstri blaðsins í gær. Hann býst við því að nýir ritstjórar taki til starfa í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Nýtt blað með Fréttablaðinu:

Popp kemur út í fyrsta skipti

ÚTGÁFA Popp, mánaðarlegt fylgirit Fréttablaðins, kemur út í fyrsta skipti í dag.

Fegurðardrottningin Ingibjörg Ragnheiður Egilsdóttir, sem keppti fyrir Íslands hönd í Miss Universe, og Bjarni Jensson, söngvari hljómsveitarinnar Cliff Clavin, prýða fyrstu forsíðu Popps.

Í blaðinu er einnig dómur um plötuna The Resistance með Muse, umfjöllun um nýjasta myndband Rammstein og margt fleira.

Ritstjóri er Atli Fannar Bjarkason, sem hóf nýlega störf á Fréttablaðinu eftir að hafa ritstýrt tímaritinu Monitor síðustu misseri.

Bæjarráð Kópavogs:

Hús sem ekki varð kostar 35 milljónir króna

KÓPAVOGUR Undirbúningur fyrir byggingu óperuhúss í Kópavogi kostaði 35 milljónir, en ekkert varð af húsinu.

Þetta var upplýst á fundi bæjarráðs Kópavogs í gær, eftir fyrirspurn frá Guðríði Arnardóttur, fulltrúa Samfylkingarinnar. Guðríður segir í samtali við RÚV að þetta sé allt of mikill kostnaður og hefur óskað eftir að fá að sjá reikningana.

Gunnsteinn Sigurðsson, bæjarstjóri fyrir hönd sjálfstæðismanna, segir enga ástæðu til að ætla annað en kostnaðurinn sé eðlilegur. - kóþ

Leggja milljarða í nýtt einkasjúkrahús

Forsvarsmenn fyrirhugaðs einkasjúkrahúss ætla að leggja allt að nítján milljarða króna í uppbyggingu sjúkrahúss og tengds hótels. Skoða lóðir á Álftanesi, í Garði og Mosfellsbæ. Vilja byggja 120 herbergja spítala og 220 herbergja hótel.

HEILBRIGÐISMÁL Stefnt er að því að einkarekið sjúkrahús sem mun sérhæfa sig í mjaðma- og hnjáliðaaðgerðum á erlendum ríkisborgurum verði opnað hér á landi síðla árs 2011 eða snemma árs 2012.

Forsvarsmenn verkefnisins skoða nú lóðir á Álftanesi, í Garði og Mosfellsbæ. Gunnar Ármannsson, framkvæmdastjóri PrimaCare, segir að vonandi verði hægt að taka ákvörðun um staðsetningu á næstu vikum.

Kostnaður við uppbyggingu sjúkrahússins er áætlaður á bilinu 100 til 150 milljónir Bandaríkjadala, eða þrettán til nítján milljarðar króna, segir Gunnar. Verkið verði fjármagnað bæði af innlendum og erlendum aðilum.

Áformað er að reisa sjúkrahús með 120 herbergjum, sem geti annað allt að sex þúsund sjúklingum á ári. Gunnar segir að á sömu lóð verði reist hótel með 220 herbergjum. Algengt er að ættingjar fylgi fólki sem ferðast til að fara í mjaðma- og hnjáliðaaðgerðir.

Talsverðan fjölda starfsmanna þarf fyrir bæði sjúkrahúsið og hótelið. Gunnar segist reikna með í það minnsta 600 starfsmönnum, og hugsanlega allt að 1.000.

Sjúklingar munu aðallega koma frá Bandaríkjunum og Evrópu. Gunnar segir að sjúkrahúsið sé ekki hugsað til að sinna íslenska markaðinum, en kjósi Íslendingar að kaupa sér heilbrigðisþjónustu á eigin kostnað sé það þeim í sjálfsvald sett. Þeir geti það nú þegar hjá öðrum einkareknum sjúkrahúsum utan landsteinanna.

Lítið hefur farið fyrir samráði við heilbrigðisráðuneytið. Gunnar segir að óskað hafi verið eftir viðtali við heilbrigðisráðherra í lok ágúst, en ekki hafi tekist að finna tíma til að funda með honum.

„Þetta yrði geysileg lyftistöng fyrir bæinn, og ég er viss um að bæjarbúar myndu taka þessu fyrirtæki fagnandi," segir Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri Mosfellsbæjar. Bæjarráð Mosfellsbæjar hefur lýst eindregnum stuðningi við byggingu sjúkrahúss PrimaCare á Íslandi. Haraldur segir það heiður fyrir bæjarfélagið að til greina komi að fyrirtækið byggi upp starfsemi sína í Mosfellsbæ.

Bærinn hefur boðið forsvarsmönnum PrimaCare aðstöðu á fjórum stöðum í bæjarfélaginu: á lóð Reykjalundar, í Skammadal austan við Reykjalund, á Sólvöllum fyrir ofan Akra og í Reykjahlíð í námunda við Tungumela, segir Haraldur. Hann segir fyrirtækið þurfa um fjögurra hektara lóð, og nægt pláss sé fyrir starfsemina í bæjarfélaginu. brjann@frettabladid.is

REYKJALUNDUR Mögulegt er að sjúkrahús og hótel rísi í nágrenni Reykjalundar í Mosfellsbæ, en einnig er verið að skoða lóðir á Álftanesi og í Garði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

HELGI HÓSEASSON Meirihlutinn vill bíða eftir hugmyndum hóps áhugamanna um hvernig beri að minnast Helga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Minning Helga Hóseassonar:

Tillögum um styttu vísað frá

REYKJAVÍK Borgarráð vísaði í gær, með atkvæðum meirihlutans, frá tillögum Vinstri grænna og Samfylkingar um að borgin beitti sér fyrir uppsetningu minnismerkis um Helga Hóseasson á horni Langholtsvegar og Holtavegar. Fulltrúar minnihlutans höfðu lagt fram hvor sína tillöguna.

Í bókun meirihlutans er vísað í frumkvæði hóps einstaklinga sem sýnt hafi verkinu áhuga. Borgarstjóri hafi þegar hitt forsvarsmenn hópsins og ekki sé tímabært að Reykjavíkurborg leggi línurnar í málinu. Hópurinn muni senda inn erindi um málið á næstu vikum. - kóp

Forseti Íslands:

Obama og Biden ræða orkumál

ORKUMÁL Að sögn Joe Biden, varaforseti Bandaríkjanna, hafa þeir Barack Obama rætt árangur Íslendinga á sviði hreinnar orku sín á milli. Biden greindi Ólafi Ragnari Grímssyni frá þessu á fundi þeirra í bandaríska utanríkisráðuneytinu í gær.

Þar sátu Ólafur Ragnar og Biden 300 gesta kvöldverð þar sem fagnað var „árangri Íslands í orkumálum", segir í tilkynningu forsetaembættisins. Ólafur ræddi þar hvernig „tæknikunnátta Íslendinga gæti nýst öðrum þjóðum". - pg

Talsmaður neytenda og Hagsmunasamtök heimilanna um tillögur ASÍ:

Taka ekki á forsendubresti

EFNAHAGSMÁL Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, tekur undir tillögur ASÍ um úrbætur á lögum um greiðsluaðlögun og annað sem tengist skuldavanda heimilanna. Þetta kemur fram í tilkynningu sem Gísli sendi frá sér í gær. Hann segir að fagna beri frumkvæði ASÍ og samantektinni, sem sé í ágætu samræmi við úrbótatillögur hans.

Tillögurnar eru jákvæðar að því leyti að þær bæta greiðsluaðlögunarferli sem neyðarúrræði og styrkja réttarstöðu lántakenda, að mati Hagsmunasamtaka heimilanna, sem einnig sendu frá sér yfirlýsingu í gær. Þær taka hins vegar ekki á þeim forsendubresti sem breytt hefur skuldastöðu heimilanna og höggva ekki á þann efnahagshnút sem blasir við heimilum landsins. Talsmaður neytenda er á svipuðu máli og bendir á að sértæk úrræði til greiðsluaðlögunar dugi ekki til fyrir neytendur. Þau mæti ekki þeim mikla vanda sem íslensk heimili standi frammi fyrir vegna skulda.

Hagsmunasamtök heimilanna segja Seðlabankastjóra hafa tekið af allan vafa um að taka þurfi á gengistryggðum lánum svo hægt sé að lækka stýrivexti. Tillögur ASÍ ekki hafa nein áhrif á boðað greiðsluverkfall, sem á að hefjast þann 1. október. - þeb

MÆTA EKKI VANDA Tillögur ASÍ taka ekki á forsendubresti vegna hrunsins, að mati talsmanns neytenda og Hagsmunasamtaka heimilanna. Almenningur stendur frammi fyrir miklum vanda, og greiðsluaðlögun dugar ekki til að leysa úr því. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Á RÁS FYRIR GRENSÁS Í KVÖLD KL. 19.30

Söfnunar- & skemmtiþáttur til styrktar Grensásdeild LSH Í BEINNI Á RÚV

Tekið er á móti frjálsum framlögum í síma **755 5000** á meðan útsendingu stendur

Leggðu þitt af mörkum á www.grensas.is eða í síma

902 5001 1000 kr.

902 5003 3000 kr.

902 5005 5000 kr.

KAUPÞING

SJÓNVARPIÐ

Á RÁS FYRIR GRENSÁS grensas.is

GENGIÐ 24.09.2009

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	123,63	124,23
Sterlingspund	200,08	201,06
Evra	182,6	183,62
Dönsk króna	24,533	24,677
Norsk króna	21,415	21,541
Sænsk króna	18,081	18,187
Japanskt jen	1,3638	1,3718
SDR	196,10	197,26

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
235,1243
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Reykjavík Geothermal stýrir jarðhitaleit fyrir borgina Masdar í furstadæminu Abu Dhabi:

Útrás REI-manna er í fullum gangi

ORKUMÁL Reykjavík Geothermal (RG) stýrir nú jarðhitaleit fyrir framtíðarborgina Masdar í Abu Dhabi. Forstjóri fyrirtækisins, Guðmundur Þóroddsson, segir fyrirtækið, sem hefur starfað í eitt ár, ganga ágætlega.

„Það hefur verið töluvert af stórum og litlum verkefnum, en þetta er stærsta ráðgjafarverkefnið hingað til," segir hann.

RG er fyrirtæki Guðmundar Þóroddssonar, fyrrverandi forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur, og ýmissa starfsmanna sem ætluðu á sínum tíma að starfa fyrir REI.

Fyrirtækið fær um tvö hundruð milljónir króna fyrir jarðhitaverkefnið og hefur allt að átta mánuði til að finna jarðhitann. Gangi það eftir má leiða líkur að því að framhald verði á verkefnum þar syðra, að sögn Guðmundar.

Í Abu Dhabi verða allt að sjö starfsmenn RG og munu þeir halda utan um jarðhitaleitina, en verkefnið í heild sinni veltir um fjörutíu milljónum dala. Bygging borgarinnar er metin á 22 milljarða dollara og á að taka átta ár.

Spurður hver fjármagni rekstur RG segir Guðmundur að mikill kostnaður fylgi því að vera með starfsemi í Abu Dhabi. Því sé „einhver yfirdráttur í bankanum okkar þangað til greiðslur berast, en ekki mikill". Starfsmennirnir eigi fyrirtækið sjálfir.

Hann staðfestir að Ólafur Ragnar Grímsson forseti hafi verið RG innan handar.

„Hann kom þessum Masdar-tengslum á upphaflega, þótt við höfum síðan fengið verkefnið í gegnum útboð. Hann hefur aðstoðað okkur þegar þess hefur þurft," segir Guðmundur. Upphaflega hugmyndin um að fara í jarðhitaleit í Masdar hafi orðið til á fundum sem forsetinn sat.

Masdar á að verða fyrsta borg heims sem gengur einungis fyrir „grænum" orkugjöfum. - kóþ

LÍKAN AF BORGINNI Reykjavík Geothermal verður með sjö manna flokk í vinnu syðra í Abu Dhabi.

Mikilvæg mál ganga treglega:

Bíður eftir vaxtalækkun

EFNAHAGSMÁL „Þótt ákvörðun SÍ valdi verulegum vonbrigðum kemur hún ekki á óvart," segir Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs.

FINNUR ODDSSON

Hann tekur undir með seðlabankastjóra; ljúka verði Icesave-málinu og afgreiðslu frá AGS auk frágangi á efnahagsreikningi bankanna. Afgreiðsla þessara mála gangi afar treglega: „Nú er ár frá hruni bankanna og tímabært að vandamálin verði leyst. Um leið hlýtur peningastefnunefnd að mæla með hraðri lækkun stýrivaxta. Ekkert knýr verðbólgu annað en veiking krónunnar og skattahækkanir," segir Finnur, „Spjótin beinist að stjórnvöldum, sem verða að afgreiða stóru málin." Þangað til megi líkja ástandinu við eltingaleik við enda regnbogans. - jab

Ítalskur mafíuforingi:

Notaði krókódíl til fjárkúgunar

ÍTALÍA Ítalskur mafíuforingi notaði gæludýrið sitt, rúmlega metra langan krókódíl, til þess að kúga fé út úr fólki, að sögn lögregluyfirvalda í Napólí á Ítalíu.

Antonio Cristofaro geymdi dýrið á verönd fyrir utan hús sitt og samkvæmt fréttum mataði hann það á lifandi rottum og kanínum.

Krókódíllinn fannst þegar lögregla gerði vopnaleit á heimili Cristofaro hinn 18. september. Ekki var greint frá fréttunum fyrr en á miðvikudag. Krókódíllinn er rúmlega einn metri á lengd og fjörutíu kíló að þyngd. Hann getur aflimað menn með einu biti. - þeb

FRÁ VAXTAÁKVÖRÐUNARFUNDINUM Seðlabankastjóri segir miður að stór hluti heimila og fyrirtækja landsins sé með óheyrilega skuldabyrði í erlendri mynt. Vaxtalækkun geti komið þeim afar illa. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Icesave-málið tefur fyrir lækkun vaxta

Seðlabankastjóri segir raunstýrivexti komna undir tíu prósent. Hann er tilbúinn til að funda með aðilum vinnumarkaðarins um stöðugleikasáttmálann.

EFNAHAGSMÁL „Þetta hefur því miður allt strandað á Icesave-málinu," segir Már Guðmundsson, bankastjóri og formaður peningastefnunefndar Seðlabankans, og leggur ríka áherslu á að ná niðurstöðu og greiða fyrir lánveitingum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og hinna Norðurlandanna. Þegar lánið verði í höfn muni gjaldeyrisvaraforði Seðlabankans styðja við gengi krónunnar. Þeir sem standi í vegi fyrir því að ná farsælli lendingu í málinu verði að hugsa sig tvisvar, jafnvel þrisvar, um.

Greint var frá því í gær að stýrivöxtum Seðlabankans yrði haldið óbreyttum í tólf prósentum. Vextirnir, sem eru hvergi hærri á byggðu bóli, voru síðast lækkaðir um eitt prósentustig í byrjun júní. Ákvörðunin var í takti við spár greiningardeilda.

Már, sem tók við bankastjórastólnum af Svein Harald Øygard í síðasta mánuði, segir mikilvægt að horfa til gengismála við ákvörðun stýrivaxta. „Því miður er fjöldi fyrirtækja og heimila með óheyrilega skuldabyrði í erlendri mynt," segir hann og bendir meðal annars á að tuttugu prósent heimila landsins séu með gengistryggðar skuldir og sjötíu prósent með þær verðtryggðar. Um tíu prósent eru með annað lánafyrirkomulag. Hugsanleg veiking krónunnar í kjölfar stýrivaxtalækkunar geti haft alvarlegar afleiðingar fyrir níutíu prósent heimila. Stöðugleikasáttmáli aðila vinnumarkaðarins og hins opinbera frá í júlí miðar við að stýrivextir verði komnir undir tíu prósent fyrir 1. nóvember næstkomandi. Næsti vaxtaákvörðunarfundur er hins vegar fjórum dögum síðar.

Már bendir á að stýrivextir sem slíkir virki orðið lítið. Í raun hafi innlánsvextir bankans meiri áhrif. Þeir séu nú 9,5 prósent og megi segja að stýrivextir séu jafnháir.

Seðlabankastjóri segir mikilvægt að raska ekki stöðugleikasáttmálanum og hann hafi hug á að funda með aðilum vinnumarkaðarins vegna málsins.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segir vaxtaákvörðun peningastefnunefndarinnar vonbrigði enda sé stöðugleikasáttmálinn í uppnámi. Seðlabankinn eigi fremur að hjálpa til við endurreisn efnahagslífsins en koma með innlegg með þessum hætti. „Ég fagna því að seðlabankastjóri vilji hitta okkur. En við hefðum viljað ræða við hann fyrir vaxtaákvörðunina," segir Gylfi.

jonab@frettabladid.is

Lilja Mósesdóttir:

Segir AGS stýra vaxtastigi hér

EFNAHAGSMÁL Lilja Mósesdóttir, þingmaður Vinstri grænna, lýsir yfir miklum vonbrigðum með ákvörðun peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands um óbreytta stýrivexti. Ákvörðunina megi rekja til þrýstings frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (AGS).

LILJA MÓSESDÓTTIR

Hún segir að markmið AGS sé að ná gengisstöðugleika en ekki að koma í veg fyrir gjaldþrot fyrirtækja og þar af leiðandi áframhaldandi kreppu. Hún telur því að andstæðingum AGS eigi eftir að fjölga í kjölfarið.

Framkvæmdastjóri SA:

Seðlabankinn lengir kreppuna

EFNAHAGSMÁL „Seðlabankinn er að ögra aðilum stöðuleikasáttmálans með þessari ákvörðun," segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, um ákvörðun peningastefnunefndar bankans að halda stýrivöxtum óbreyttum. Hann segir að þessar ákvörðun sinni sé bankinn að lengja kreppuna.

VILHJÁLMUR EGILSSON

„Í stöðugleikasáttmálanum var gengið út frá því að stýrivextir yrðu komnir í eins stafs tölu fyrir lok október. Fyrirtæki geta ekki fjárfest og byggt sig upp við núverandi aðstæður. Allri framvindu atvinnulífsins er teflt í tvísýnu."

Opnum 28. september að
KRÓKHÁLSI 3

Jóhann Ólafsson & Co. flytur höfuðstöðvar sínar og afgreiðslu að KRÓKHÁLSI 3

Opnum á nýjum stað mánudaginn 28.september

Jóhann Ólafsson & Co
OSRAM

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

VINDAR OG VÆTA
Núna með morgninum er úrkomuloft á leið yfir landið með hvössum vindi við suður- og suðausturströndina. Um eða eftir hádegi verður mesta úrkoman að baki auk þess sem verulega dregur úr vindi þar sem hann er mestur. Í kjölfar úrkomubeltisins tekur við skúraloft sunnan og vestan til og með kvöldinu hvessir á landinu með vaxandi skúraveðri og þá einnig norðanlands.



HEIMURINN

Alicante	26°
Amsterdam	18°
Basel	20°
Berlín	20°
Billund	16°
Eindhoven	19°
Frankfurt	19°
Friedrichshafen	21°
Gautaborg	13°
Kaupmannahöfn	15°
Las Palmas	26°
London	21°
New York	23°
Orlando	32°
Osló	19°
París	21°
Róm	26°
Stokkhólmur	18°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

NAUTAFILÉ Í TERIYAKI-SÓSU fyrir 4

að hætti Rikku

2 dl teriyaki sósa
1 dl sojasóa
4 hvítlauksrif, kreyst
5 cm engifer, rifið
500 g nautafilé
200g brokkolí
1 dós míni maís
½ dós baunaspírur
2 msk sesamfræ
2 msk vorlaukur, saxaður

Blandið saman teriyaki- og sojasósu ásamt hvítlauk og engifer. Bætið nautakjötinu, brokkolí, maís og baunaspírum út í og látið standa í 5-10 mínútur. Sigtið maríneringuna frá kjötinu og grænmetinu og geymið. Steikið kjötið og grænmetið á pönnu í 5 mínútur og hellið maríneringunni yfir og látið malla í 5 mínútur. Stráið vorlauk og sesamfræum yfir og berið fram með hrísgrjónum.

311 kkal/ 16% RDA
Prótín 35.8 g/ 72% RDA
Fita 8.4 g/ 13% RDA
Kolvetni 24g/ 8% RDA
C-vítamín 49.1 mg/ 82% RDA
Járn 4.2 mg/ 23% RDA
B6-vítamín 1.mg/ 50% RDA

* Ráðlagður dagskammtur (RDA) er miðaður við 2.000 hitaeininga orkuþörf.

Kjúklingalundir
ferskar

Silungsflök
með ostasinneps fyllingu

Piparsteik
nautaat

Ungnautahakk

Lífrænar hrískökur
úr lífrænum
hýðishrísgrjónum

OPIÐ
24 Hagkaup
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 27. september á meðan birgðir endast.

50 ára HAGKAUP
fyrir Íslendinga í 50 ár

KJÖRKASSINN



Ætlar þú að veiða rjúpu í haust?

Já	12,9%
Nei	87,1%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Líst þér vel á að Davíð Oddsson verði ritstjóri Morgunblaðsins?

Segðu þína skoðun á vísir.is.

STOLNA ÞYRLAN Ræningjarnir skildu hana eftir skammt norðan við Stokkhólm. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þyrluránið í Svíþjóð:

Bíræfnir þjófar ófundnir í gær

SVÍÞJÓÐ Lögreglan í Svíþjóð var í gær engu nær um það hvar þjófarnir bíræfnu, sem notuðu stolna þyrlu til að stela peningum frá öryggisfyrirtæki í Stokkhólmi á miðvikudag, væru niður komnir.

Tveir menn, sem voru handteknir í gær, eru ekki grunaðir um beina aðild að ráninu, að öðru leyti en því að þeir eru sakaðir um viðskipti með þýfi.

Gagnrýni hefur beinst að öryggismálum í tengslum við þyrlu lögreglunnar. Hún var ónothæf þegar ránið var framið vegna sprengjuefnis sem komið var fyrir við flugskýlið. - gb

Skemmdarvargar að verki:

Málningu slett í þriðja sinn á hús Hreiðars

LÖGREGLUMÁL Rauðri málningu var skvett í nótt á einbýlishús Hreiðars Más Sigurðssonar, fyrrverandi forstjóra Kaupþings. Er þetta í þriðja sinn síðan í ágúst sem málningu er skvett á þetta hús Hreiðars Más.

Lögreglan rannsakar málið en síðast var skvett málningu á hús Hreiðars Más aðfaranótt 14. ágúst síðastliðinn. Þá nótt fékk hús Karls Wernerssonar einnig málningarslettur.

Niðurskurður í heilbrigðisþjónustu bitnar á lausráðnu starfsfólki Landspítalans:

Hundrað fá ekki framlengda samninga

HEILBRIGÐISMÁL Meira en hundrað starfsmenn Landspítalans fá ekki endurnýjaða ráðningarsamninga við spítalann í ár. Fyrstu samningarnir renna út um næstu mánaðamót.

Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans, segist ekki vita nákvæmlega um hversu marga starfsmenn sé að ræða og að það muni ekki skýrast fyrr en í byrjun desember þegar síðustu samningarnir renni út.

Þá munu fleiri hundruð starfsmenn spítalans fá bréf um breytingar á starfskjörum um næstu mánaðamót.

Breytingarnar snúa meðal annars að breyttu vaktafyrirkomulagi og niðurfellingu aksturspeninga svo eitthvað sé nefnt.

BJÖRN ZOËGA

Ögmundur Jónasson heilbrigðisráðherra sagði í blaðinu í gær að niðurskurður í heilbrigðiskerfinu myndi bitna á þjónustu og störfum í faginu.

Björn segir aðgerðir stjórnenda spítalans hafa miðað að því að komast hjá uppsögnum og að halda uppi þjónustu en finna leiðir til að gera hana ódýrari.

„Það má vissulega kalla það skerðingu þegar við breytum til dæmis sólarhringsdeildum í dagdeildir og sjö daga deildum í fimm daga deildir," segir Björn. „Og það mun væntanlega bitna á sjúklingunum og aðstandendum þeirra."

Björn býst við að þjónusta skerðist og uppsagnir blasi við þegar fjárlög næsta árs líti dagsins ljós. „Við erum komin á endastöð með það sem er hægt að gera án þess að skerða þjónustu eða fara í uppsagnir," segir Björn. - kh

Tengsl krabbameins og offitu:

Óttast áhrif offitu á konur

BRETLAND, AP Ofþyngd og offita gæti orðið helsta orsök krabbameins hjá konum á næsta áratug, samkvæmt niðurstöðum rannsóknar breskra vísindamanna.

Um átta prósent krabbameinstilvika í Evrópu eru nú rakin til ofþyngdar eða offitu. Sérfræðingar telja að það hlutfall muni hækka skarpt á næstu árum. Sumar rannsóknir bendi til þess að hlutfallið sé um tuttugu prósent í Bandaríkjunum.

Ekki er vitað hvers vegna offita veldur krabbameini, en talið er að ástæðuna megi rekja til röskunar á hormónastarfsemi líkama fólks í yfirþyngd. - bj

Stoppa í 63 milljarða gat

Fjárlög næsta árs verða lögð fyrir Alþingi á fimmtudaginn en bæta þarf afkomu ríkissjóðs um 63 milljarða króna. Tekjur verða auknar um 28 milljarða og dregið saman í útgjöldum um 35 milljarða.

EFNAHAGSMÁL Löng hefð er fyrir því að lítið kvisist út um útfærslu fjárlagafrumvarpsins. Við lifum hins vegar á tímum þar sem hefðir skipta litlu og síðan í júní hefur legið fyrir að ríkisstjórnin hyggst bæta afkomu ríkissjóðs um 63,4 milljarða króna á næsta ári. Í skýrslu fjármálaráðherra um jöfnuð í ríkisfjármálum 2009-2013 er tónninn sleginn og Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að í grófum dráttum verði farið eftir þeirri skýrslu.

Þótt nánari útfærsla sé enn á huldu um hvaða skattar verði hækkaðir um hve mikið og hve mikið verður nákvæmlega skorið niður og hvar, gefur skýrslan hugmynd um hvernig fjárlagafrumvarpið mun líta út. Þar er að finna ýmsar tillögur um skattahækkanir og útfærslu á hve mikið sparast við þær.

Samkvæmt skýrslunni á að auka aðhald sem nemur 179 milljörðum króna til ársins 2013. Stærsta höggið kemur á næsta ári, umræddir 63 milljarðar.

Áform um einstakar skattahækkanir eru enn ekki ljós, en af skýrslunni er ljóst að tekjuskattar verða hækkaðir. Að meðtöldu útsvari eru þeir stærsti tekjustofn opinberra aðila og hefur hlutur þeirra í tekjum ríkissjóðs vaxið og var á árinu 38,5 prósent. Árin 2005 til 2007 var hlutur beinna skatta til ríkisins um fjórtán prósent af vergri landsframleiðslu, en var komið niður í tólf prósent árið 2009.

Hækkun tekjuskatts um hvert prósent af vergri landsframleiðslu skilar fjórtán milljarða aukatekjum í ríkissjóð. Það skilar þrjátíu milljörðum króna að færa hlutfall tekjuskatts í sama horf gagnvart vergri landsframleiðslu og það var á árunum 2005 til 2007.

Tekjur ríkisins af áfengisgjaldi námu átta milljörðum árið 2008 og í skýrslu fjármálaráðherra er lögð til tíu prósenta hækkun á því 1. janúar 2010 og 1. janúar 2011. Þá er lögð til hækkun tóbaksgjalds um þrjátíu til fjörutíu prósent í tveimur áföngum, 2009 og 2010, en það skilaði 3,9 milljörðum í ríkissjóð 2008. Hluti þessara hækkana hefur þegar komið fram og óvíst er hvort farið verður eftir tillögunum.

Stóra myndin liggur því nokkuð ljós fyrir. Á töflunum hér til hliðar má sjá hvernig sparað verður í útgjöldum ríkissjóðs á næsta ári. Skattahækkanir munu skila um 28 milljörðum króna; spurningin er aðeins hvaða skattar verða hækkaðir.

kolbeinn@frettabladid.is

LEIÐTOGAR RÍKISSTJÓRNARINNAR Vinna við fjárlög er nú á lokastigum, en samkvæmt skýrslu fjármálaráðherra frá því í sumar er ætlunin að draga saman í útgjöldum um 35 milljarða og auka tekjur ríkissjóðs um 28 milljarða. Það þýðir umtalsverðar skattahækkanir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

TILLÖGUR RÍKISSTJÓRNAR UM HVERNIG BÆTA EIGI AFKOMU RÍKISSJÓÐS 2010

Nánari útlistun á því hvernig afla eigi ríkissjóði 63,4 milljarða á næsta ári. Allar tölur í milljónum króna.

Bætt afkoma 2010

Niðurskurður/sparnaður*	
Rekstur	14.250
Viðhald og stofnk.	10.000
Tilfærslur	11.113
Samtals	35.363
Auknar tekjur, s.s. skattar	28.000
Samtals	**63.363**

*SJÁ NÁNAR Í TÖFLUM

Rekstur

Almennt aðhald	14.250
Stjórnsýsla	10%
Menntamál	7%
Velferðarþjónusta	5%

Viðhald og stofnkostnaður

Vegaframkvæmdir	8.250
Aðrar framkvæmdir	1.750
Samtals	**10.000**

Tilfærslur

Sjúkratryggingar	2.600
Barnabætur	1.000
Fæðingarorlof	350
Elli- og örorkulífeyrir	3.650
Önnur sértæk framlög	1.825
Almennt aðhald tilfærslustyrkja ráðuneyta	1.688
Samtals	**11.113**

Nýr matseðill
á Ruby Tuesday

17 nýir réttir
til að gæða sér á
Komdu í heimsókn

RubyTuesday
BRAGÐGÓÐ SKEMMTUN

Höfðabakka 9 & Skipholti 19 Sími 577-1300

PIPAR • SÍA • 91265

orkusalan
Þú hefur frelsi til að gera það
sem þú vilt við rafmagnið frá okkur
Orkusalan selur raforku til heimila, fyrirtækja og stofnana á öllu landinu. Það er auðvelt
að skipta yfir til okkar með einu símtali í 422 1000 eða með því að skrá sig á orkusalan.is
Settu þig í samband við Orkusöluna og skiptu yfir í nýtt og ferskt rafmagn.
www.orkusalan.is
FÍTON / SÍA
Orkusalan | 422 1000 | Bíldshöfða 9 | 110 Reykjavík

VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvað heitir forstjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins?*

2 *Í hvaða landi býðst Hólmfríði Magnúsdóttur að leika knattspyrnu?*

3 *Hvað heitir nýútkomin ljóðabók Sindra Freyssonar?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 46

Breytingar á eignarhaldi á íslenska tryggingamarkaðinum:

SA tryggingar yfirtaka Sjóvá

VIÐSKIPTI Fjármálaeftirlitið (FME) hefur heimilað yfirfærslu vátryggingastofna Sjóvár Almennra trygginga hf. til SA tryggingar hf. að fengnu starfsleyfi þess félags. Í frétt um málið á heimasíðu FME segir að SA tryggingar hf. munu yfirtaka, frá og með 1. júní síðastliðnum, öll réttindi og skyldur sem vátryggingastofninum fylgja. Hluthafar SA tryggingar hf. eru Íslandsbanki hf. og SAT eignarhaldsfélag hf.

Áformað er að heiti hins nýja vátryggingafélags verði Sjóvá – Almennar tryggingar hf. og mun félagið starfa undir því nafni. Núverandi Sjóvá Almennar tryggingar hf. mun fá nýtt nafn, SJ Eignarhaldsfélag hf. og starfa áfram í breyttri mynd, til að sinna fjárfestingarverkefnum í eigu Sjóvár Almennra tryggingar hf. og dótturfélaga þess.

Þess skal getið að samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi munu réttindi og skyldur vátryggingataka, vátryggðra og annarra samkvæmt vátryggingasamningum halda sjálfkrafa gildi sínu við flutning vátryggingastofnsins.

Vátryggingatakar munu geta sagt upp vátryggingasamningi sínum við félagið frá þeim degi sem flutningur stofnsins er heimilaður, tilkynni þeir uppsögn sína skriflega innan mánaðar. Frestur til uppsagna hefst við birtingu tilkynningar um yfirfærslu vátryggingastofna í Lögbirtingarblaðinu í dag.

SJÓVÁ Fyrirtækið heitir nú Sjóvá Almennar tryggingar hf.

Grunaður amfetamínsmyglari:

Réttarhöldum frestað um sinn

DÓMSMÁL Aðalmeðferð í máli Gunnars Viðars Árnasonar, sem ákærður er fyrir innflutning á sex kílóum af amfetamíni til landsins, fór ekki fram í gær eins og til stóð heldur var henni frestað til 16. október. Ástæðan var sú að eftir átti að þýða nokkur erlend skjöl.

Til stendur að tveir hollenskir sakborningar úr einu stærsta fíkniefnamáli sögunnar, þar sem lagt var hald á tæp þrjátíu tonn af kókaíni í Ekvador, gefi símaskýrslu við aðalmeðferðina. Gunnar Viðar var upphaflega handtekinn grunaður um tengsl við það mál. - sh

Forsætisráðherra Íslands:

Gestalisti kann að verða birtur

STJÓRNMÁL Skoðað verður hvort forsætisráðherra Íslands komi til með að birta gestalista sína opinberlega.

HRANNAR BJÖRN ARNARSSON

Þetta verður gert um leið og siðareglur stjórnarráðsins verða mótaðar og meðan upplýsingalög verða endurskoðuð, samkvæmt upplýsingum frá forsætisráðuneytinu.

„Þessi hugmynd verður metin í þeirri vinnu eins og margar aðrar góðar," segir Hrannar B. Arnarsson, aðstoðarmaður forsætisráðherra.

Greint hefur verið frá því í blaðinu að Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, ætli að birta samsvarandi upplýsingar um gesti Hvíta hússins. - kóþ

LÖGREGLUFRÉTTIR

Skemmtistöðum lokað

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu lokaði þremur skemmtistöðum í miðborg Reykjavíkur aðfaranótt fimmtudags. Staðirnir voru allir opnir lengur en leyfilegt er á virkum dögum, eða eftir klukkan eitt. Á einum staðnum reyndi dyravörður að hindra lögreglu við störf sín.

Færeyska utanríkisþjónustan:

Auglýsing hefði stjórnleysi í för

FÆREYJAR **Ástæða þess að ákveðið var að auglýsa laus störf sendifulltrúa Færeyja á Íslandi og í Danmörku á sínum tíma var sú að tveir þingmenn höfðu áhuga á störfunum.**

Jóannes Eidesgaard fjármálaráðherra telur að auglýsa eigi öll opinber störf. Ráðuneytisstjóri í utanríkisráðuneytinu, Herluf Sigvaldsson, segir hins vegar að þetta leiddi til stjórnleysis í utanríkisþjónustunni. Venjan sé að færa fólk til innan þjónustunnar. Einn þingmaður hefur nú lagt fram fyrirspurn um hvaða þingmenn það voru sem sýndu störfunum áhuga. - kóþ

Barnabarn Mao Zedong:

Yngsti hershöfðinginn

PEKING, AP Eina barnabarn Mao Zedongs, fyrrum formanns Kommúnistaflokksins í Kína, er orðinn yngsti hershöfðinginn í Frelsisher fólksins í Kína. Kínverskir fjölmiðlar greindu frá þessu í gær.

Hinn 39 ára sagnfræðingur, Mao Xinyu, er sonur Mao Anquing, annars sonar Zedongs. Mao Xinyu er einn af helstu ráðgjöfum kínversku ríkisstjórnarinnar. Hann hefur lengi staðið vörð um arfleifð afa síns. - kg

HÚSAVÍK Sveitarstjórnarmenn í Norðurþingi hafa lagt mikla áherslu á að fá viljayfirlýsingu um álver við Bakka framlengda. Þeir benda á að engin önnur fyrirtæki en Alcoa hafi sýnt áhuga á að vinna að stóriðju á svæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Alcoa býst við niðurstöðu um helgina

Forstjóri Alcoa á fund með iðnaðarráðherra um helgina vegna viljayfirlýsingar við Bakka. Alcoa hefur ekki fengið formlega tilkynningu frá stjórnvöldum. Matsáætlun virkjana og álvers er komin til meðferðar hjá Skipulagsstofnun.

STÓRIÐJA Alcoa býst við að fá upplýsingar um afstöðu ríkisvaldsins til þess hvort stjórnvöld ætli sér að framlengja viljayfirlýsingu um álver á Bakka, sem rennur út um mánaðamót, á fundi sem Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa, á með Katrínu Júlíusdóttur iðnaðarráðherra um helgina.

Erna Indriðadóttir, talsmaður Alcoa, segir að fyrirtækið vinni að því að viljayfirlýsingin verði framlengd og hafi ekki fengið neina „formlega tilkynningu" um að annað fyrirkomulag standi til.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær er það hins vegar ætlun stjórnvalda að framlengja ekki yfirlýsinguna óbreytta heldur undirrita nýtt samkomulag. Þar verði fleiri aðilar en Alcoa teknir að borðinu án þess þó að Alcoa hætti þátttöku í undirbúningi álvers við Bakka. Markmið þessa nýja fyrirkomulags verði áfram það að undirbúa vikjanir og stóriðjuframkvæmdir við Húsavík. Ekki liggur fyrir hvaða aðilar aðrir en Alcoa hafi sýnt áhuga á verkefninu. Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra hefur ítrekað sagst vilja sjá orku í Þingeyjarsýslum nýtta í þágu annarrar atvinnustarfsemi en álvers.

Í gær kynnti Skipulagsstofnun að hún hefði fengið til formlegrar meðferðar tillögu að matsáætlun fyrir sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum álvers á Bakka við Húsavík, Þeistareykjavirkjunar, Kröfluvirkjunar II og háspennulína frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka. Það eru Alcoa, Landsvirkjun, Þeistareykir ehf. og Landsnet sem standa að hinu sameiginlega mati. Stefnt er að því að ljúka sameiginlegu mati á umhverfisáhrifum álvers þessara framkvæmda næsta vor. Að því loknu hefjist rannsóknaboranir að nýju til að hægt verði að afla frekari upplýsinga um orkugetu jarðhitasvæðanna. „Það er ein af meginforsendum þess að áform um virkjanir og byggingu álvers á Bakka gangi eftir," segir í tilkynningu frá Skipulagsstofnun. Tilraunaborunum var frestað þegar Þórunn Sveinbjarnardóttir, fyrrverandi umhverfisráðherra, kvað upp úrskurð um að umhverfismat vegna allra þessara framkvæmda skyldi gera sameiginlega. Fram að þeim úrskurði var unnið að umhverfismati fyrir hverja framkvæmd fyrir sig.

peturg@frettabladid.is

Sjóðfélagafundur

Almenni lífeyrissjóðurinn boðar til sjóðfélagafundar fimmtudaginn 29. október á Hilton Reykjavík Nordica og hefst kl. 17:15.

ATH! Breytt dagssetning og staðsetning.

ANTONÍA BERGÞÓR

DAGSKRÁ

1. Fundarsetning.
2. Skýrsla stjórnar um rekstur og afkomu Almenna lífeyrissjóðsins.
3. Tillaga og ákvörðun um sameiningu Almenna lífeyrissjóðsins og Eftirlaunasjóðs starfsmanna Glitnis banka hf.
4. Tillögur um breytingar á samþykktum. Lagt er til að sameina deildir samtryggingarsjóðs.
5. Önnur mál.

Nánari upplýsingar og tillögur um breytingar á samþykktum eru á heimasíðu sjóðsins, www.almenni.is.

Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta.
Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins.

ALMENNI LÍFEYRISSJÓÐURINN

Fundur leiðtoga G20-ríkjanna hófst í Bandaríkjunum í gær:

Leiðtogar halda stöðufund

BANDARÍKIN, AP Leiðtogar G20-ríkjanna, stærstu iðnríkja heims, hittust á fundi í Pittsburgh í Bandaríkjunum í gær. Tilefni fundarins er heimskreppan, en þetta er í þriðja sinn á undanförnu ári sem leiðtogarnir hittast.

Á fundinum verður farið yfir þær efnahagslegu framfarir sem orðið hafa frá síðustu fundum og einnig er honum ætlað að tryggja að framfarirnar haldi áfram. Einnig er ætlunin að ríkin komi sér saman um hertari reglur um fjármál.

Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, hefur greint frá þeim vilja sínum að G20-hópurinn taki við af G8-hópnum. Hann vill enn meiri samvinnu ríkjanna. Barack Obama Bandaríkjaforseti segist vilja að ríkin komi saman um áætlun um hvernig hægt sé að stuðla að jafnari hagvexti. Búist er við því að Obama segi á fundinum í dag að ríkin geti ekki treyst áfram á Bandaríkin og Kína til þess að koma efnahagsmálum aftur á réttan kjöl. Á fundi Sameinuðu þjóðanna á miðvikudag ýjaði hann að þessu með því að segja að öll ríki yrðu að taka ábyrgð.

Leiðtogarnir funduðu yfir kvöldverði í gærkvöldi og halda fundarhöldum áfram í dag. Í lok dags halda þeir svo sameiginlegan blaðamannafund. - þeb

MÓTMÆLT Lögregla handtekur mótmælanda frá Greenpeace á miðvikudag, en samtökin hófu mótmæli vegna G-20 fundarins þá. Í gær hafði lögregla lokað fjölmörgum götum til að koma í veg fyrir mótmæli nálægt fundarstöðum. NORDICPHOTOS/AFP

FERSKUR LAMBASKROKKUR
AF NÝSLÁTRUÐU
798 kr/kg

ÓDÝRT

Frábært verð!

HAMBORGARHRYGGUR
983 kr/kg
2.048 kr/kg
BAUTA BÚRIÐ
52% afsláttur

GLOCK APPELSÍNU-, EPLA- EÐA MULTIVITAMIN SAFI 2l
349 kr/stk.
459 kr/stk.

30% afsláttur
KJÖTSEL
LAMBALÆRI, KRYDDAÐ
1.399 kr/kg
1.998 kr/kg

NAPOLINA PIZZABOTNAR 2x150g
196 kr/pk.
399 kr/pk.
51% afsláttur

41% afsláttur
KALKÚNABORGARAR 10stk. 800g
frosnir
796 kr/pk.
1.349 kr/pk.

PRINCE POLO XXL 4 stk. í pk.
297 kr/pk.
418 kr/pk.

APPELSÍNUR
99 kr/kg
198 kr/kg
50% afsláttur

HYTOP SYKURPÚÐAR 283g
99 kr/pk.
199 kr/pk.
TILBOÐ

NETTÓ SAMLOKUBRAUÐ GRÓFT
158 kr/stk.

QI FERSKUR APPELSÍNUSAFI 1l
199 kr/stk.
249 kr/stk.

www.markonnun.is

Birt með fyrirvara um prentvillur

Tilboðin gilda 24. - 27. september eða meðan birgðir endast

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**!

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

nettó
Ódýrt fyrir heimilið!

STILLIR SÉR UPP Afgönsk kona hélt fyrir andlit sitt meðan hún stillti sér upp til myndatöku í lautarferð með fjölskyldu sinni í Jalrez-dal í Afganistan. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Landspítalinn mátti banna yfirlækni sínum að reka einkastofu:

Mátti banna rekstur einkastofu

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur komist að þeirri niðurstöðu að Landspítalanum hafi verið heimilt að banna yfirlæknum með stjórnunarskyldur á spítalanum að reka einnig sjálfstæðar læknastofur samhliða störfum sínum fyrir spítalann.

Hæstiréttur sýknaði í gær spítalann af kröfu yfirlæknis um viðurkenningu á því að spítalanum hafi verið þetta óheimilt.

Hæstiréttur dæmdi lækninum hins vegar 1,8 milljónir í vangoldin laun frá spítalanum með dráttarvöxtum. Sú krafa var til komin vegna þess að Landspítalinn lækkaði einhliða í heimildarleysi starfshlutfall hans um tuttugu prósent eftir að nýr kjarasamningur tók gildi 1. febrúar 2006.

Læknirinn hafði þegið 80 prósenta laun fyrir fullt starf hjá spítalanum frá því í september 2002, á grundvelli bókunar í kjarasamningi frá því ári. Þar var læknum sem einnig rækju einkastofu gert að lækka annaðhvort starfshlutfall sitt eða þiggja fyrir störfin 20 prósentum lægri laun. Læknirinn valdi aldrei á milli þessara kosta og af þeirri ástæðu var talið að bókunin gæti ekki haft áhrif á kjör hans eftir að nýr kjarasamningur tók gildi árið 2006. Sambærilegt ákvæði var þar ekki að finna. - sh

LANDSPÍTALINN Þarf að greiða lækninum 1,8 milljónir í vangoldin laun, auk vaxta. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Forseti Palestínu:

Geta ekki hafið viðræður á ný

NEW YORK, AP **Palestínumenn geta ekki hafið friðarviðræður við Ísraelsmenn að nýju strax vegna „ósættis um þau grundvallaratriði“ sem viðræðurnar ættu að snúast um. Þetta sagði Mahmoud Abbas, forseti Palestínu, í viðtali sem birt var í gær.**

Barack Obama Bandaríkjaforseti hefur eindregið hvatt forystumenn ríkjanna tveggja til að setjast aftur að samningaborðinu. Abbas segist vilja forðast deilur við Bandaríkjastjórn. Hann segir þó „engan sameiginlegan grundvöll“ ríkja milli sín og Benjamins Netanjahú, leiðtoga Ísraelsmanna. - kg

Lagt til að upplýsingaskylda ráðherra verði færð í lög

Nefnd þriggja lögfræðinga telur nauðsynlegt að eftirlitshlutverk Alþingis með framkvæmdarvaldinu verði styrkt. Nefndin leggur til fjölmargar leiðir til úrbóta. Setja þurfi sérstök lög og breyta stjórnarskrá.

STJÓRNSÝSLA Nefnd þriggja lögfræðinga undir forystu Bryndísar Hlöðversdóttur, aðstoðarrektors á Bifröst, hóf í júní í fyrra skoðun á gildandi lagareglum um eftirlit Alþingis með framkvæmdarvaldinu og mat á hvort breytinga væri þörf.

Niðurstöðurnar liggja fyrir í tæplega 300 blaðsíðna skýrslu sem kynnt var í gær. Þær eru eindregnar. Breytinga er þörf.

Meðal þess sem nefndin leggur til er að lögfestar verði reglur um upplýsingaskyldu ráðherra gagnvart Alþingi. Réttaróvissa á þessu sviði er, að mati nefndarinnar, afar óæskileg fyrir samskipti þings og ríkisstjórnar. „Meðan inntak skyldunnar er óljóst er ólíklegra en ella að ráðherra verði látinn sæta pólitískri ábyrgð leggi hann ekki fram viðhlítandi upplýsingar fyrir Alþingi eða leyni þingið mikilvægum upplýsingum,“ segir í skýrslunni.

Lagt er til að ríkisstjórn beri að skila árlegri skýrslu til þingsins um framkvæmd þingsályktana. Slíkar ályktanir eru oft og tíðum yfirgripsmiklar og stefnumarkandi en hvergi er fjallað um eftirfylgni með framkvæmd þeirra.

Nefndin vill að settar verði skýrari reglur um upplýsingarétt þingmanna og aðgang þingsins, einkum þingnefnda, að gögnum hjá stjórnvöldum. Jafnframt að settar verði reglur um heimild ráðherra til að leggja fyrir Alþingi upplýsingar sem háðar séu þagnarskyldu, um örugga meðhöndlun trúnaðarupplýsinga og um þagnarskyldu alþingismanna um upplýsingar sem leynt eigi að fara.

Að mati nefndarinnar ber að fækka fastanefndum þingsins en þær eru nú tólf. Meðal annars er dregið fram að ef nefndirnar eru færri og starfssvið þeirra nær til fleiri en eins ráðuneytis megi draga úr hættu á að ráðherra reyni að hafa áhrif á skipan og störf nefnda. Jafnframt er lagt til að ný nefnd, stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd, verði sett á fót og falið að sinna eftirlitshlutverki með framkvæmdarvaldinu.

Þá er í skýrslunni lagt til að refsiheimildir laga um ráðherraábyrgð verði skýrðar, að íhuguð verði mildari úrræði til að beina gagnrýni á embættisfærslu ráðherra en að lýsa á hann vantrausti og að skipulag landsdóms verði tekið til skoðunar.

Auk Bryndísar formanns sátu í nefndinni Andri Árnason hæstaréttarlögmaður og Ragnhildur Helgadóttir prófessor. Með henni starfaði Ásmundur Helgason, lögfræðingur hjá Alþingi.

bjorn@frettabladid.is

EFTIRLIT ALÞINGIS MEÐ FRAMKVÆMDARVALDINU Kynningarfund vegna skýrslu vinnuhópsins sátu Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis, Ásta R. Jóhannesdóttir þingforseti, Bryndís Hlöðversdóttir, formaður hópsins, Ásmundur Helgason, starfsmaður hópsins, og Ragnhildur Helgadóttir prófessor. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

VATNSFLÖSKUR Á FÆRIBANDI Sala á Icelandic Glacial-vatni jókst um tæp áttatíu prósent á milli ára í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Icelandic Glacial springur út:

Fleiri drekka íslenska vatnið

VIÐSKIPTI „Þetta er mikil viðurkenning fyrir okkur,“ segir Jón Ólafsson, stjórnarformaður Icelandic Water Holdings, sem framleiðir átappað vatn á flöskum undir merkjum Icelandic Glacial. Um ár er síðan fyrirtækið stækkaði við sig í Þorlákshöfn.

Sala fyrirtækisins jókst um 78 prósent í Bandaríkjunum síðastliðna tólf mánuði, samkvæmt tölum frá bandaríska fyrirtækinu Information Resources, Inc. (IRI) og er það mesta aukning á bandarískum markaði með hágæðavatn.

Til samanburðar jókst sala næstmest á vatni undir merkjum Voss Convenience um tuttugu prósent á milli ára. Jón segir mestu skipta í markaðssetningu að íslenska vatnið er trúverðugt. „Það er hreint og gott. Þeir sem drekka vatnið einu sinni vilja ekkert annað,“ segir hann. - jab

RÚSSLAND

27 þúsund manns sagt upp

Bílafyrirtækið Avtovaz í Rússlandi, sem framleiðir bílategundina Lödu, mun segja upp rúmlega 27 þúsund starfsmönnum sínum á næstunni. Það er um fjórðungur starfsmanna. Ástæðan er minni sala bílanna.



Tilraunir í Taílandi með bóluefni gegn alnæmi lofa góðu:

Vekur vonir um sigur á AIDS

TAÍLAND, AP Alþjóða heilbrigðisstofnunin WHO og Alnæmisstofnun Sameinuðu þjóðanna segja að tilraunir í Taílandi með nýtt bóluefni gegn alnæmi hafi gengið vel og lofi mjög góðu.

Í Taílandi var gerð stærsta tilraun með bóluefni gegn alnæmi sem ráðist hefur verið í til þessa. All tóku sextán þúsund sjálfboðaliðar þátt í tilrauninni. Niðurstaðan varð sú að þeir sem fengu bóluefnið áttu mun síður á hættu að smitast af alnæmisveirunni HIV.

Munurinn var 31 prósent, sem að vísu telst ekki nægilega gott en er þó fyrsta merki þess að mögulegt sé að vinna bug á veirunni með bóluefni.

„Þetta gerir mig hóflega bjartsýnan á að unnt verði að ná betri árangri,“ sagði Anthony Fauci, yfirmaður Ofnæmis- og smitsjúkdómastofnunar Taílands sem fjármagnaði tilraunina ásamt bandaríska hernum.

Nýja bóluefnið er samsett úr tveimur öðrum bóluefnum, ALVAC og AIDSVAX, sem ekki höfðu reynst vel hvort í sínu lagi. Í tilrauninni var annað bóluefnið gefið fyrst til þess að setja viðbrögð ónæmiskerfisins gegn HIV-veirunni af stað, en síðan var hitt efnið gefið til þess að styrkja áhrif fyrra efnisins. - gb

TEKIST Í HENDUR Þeir Eric John, sendiherra Bandaríkjanna í Taílandi, og Witthaya Kaewparrdai, heilbrigðisráðherra Taílands, kynntu niðurstöður tilraunarinnar á blaðamannafundi í Bangkok. NORDICPHOTOS/AFP

Fangi í Guantanamo:

Búinn að missa trúna á Obama

KÚBA, AP Bandaríkjaforseti hefur farið út af sporinu með því að láta ekki loka Guantanamo-fangabúðunum á Kúbu og leggja af herréttarhöld yfir föngum, segir fangi í búðunum.

Ahmed al-Darbi hélt uppi mynd af Barack Obama á meðan herréttarhöld yfir honum stóðu yfir á síðasta ári til að sýna að hann tryði á breytingar vegna embættistöku Obama. Hann segir vonbrigðin bitur. Al-Darbi er sakaður um að hafa átt þátt í samsæri um að útvega útbúnað til að fremja hryðjuverk. Obama hefur sagst ætla að loka fangabúðunum í janúar. - bj

Samtök íslenskra tölvuleikjaframleiðenda verða stofnuð í dag:

Framleiðendur velta tíu milljörðum króna

IÐNAÐUR „Við höfum rætt um það í langan tíma að stofna samtök. Þegar við skoðuðum málið af alvöru á þessu ári kom það okkur í opna skjöldu hvað þessi iðnaður er stór," segir Jónas Björgvin Antonsson, framkvæmdastjóri tölvuleikjafyrirtækisins Gogogic.

Samtök leikjaframleiðenda verða stofnuð formlega síðdegis í dag. Innan þeirra eru í kringum tíu tölvuleikjafyrirtæki með um fjögur hundruð starfsmenn. Umsvifamest eru CCP, sem á og rekur fjölspilunarleikinn EVE Online, og Betware, sem framleiðir lausnir fyrir happdrættis-, talna- og getraunaleiki á borð við 1X2. Áætluð velta fyrirtækjanna er í kringum tíu milljarðar króna á þessu ári.

„Kreppuástand er það besta sem getur komið fyrir tölvuleikjafyrirtæki," segir Davíð Lúðvíksson, forstöðumaður hjá Samtökum iðnaðarins, en samtök leikjaframleiðenda munu eiga aðild að þeim.

Davíð segir samkeppnisaðstöðu fyrirtækjanna góða í skugga gengishrunsins. Hann segir frumkvæðið að stofnun samtakanna hafa komið frá fyrirtækjunum sjálfum.

„Það er mun betra að standa saman. Þá verða þau sýnilegri," segir hann. - jab

JÓNAS BJÖRGVIN ANTONSSON Framkvæmdastjóri Gogogic segir það hafa komið sér á óvart hvað tölvuleikjageirinn hér sé stór. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

HJÁ AUGNLÆKNI Ný tækni tryggir meðferð við augnsjúkdómum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Sprotafyrirtækið Oxymap:

Samningur við Háskóla Íslands

NÝSKÖPUN **Háskóli Íslands og Oxymap ehf. gerðu nýverið með sér samning um rannsóknir á sviði súrefnismælinga og mun Oxymap veita Háskólanum styrk vegna stöðu sérfræðings við læknadeild.**

Frumkvöðlar að Oxymap eru Einar Stefánsson og Jón Atli Benediktsson, prófessorar við Háskóla Íslands. Þeir hafa í félagi við aðra þróað súrefnismæli fyrir augnbotna sem getur tryggt meðferð við augnsjúkdómum fyrr en áður var kleift.

Tæknin nýtist við meðhöndlun á sykursýki, bláæðastíflum í sjónhimnu og gláku og metur einnig áhrif lyfja- og leysimeðferðar. - shá

BRJÓSTAGJÖF Fjórir fyrirlestrar verða fluttir um næringu og vernd móðurmjólkur og brjóstagjöf í húsnæði Mímis.

Málþing um brjóstagjöf:

Næring og vernd brjóstamjólkur

MÁLÞING Næring og vernd móðurmjólkur og brjóstagjöf fyrstu dagana er á meðal efnis málþings um brjóstagjöf sem haldið verður á morgun, laugardag.

Fjórir fyrirlestrar verða fluttir á þinginu sem hefst klukkan ellefu og stendur til rúmlega tvö og er haldið í húsnæði Mímis.

Málþingið er haldið í tilefni brjóstagjafavikunnar á Íslandi en nánari upplýsingar um hana er að finna á síðunni www.brjostagjafavika.org. - sbt

Sértilboð fyrir VISA kreditkorthafa á helgarferðum með Express *ferðum*

London
2.-4. október
9.-11. október
3.-6. desember - Uppselt

Verð frá:
49.900 kr.
m.v. 2 nætur á mann í tvíbýli á Bayswater Inn*** Innifalið: flug með flugvallarsköttum og öðrum gjöldum ásamt gistingu með morgunverði.

Berlín
9.-12. október
23.-26. október
13.-16. nóvember

Verð frá:
59.900 kr.
m.v. 3 nætur á mann í tvíbýli á Hotel Gates****, 9.-12. okt. Innifalið: flug með flugvallarsköttum og öðrum gjöldum ásamt gistingu með morgunverði.

Malmö
2.-4. október
9.-11. október
Flug til Kaupmannahafnar

Verð frá:
59.900 kr.
m.v. 2 nætur á mann í tvíbýli á Stayat Malmö, 2.-4. okt. Innifalið: flug með flugvallarsköttum og öðrum gjöldum ásamt gistingu með morgunverði. Lestarferð til Malmö ekki innifalin.

Aðeins bókanlegt á www.expressferdir.is og greiðist með VISA kreditkorti.

Sölutímabil: 21.09.2009-30.09.2009

VISA
Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu
Nánari upplýsingar á **expressferdir.is** eða í síma **5 900 100**
Express ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

NÝJASTI FARARSKJÓTINN Japanska fyrirtækið Honda hefur kynnt til sögunnar þetta nýstárlega hjól, sem auðvelt er að ferðast á um gangstéttir stórborga.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bændasamtökin kalla eftir umræðu í utanríkismálanefnd um ESB-spurningar:

Bændur vilja íslensk ESB-skjöl

UTANRÍKISMÁL Bændasamtökin hafa ítrekað óskað eftir því að spurningalistar Evrópusambandsins, er lúta að landbúnaði, verði þýddir á íslensku. Utanríkisráðuneytið hefur hafnað því og ber fyrir sig kostnaði, sem sé um tíu milljónir króna. Þá taki verkið tvo til þrjá mánuði.

Bændasamtökin óska eftir því að fá öll svör þeirra stofnana og ráðuneyta sem kunna að varða landbúnaðar- og byggðamál til skoðunar, með góðum fyrirvara áður en erindi ESB verður svarað. Þau svör verði einnig á íslensku. Samtökin sjálf eru að vinna svör við listunum og í þeim verður að finna þá fyrirvara sem þau telja að gera verði um landbúnaðar- og byggðamál.

Bændasamtökin hafa einnig hvatt til þess að svörin við spurningalistunum verði tekin til umræðu í utanríkismálanefnd Alþingis. Árni Þór Sigurðsson, formaður nefndarinnar, segir að aldrei hafi neitt annað komið til greina.

Evrópuhópur Alþingis kom saman í gær og Árni Þór, sem einnig er formaður hans, segir að þar hafi menn velt fyrir sér möguleikanum á að þýða öll skjölin í anda gagnsæis. Ekkert sé ákveðið í þeim efnum en einstök ráðuneyti geti tekið ákvörðun um sinn hluta.

- kóp

FORMAÐURINN Bændasamtökin vilja að þau skjöl sem tengjast landbúnaðarmálum og verða til í tengslum við spurningar ESB verði þýdd á íslensku. Haraldur Benediktsson er formaður samtakanna.
FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Plastpokaskattur tvöfaldaður:

Greiða 80 krónur fyrir pokann

ÍRLAND, AP Írsk stjórnvöld hyggjast tvöfalda skatt á notkun plastpoka. Nái áformin fram að ganga verður skatturinn 44 evrusent á hvern poka, sem jafngildir rúmlega áttatíu krónum.

Írar voru fyrstir Evrópuþjóða til að skattleggja plastpoka og hafa sjö ára reynslu af skattlagningunni. Notkun á plastpokum hefur dregist mikið saman, auk þess sem stjórnvöld hafa fengið andvirði ríflega 22 milljarða króna í tekjur af skattinum.

Írsk stjórnvöld telja að áttatíu króna skattur á hvern poka muni fæla fólk enn frekar frá því að nota plastpoka. **- bj**

BARACK OBAMA Forseti Bandaríkjanna kynnti ritstjórum tveggja dagblaða hugmyndir sínar í vikunni.

Bandarískir fjölmiðlar:

Obama vill lesa betri dagblöð

FJÖLMIÐLAR Forseti Bandaríkjanna hefur hug á að gera lagafrumvarp til að auðvelda dagblöðum að sporna gegn þeirri hnignun sem þau standa frammi fyrir.

Til greina mun koma að dagblöðin, í breyttu rekstrarformi, fái skattaívilnanir. Fari svo verði þau ekki rekin í ágóðaskyni.

Forsetinn, Barack Obama, kynnti ritstjórum tveggja dagblaða þessar hugmyndir á fundi með þeim í Hvíta húsinu í vikunni. Hann sagðist þar hafa áhyggjur af því að fjölmiðlun líktist æ meira bloggsíðum, þar sem skoðanir réðu ríkjum, en ekki staðreyndir. **- kóþ**

Segir tóma blekkingu að Noregur standi utan ESB

Norskur Evrópuréttarfræðingur segir að án Íslands verði Evrópska efnahagssvæðið enn undarlegra fyrirbæri en nú. Eiríkur Bergmann dósent telur litlar líkur á því að Ísland gangi í Evrópusambandið.

EVRÓPUSAMBANDIÐ „Það er tóm blekking að Noregur standi utan við Evrópusambandið," sagði Fredrik Sejersted, formaður Evrópuréttarstofnunar Óslóarháskóla, á morgunverðarfundi um stöðu Noregs í Evrópu sem haldinn var í Norræna húsinu í gær.

Síðan Evrópska efnahagssvæðið var stofnað fyrir fimmtán árum hefur það vaxið mjög að umfangi, bæði vegna þess að aðildarríkjum ESB hefur fjölgað úr 15 í 27, lagasafnið hefur vaxið úr 1.500 lagagerningum í 6.000, og svo hefur framkvæmd og túlkun laganna teygt áhrifasvið þeirra inn á æ fleiri svið samfélagsins.

Sejersted, sem er prófessor í stjórnskipunar- og Evrópurétti, segir Norðmenn jafnvel duglegri en sum af nýrri aðildarríkjum Evrópusambandsins við að innleiða nýjar reglur frá Brussel, þannig að í raun geti tengsl Noregs við sambandið talist nánari en tengsl sumra aðildarríkjanna.

Sú blekking að Noregur sé alls ekki í þessum nánu tengslum við Evrópusambandið, heldur standi utan við, skekkir síðan alla umræðu í Noregi um Evrópusambandið.

Þróun mála hér á landi hefur hins vegar mikil áhrif á framhald mála í Noregi: „Ísland stjórnar norsku Evrópusambandsumræðunni," segir Sejersted.

Sjálfur vonast hann til þess að Ísland samþykki aðild að Evrópusambandinu, ekki vegna þess að hann hafi sérstaka skoðun á því hvort aðild sé góð eða slæm fyrir Ísland, heldur vegna þess að þá færi af stað umræða um málið í Noregi. Sú umræða hafi í reynd legið niðri í fimmtán ár, eða síðan Norðmenn felldu aðildarsamning í þjóðaratkvæðagreiðslu.

„Flestum í Noregi er illa við Evrópska efnahagssvæðið," segir Sejersted en telur samt ólíklegt að Norðmenn gangi í ESB, jafnvel þótt Evrópska efnahagssvæðið verði æ undarlegra fyrirbæri án Íslands, ekki síst ef nokkur örríki í Evrópu bættust í hópinn.

Það var Háskólinn á Bifröst sem efndi til morgunverðarfundarins í Norræna húsinu. Að loknu erindi Sejersteds tóku til máls þau Elvira Mendez, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, og Eiríkur Bergmann Einarsson, dósent við félagsvísindadeild Háskólans á Bifröst.

„Ég spái því að Ísland gangi ekki í ESB í fyrirsjáanlegri framtíð," sagði Eiríkur Bergmann. Það væri þá helst ef efnahagsástandið héldi áfram að versna. „Þá gætu Íslendingar í augnabliks geðveiki átt það til að segja já, en á venjulegum degi munu þeir segja nei."

FREDRIK SEJERSTED Segir að Evrópska efnahagssvæðið verði enn undarlegra fyrirbæri ef Ísland fari yfir í Evrópusambandið.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

gudsteinn@frettabladid.is

LAGERSALA *Seljum eingöngu beint af lager okkar sem er aðeins opinn um helgar. Lítil yfirbygging = betra verð*

LÍNAN

Edge - Hornsófi 280x200 kr. 298.700
Lagersöluverð kr. 238.900
Litir: Sand og Night

Skoðið sófaúrvalið á heimasíðu okkar www.linan.is

OPIÐ UM HELGINA Föstudag 12 - 18 I Laugardag 12 - 18 I Sunnudag 13 - 16

Akralind 9
201 Kópavogur
Sími 553 7100
www.linan.is

Biblíumatur í Neskirkju:

Krásir og Kristur

TRÚMÁL „Við leggjum áherslu á það í Neskirkju að lífið sé til að gleðjast yfir því," segir Örn Bárður Jónsson, prestur í Neskirkju, en í kaffihúsi safnaðarheimilisins þar hefur undanfarna föstudaga verið boðið upp á svokallaðan biblíumat og verður síðasta máltíðin í bili af þeim toga reidd fram í lok þessarar viku.

„Kristin trú hefur máltíð sem miðju, altari kirkjunnar er veisluborð og þangað er okkur stefnt til máltíðar sem er táknræn fyrir elsku Jesú, miskunn hans og fórn," segir Örn Bárður. Fundnar hafi verið uppskriftir að krásum sem eru líkar þeim sem eldaðar voru á dögum Jesú. Þær eru svo tengdar frásögnum Biblíunnar. - kdk

Ótrúlegt virðingarleysi við laxveiðiána Fnjóská gæti spillt ræktunarstarfi í ánni:

Veiðiþjófar slátruðu laxi úr klakkistunni

NÁTTÚRA Sá fáheyrði atburður átti sér stað á dögunum að nokkrir stórir laxar voru teknir úr klakkistu í Fnjóská. Ummerki við ána sýna að laxinum var slátrað á bakkanum og var aðkoman ömurleg að sögn þeirra sem að komu.

Sigurður G. Ringsted, sem starfar fyrir veiðifélag árinnar, segir ljóst að minnst fimm tveggja ára fiskar hafi verið teknir. Allir laxarnir voru hrygnur, að því er best er vitað.

Aðkomu veiðimanna við ána er lýst á heimasíðu veiðifélagsins. „Blóðugur vígvöllur og ástandið á kistunni þegar að var komið bar þessari hetjudáð miður fagurt vitni. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um hugarheim þessa vesalings manns, en væntanlega mun hann í góðra vina hópi geta stært sig af „veiðinni".

Sigurður segir að fyrir veiðifélagið sé þetta töluvert áfall og fjárhagslegt tjón. „Þarna fór stór hluti þeirra fiska sem nota átti til undaneldis og það er ólíklegt að svo síðla hausts takist okkur að ná í aðra fiska í staðinn."

Atvikið hefur verið tilkynnt til lögreglu en Sigurður gerir sér litlar vonir um að það skili neinu. Hann segir að sá er í hlut eigi hljóti hins vegar að vera staðkunnugur því það séu helst veiðimenn sem viti hvar klakkistur árinnar sé að finna. - shá

KOLBEINSPOLLUR Í FNJÓSKÁ Veiðifélagið ætlaði að rækta fimmtíu þúsund seiði. Hrygnurnar hefðu gefið um helming þess seiðamagns. MYND/VEIÐIFÉLAGIÐ FLÚÐIR

Hætt við eldflaugavarnir:

Árni ánægður með Obama

STJÓRNMÁL **Árni Þór Sigurðsson, formaður utanríkismálanefndar Alþingis, telur að ákvörðun Baracks Obama Bandaríkjaforseta um að hætta við uppsetningu eldflaugavarnakerfis í Póllandi og Tékklandi verði farsæl og bæti samskipti Bandaríkjamanna og Rússa.**

ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON

„Viðfangsefnið hlýtur að vera að efla samstarf og samstöðu í öryggismálum en ekki að búa til nýjar víglínur eins og ég taldi þetta kerfi gera," segir Árni Þór.

Hann kveðst sammála framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins, Anders Fogh Rasmussen, um að öryggi fólks í Evrópu muni aukast með ákvörðun Bandaríkjaforseta. - þþs

Íþróttavörukeðjan JJB:

Tapaði níu milljörðum á árinu

VIÐSKIPTI Íþróttavörukeðjan JJB Sports tapaði 42,9 milljónum punda, tæplega níu milljörðum króna, fyrir skatta á fyrri helmingi ársins. Er þetta þrefalt meira tap en á sama tímabili í fyrra.

Eins og kunnugt er eignaðist Kaupþing tæp 30 prósent í JJB Sports síðastliðinn vetur með veðkalli í sameiginlegum hlut Chris Ronnie og Exista í keðjunni. JJB Sports er svo aftur ásamt Sports Direct í rannsókn hjá efnahagsbrotalögreglunni og samkeppniseftirlitinu fyrir meinta einokun og samráð á íþróttavörumarkaði í Bretlandi.

Höfuðborgarstofa:

Sif Gunnarsdóttir ráðin

STJÓRNSÝSLA **Sif Gunnarsdóttir hefur verið ráðin forstöðumaður Höfuðborgarstofu. Sif hefur gegnt starfi forstöðumanns síðan haustið 2007 er hún var ráðin í það tímabundið en hún starfaði sem verkefnastjóri viðburða frá stofnun Höfuðborgarstofu árið 2002.**

SIF GUNNARSDÓTTIR

Alls 34 sóttu um stöðuna en við mat á umsækjendum var meðal annars litið til stjórnunarreynslu og þekkingu á verkefnastjórnun á þeim sviðum sem einkenna starfsemi Höfuðborgarstofu. Stofan sinnir meðal annars skipulagi og framkvæmd hátíða Reykjavíkurborgar á borð við menningarnótt og rekur Upplýsingamiðstöð ferðamála. - sbt

Fiskikóngurinn

HUMAR 2.000 kr.kg

Glæný Stórlúðusteik 1.790

Glæný Smálúðuflök 1.790

Opið á morgun laugardag 10-14

Sjáumst í banastuði!

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

798

798 KR./KG. NIÐURSAGAÐUR Í POKA

1189

NÝSLÁTRUN HAUST 2009 K.S FERSK LAMBLÆRI AF NÝSLÁTRUÐU
MERKT VERÐ 1398 KR./KG. 15% AFSLÁTTUR **1189 kr./kg.**

SS ÓSOÐIÐ FROSIÐ SLÁTUR
40% AFSLÁTTUR

598

ES BRAUÐBRETTI
2 STK. **598 kr.**

LIFRAPYLSA *MERKT VERÐ 768 KR./KG.* **461 kr./kg.**
BLÓÐMÖR *MERKT VERÐ 698 KR./KG.* **419 kr./kg.**

1298

ES STEIKARPANNA *26 sm* **1298 kr.**

998

ES STEIKARPANNA *22 sm* **998 kr.**

1998

ES STEIKARPANNA *28 sm m/glerloki* **1998 kr.**

1498

ÍSLANDSLAMB FERSKT KRYDDAÐ
LAMBALÆRI AF NÝSLÁTRUÐU **1498 kr./kg.**

198

K.S FROSIN LAMBAHJÖRTU **198 kr./kg.**
- LAMBALIFUR **198 kr./kg.**

145

145 kr. 2 ltr.

159

MYLLU SAMLOKUBRAUÐ
HVÍTT *770g* **159 kr.**

498

ELDHÚSRÚLLUR 6 stk
WC PAPPÍR 18 rúllur **498 kr.**

279

LAYS SNAKK *200g* **279 kr.**
salt & cream and onion.

BONUS BÝÐUR BETUR VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 TIL 19:30.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

BÓNUS HEILL KJÚKLINGUR

MERKT VERÐ: 698 KR.KG. 30% AFSLÁTTUR

20 ára BÓNUS 1989 - 2009

119

BRAZZI ÁVAXTASAFI
APPELSÍNU & EPLA 1 LTR.
119 kr.

489

BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
MERKT VERÐ 698 KR./KG. 30% AFSLÁTTUR **489 kr./kg.**

398

K.F KOFAREYKT SVEITABJÚGU
398 kr./kg.

1198

10 STK. FROSNIR NAUTAHAMBORGARAR
MERKT VERÐ 1498 KR./KG. 20% AFSLÁTTUR
120g **1198 kr.**
4 STK BÓNUS *MJÖG STÓR* **HAMBORGARABRAUÐ 129 kr.**

40% AFSLÁTTUR

HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 2798 KR./KG. 40% AFSLÁTTUR **1679 kr./kg.**

298

K.S FROSIN LAMBASVIÐ
298 kr./kg.

129

35% AFSLÁTTUR

KB FERSKT UNGNAUTAHAKK
MERKT VERÐ 1498 KR./KG. 35% AFSLÁTTUR **974 kr./kg.**

489

KJÖRFUGL FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR
MERKT VERÐ 698 KR./KG. 30% AFSLÁTTUR **489 kr./kg.**

159
159 kr. 2 ltr.

259

E.S HAFRAMJÖL *1500g*
259 kr.

359

E.S MÚSLÍ *1000g*
359 kr.

295

E.S KORNFLEKS *750g*
295 kr.

139

E.S TANNKREM
125 ml **139 kr.**

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 TIL 19:30.

„ORÐRÉTT“

Fækkum vöruflokkum!

„Það sem slær okkur nú er þessar almennu verðhækkanir. Þær eru í öllum vöruflokkum.“

HENNÝ HINZ, HAGFRÆÐINGUR HJÁ ASÍ, UM VERÐHÆKKANIR.

Fréttablaðið 24. september

Raunhæft? Varla

„Vertu hugrakkur, vertu duglegur en umfram allt vertu róttækur.“

SNÆRÓS SINDRADÓTTIR, FORMAÐUR UVG, BRÝNIR SJÁVARÚTVEGSRÁÐHERRA TIL DÁÐA.

Fréttablaðið 24. september

tilveran
nær og fjær

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? ÁSTRÁÐUR EYSTEINSSON, FORSETI HUGVÍSINDASVIÐS HÍ

Matthías Johannessen yrkir af þrótti

„Ég hef annast útgáfu nýrrar ljóðabókar Matthíasar Johannessen sem kemur út hjá Háskólaútgáfunni á næstu dögum og rita í hana eftirmála,“ segir Ástráður Eysteinsson. „Þarna eru fjölmörg ljóð frá síðustu árum, ort af list og þrótti; það verður ekki séð að neitt dragi af Matthíasi með aldrinum, nema síður sé. Sum ljóðin tel ég með þeim bestu sem frá honum hafa komið. Þar fyrir utan er ég að undirbúa fyrirlestur sem ég mun halda á alþjóðlegu safnaþingi í október og pæli því, þegar færi gefst, í söfnum og eðli söfnunar. Síðan hef ég unnið um árabil við annan mann að ritstjórn alfræðirits um íslenskar bókmenntir sem verður mjög umfangsmikið og ítarlegt og kemur vonandi út á næsta ári.“

Þessi verkefni Ástráðar eru þó ekki hans meginstarfi um þessar mundir því hann gegnir stöðu forseta Hugvísindasviðs Háskóla Íslands, sem er full stjórnunarstaða og rúmlega það. „Það er í nógu að snúast, skera þarf niður rekstrarkostnað en taka þó jafnframt á móti sístækkandi nemendahópi. Fjölgað hefur verulega í flestum greinum á Hugvísindasviði og fjöldi nýnema slær öll met. Til dæmis er mikil uppsveifla bæði í sagnfræði og heimspeki án þess að ég hafi skýringar á reiðum höndum. Hugsanlega sækja nemendur í sagnfræðilegar og heimspekilegar skýringar á umheiminum um þessar mundir,“ segir Ástráður kankvís.

FRÓÐLEIKUR

SVISSNESKIR VERÐIR

Öldum saman hefur það tíðkast að lífverðir í Páfagarði séu svissneskir hermenn. Þessa hefð má rekja aftur til fimmtándu aldar, þegar þáverandi páfi gerði samning við Sviss. Svissneskir verðir höfðu þá starfað um hríð við frönsku hirðina, og síðar bættust fleiri Evrópuríki í hópinn, einkum á átjándu öld þegar svissneskir hermenn stóðu vörð meðal annars í Hollandi, Napólí, Saxlandi, Toscana og Prússlandi. Hvergi er þetta fyrirkomulag þó enn við lýði nema í Páfagarði. Verðirnir klæðast litríkum búningum, en inngönguskilyrði eru að þeir séu einhleypir kaþólskir karlmenn sem hlotið hafa grunnþjálfun í svissneska hernum.

SJÓNARHÓLL

SKULDAVANDI HEIMILANNA

ÓLAFUR JÓNSSON ARKITEKT

Úrkynjuð stjórnsýsla

„Stjórnvöld virðast eiga erfitt í þessu máli, eins og raunar stjórnsýslan öll yfir höfuð. Það er eins og hana vanti verkfærin, og sé ekki einu sinni viss um hvaða verkfæri á að nota. Svona stjórnsýsla er náttúrlega bara úrkynjuð og ónýt,“ segir Ólafur Jónsson arkitekt.

Ólafur telur að fyrsta skrefið í átt að lausnum sé að einfalda stjórnsýsluna til muna. „Það er allt of mikið af ríkisstarfsfólki sem vinnur hvert ofan í annað. Best væri auðvitað að fá bara eina góða byltingu.“

Ólafur segist viss um að hlutirnir lagist að lokum. „Það er eflaust verið að gera margt gott. En það er greinilegt að þarna eru risaeðlur sem gera ekkert gagn, samanber landsbankastjóra og Ara vin hans,“ segir Ólafur Jónsson.

Hefur heimsótt Ísland 41 sinni

Catherine Ulrich hafði dreymt um að heimsækja Ísland frá barnsaldri. Nú hefur hún sótt landið heim 41 sinni á sautján árum. Hún vinnur að heimildarmynd um íslenska list.

ÍSLANDSVINUR Catherine segist vinna tólf til fjórtán klukkustundir á dag að málefnum félagsins Alsace-Islande. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Pabbi minn var mikill náttúruunnandi og fræddi mig mikið þegar ég var að alast upp. Það hafði því lengi verið draumur minn að koma til Íslands, og ég varð ástfangin af landinu strax í fyrstu heimsókninni,“ segir Catherine Ulrich, tónlistarkennari og Íslandsvinur frá Strassborg í Frakklandi. Catherine hefur heimsótt Íslands 41 sinni síðan 1992. Hún hefur jafnframt skipulagt hópferðir hingað til lands, haldið fyrirlestra og staðið fyrir viðburðum tengdum íslenskri menningu í Frakklandi.

Catherine var helsti hvatamaðurinn að stofnun félagsins Alsace-Islande árið 2004. Markmið félagsins er að stuðla að auknum samskiptum Frakka og Íslendinga, meðal annars í gegnum list- og matargerðartengda viðburði. Í dag eru meðlimirnir 115 talsins, 90 Frakkar og 25 Íslendingar.

Þessa dagana vinnur Catherine að tveimur sýningum í Strassborg þar sem Íslandskynning mun leika stórt hlutverk. Fyrri sýningin verður sett upp í júlí á næsta ári og viðfangsefni hennar er matur og menning í Evrópu. Sú síðari fer fram í október 2010 og þar verður íslensk mynd-, leir- og glerlist kynnt.

„Það er hreint ótrúlega mikið til af frambærilegri list á Íslandi. Þar tel ég matargerðarfólk með, því það er list að búa til góðan mat,“ segir Catherine.

Auk þess er vinna vel komin á veg við fimmtíu mínútna langa heimildarmynd um íslenska list, sem Catherine gerir ásamt kvikmyndagerðarfólkinu Ragnhildi Ásvaldsdóttur og Arnari Þórissyni. Meðal þeirra listamanna sem koma fram í myndinni eru Rafn Hafnfjörð ljósmyndari, Jónas Bragi Jónasson glerlistamaður, Anna Sigríður Sigurjónsdóttir myndhöggvari og Sigrún Hjálmtýsdóttir (Diddú) söngkona.

Catherine vonast til að geta selt sýningarréttinn að myndinni til sjónvarpsstöðvarinnar ARTE, sem næst víða í Evrópu.

Hún vonast einnig til að íslenskar sjónvarpsstöðvar sýni myndinni áhuga.

Catherine segist þjást af heimþrá til Íslands hverja stund sem hún dvelur ekki hér. Hún talar prýðilega íslensku, enda æfir hún sig á hverjum degi. „Ég hringi í vini mína á Íslandi á hverjum degi og tala lengi. Eins held ég íslenskunni við með því að skrifa, meðal annars ljóð sem fjalla oftar en ekki um fegurð lands og þjóðar,“ segir Catherine Ulrich.

kjartan@frettabladid.is

ÞÓRHILDUR BIRGISDÓTTIR Framkvæmdastjóri athafnavikunnar vonast til góðrar þátttöku Íslendinga. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Heimasíða alþjóðlegrar athafnaviku opnuð:

Vilja snúa vonleysi í athafnasemi

„Við vonumst til að dagskrá vikunnar verði fjölbreytt og skemmtileg og höfði til sem flestra,“ segir Þórhildur Birgisdóttir, framkvæmdastjóri alþjóðlegrar athafnaviku, sem haldin verður víða um heim og einnig á Íslandi vikuna 16. til 22. nóvember næstkomandi.

„Athafnavikan er alþjóðlegur viðburður sem fer fram í 103 löndum. Tilgangur vikunnar er meðal annars að minna á gildi athafnasemi fyrir samfélagið. Við viljum ná til allrar þjóðarinnar og vonumst til þess að það verði hugarfarsbreyting á landinu, að vonleysi verði snúið í hugrekki og athafnasemi.“ Þórhildur segir að allir geti tekið þátt í athafnavikunni; stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki, hópar og einstaklingar. „Krakkar og unglingar geta haldið viðburði, fyrirtæki geta haldið opið hús, möguleikarnir eru ótalmargir.“ - sbt

ATHAFNAVIKAN

Athafnavikan verður haldin 16. til 22. nóvember í 103 löndum. Markmið hennar er að vekja fólk til umhugsunar um gildi nýsköpunar og athafnasemi. Áherslan er lögð á frumkvöðlastarfsemi, hvort sem er á sviði nýsköpunar eða í almennum rekstri. Aðstandendur vonast eftir víðtækri þátttöku Íslendinga. Nánari upplýsingar eru að finna á heimasíðunni www.athafnavika.is.

// SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR // ÆVISÖGUR // BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR // LJÓÐABÆKUR // ÆVINTÝRABÆKUR // FRÆÐIBÆKUR // HANDBÆKUR // FERÐABÆKUR // RÓMANTÍSKAR BÆKUR // UNGLINGABÆKUR // SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR //

VERÐHRUN!

RISA

LAGER SALA

FORLAGANNA

BORGARTÚNI 29

OPIÐ ALLA DAGA FRÁ **KL. 11-19**

Komdu og sparaðu!

NÝIR TITLAR DAGLEGA!

ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR

GLÆSILEGAR JÓLAGJAFIR - ALLT Á EINUM STAÐ

AÐEINS UM HELGINA!
(Meðan birgðir endast!)

10,-



~~5.490,-~~ 990,-



~~1.780,~~ 990,-

~~1.980,-~~ 990,-

~~3.490,-~~ 2.290,-

~~14.990,-~~ 7.490,-

~~3.990,-~~ 2.990,-

~~2.390,-~~ 490,-



~~6.690,-~~ 2.490,-

~~3.790,-~~ 2.500,-

GJÖF!
EF VERSLAÐ ER FYRIR MEIRA EN 5.000,-
(Meðan birgðir endast!)

UPPHEIMAR · sögur útgáfa · Veröld · Salka · heimur · SKRUDDA · opna · BÓKAÚTGÁFAN HÓLAR · BJARTUR

skoðun

greinar@frettabladid.is

Ríkisstjórnin getur ekki lokað sig af.

Að tala við þjóðina

MARGRÉT KRISTMANNSDÓTTIR SKRIFAR

Atvinnurekendur vita að á tímum mikilla breytinga er gríðarlega mikilvægt að halda vel utan um starfsfólk sitt. Sameiningar fyrirtækja sem líta vel út á pappírnum geta oft mistekist vegna þess eins að stjórnendur gæta ekki að mannlega þættinum. Á breytinga- og umbrotatímum er nauðsynlegt að halda starfsfólki vel upplýstu, draga úr óvissu eins og kostur er og tryggja þannig stuðning við fyrirhugaðar breytingar. Án stuðnings starfsfólks eru meiri líkur en minni að illa fari – að breytingar nái ekki þeim árangri sem stefnt er að.

Þetta er gryfja sem ríkisstjórnin er óðfluga að falla í. Hún vinnur og vinnur að lausn vandamála, en gleymir að tala við „starfsfólk" sitt – íslensku þjóðina. Vandamálin vegna fjármála- og gjaldeyriskreppunnar eru mörg og flest afar flókin og má segja að engin þjóð hafi staðið frammi fyrir vanda af þessu tagi. Engum dylst því að ríkisstjórnin er undir gríðarlegu vinnuálagi og hefur verið svo mánuðum skiptir.

Tímaskortur og vinnuálag geta aldrei verið afsökun fyrir að vanrækja sitt fólk.

Þetta skynjar þjóðin og skilur að vandinn er ekki auðleystur. Hún skynjar líka að til að komast í gegnum erfiðleikana þarf ríkisstjórnin að taka margar óvinsælar ákvarðanir – lækka laun, hækka skatta og skerða þjónustu. Þetta eru langflestir tilbúnir að leggja á sig svo lengi sem sanngirnis og jafnræðis er gætt. Hlutirnir hafa hins vegar gengið of hægt og tekið of langan tíma og á meðan hafa fyrirtæki og heimili beðið milli vonar og ótta. Og það eru einmitt þessar kringumstæður – bið í óvissu og öryggisleysi vikum og mánuðum saman – sem fara verst með þjóðina. Flestir landsmenn fá það á tilfinninguna að ekkert sé verið að gera – að enginn beri hag þeirra fyrir brjósti. Afleiðingin verður sú að margir missa móðinn – gefast hreinlega upp.

Við þessar aðstæður er hrópað eftir leiðtoga og leiðsögn. Landsmenn vilja fá vissu fyrir því að verið sé að vinna í þeirra málum, leysa þeirra vandamál – að einhver hafi stjórn á atburðarásinni. Þessu verður ríkisstjórnin að átta sig á. Ef hún ætlar að leiða þjóðina í gegnum þessa erfiðleika og fylkja sem flestum á bak við sig verður hún að vera í nánu sambandi við þjóðina – sannfæra hana um að hún ráði við ástandið.

Tímaskortur og vinnuálag geta aldrei verið afsökun fyrir að vanrækja sitt fólk. Landsmenn hungrar í upplýsingar þannig að þeir geti áttað sig á stöðunni – gert áætlanir um hvernig þeir geti best unnið sig upp úr núverandi ástandi. Ef hlutirnir taka lengri tíma en ráð var fyrir gert þá verður ríkisstjórnin að útskýra það fyrir þjóðinni – að setja ný tímamörk þannig að þjóðin fá nýjan viðmiðunarpunkt. Ríkisstjórnin getur ekki lokað sig af á meðan málin eru í vinnslu og skilið alla í lausu lofti á meðan. Við þessar aðstæður þarf ríkisstjórnin að vera beintengd við þjóðina – atvinnulífið og heimilin sætta sig aldrei við annað.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald
RITSTJÓRI: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Á kafi í Evrópusambandinu

Á forsíðu Bændablaðsins, sem kom út í gær, má lesa athyglisverða frétt undir fyrirsögninni „Hvað liggur á?" Fréttin hefst á þessum orðum: „Þegar hringt er í íslensku stjórnsýsluna þessa dagana er yfirleitt sama svarið gefið alls staðar: Nei, ég hef ekkert getað sinnt þessu, ég er á kafi í spurningalistanum frá Evrópusambandinu." Ætli þetta hvimleiða vandamál sé einskorðað við ritstjórn Bændablaðsins?

Pólitískur uppsláttur?

Alkunn er andstaða Bændasamtakanna, útgefanda Bændablaðsins, við aðild Íslendinga að Evrópusambandinu. Getur verið að sú pólitíska afstaða hafi ráðið meiru um uppslátt þessarar fullyrðingar heldur en heiðarlegt fréttamat?

Misskilinn maður

Forseti Íslands er misskilinn maður. Fyrst misskildu viðstaddir, og í kjölfarið fjölmiðlar, ummæli hans í matarboði norrænna sendiherra á þann veg að hann hefði boðið Rússa velkomna til allra verka á Íslandi, í kjölfar þess að enginn annar vildi vera vinur okkar. Í raun og veru sagði hann eitthvað allt annað. Næst misskildu viðstaddir, og auðvitað fjölmiðlar líka, orð hans í viðtali við þýskan blaðamann á þann veg að hann teldi þýska sparifjáreigendur Kaupþings þar ytra ekki myndu fá innistæður sínar greiddar. Því fór vitaskuld fjarri að hann hefði sagt eitthvað á þá leið. Nú síðast misskildu menn það sem hann sagði í sjónvarpsviðtali við Bloomberg fréttastofuna á þá leið að hann teldi íslensku bankana hafa farið að reglum í aðdraganda hrunsins. Þar var orðum hans hins vegar auðvitað algjörlega snúið á haus, þau slitin úr samhengi og mistúlkuð eins og hægt var. Það hlýtur að vera erfitt að vera svona misskilinn.

stigur@frettabladid.is

Úr vörn í sókn!

Aldrei á minni lífsfæddri ævi hefur mér fundist Ísland eiga jafnbágt og núna. Sundrung ríkir og óvissa og kvíði nagar þjóðarsálina.

Verðbólgan fer hamförum. Kaldhömruð verðtrygging þjakar okkur eins og martröð. Við höfum enga framtíðarsýn nema hvað við ætlum að borga Bretum og Hollendingum morð fjár fyrir Icesave-hryllinginn fram til ársins 2024 og jafnvel lengur. Og við ætlum möglunarlaust að kyngja hryðjuverkalögunum sem stjórn Gordons Brown fannst við hæfi að setja á okkur heittelskuð Natósystkini sín.

Í staðinn fyrir að dansa hugsunarlaust kringum gullkálfinn hafa ráðvilltir stjórnmálamenn breytt um takt og skuldbundið okkur til að dansa eftir pípu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um ófyrirsjáanlega framtíð. Sá vangadans getur orðið okkur dýrkeyptari áður en lýkur heldur en vímudansinn kringum gullkálfinn.

Enn þá halda menn dauðahaldi í dýrustu tískubólu nútímans: Blinda trú á hagfræðinga, lagatækna og sérfræðinga. Í ofsaskelfingu hafa jafnvel þeir sem áttu enga sök á hruninu gripið til þess ráðs að hætta að treysta heilbrigðri skynsemi og trúa á hagfræðinga í staðinn.

Hallelújasöfnuður frjálshyggjunnar

Allra síst er nokkur glóra í að trúa að sá hallelújasöfnuður frjálshyggjunnar sem kallar sig Alþjóðagjaldeyrissjóðinn muni bjarga okkur frá okkur sjálfum. Þetta bandaríska einkafyrirtæki er ekki góðgerðarstofnun eins og dæmin sanna og staða okkar gagnvart honum er staða lambsins gegn sauðfjárbónda. Eftir réttir.

Við ringulreið og ráðleysi bætist svo að það eina sem landsforeldrarnir Jóhanna og Steingrímur lofa er að niðurskurðarhnífnum verði beitt ótt og títt á næstunni og við skorin út úr vandræðunum af mikilli fimi með því að skera niður það sem við eigum verðmætast og gerir samfélag okkar eftirsóknarvert svo sem heilbrigðis- og menntakerfi.

ÞRÁINN BERTELSSON
Í DAG | Ísland og framtíðin

Okkur er í stuttu máli boðið upp á undirlægjuhátt við Breta og Hollendinga, þjónkun við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, niðurskurð á innviðum þjóðfélagsins, áframhaldandi verðtryggingu og blinda trú á að hagfræðingar muni bjarga okkur með trúarhitasínum og súrrealískum spádómum.

Og höfundur vitlausustu peningamálastefnu allra tíma hefur verið gerður að seðlabankastjóra.

Auglýst eftir framtíðarsýn og samfélagssáttmála

Við erum á villigötum. Rammvillt og stefnum í vitlausa átt. Til að ráða bót á sundrungunni, óvissunni og kvíðanum vantar okkur samstöðu um skýr markmið.

Okkur vantar samfélagssáttmála þar sem við heitum hvert öðru jöfnuði og réttlæti, veikum skjóli og aðhlynningu, börnum okkur öryggi og góðri menntun og hinum eldri áhyggjulausri elli og góðum aðbúnaði.

Óljós draumur um norrænt velferðarsamfélag einhvern tímann og einhvern veginn er ekki samfélagssáttmáli og í besta falli óljós framtíðarsýn.

Við segjumst vera sjálfstæð þjóð. Af hverju liggjum við þá á hnjánum fyrir Bretum og Hollendingum? Af hverju liggjum við þá á fjórum fótum fyrir Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem nú þegar hefur sýnt okkur þvílíkan dónaskap að starfsmenn hans ættu að hafa verið gerðir landrækir allir með tölu?

Af hverju hugsum við bara um að bjarga bönkum og fjármálastofnunum úr rústunum eftir hrunið? Hvar er skjaldborgin um heimilin? Hvar er skilningurinn á því að undirstöðueining þjóðfélagsins er manneskja en ekki fyrirtæki? Karl eða kona. Ekki krónupeningur.

Stöndum í lappirnar!

Hvernig væri að reyna að standa í lappirnar? Treysta á okkur sjálf en ekki að jólasveinar komi okkur til bjargar með fangið fullt af gjöfum á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eða Evrópusambandsins?

Hvernig væri að standa saman og sýna sjálfum okkur og umheiminum að við erum sjálfstæð þjóð í frjálsu landi? Standa saman um að byggja upp nýtt og betra íslenskt þjóðfélag en það sem frjálshyggjufíflin lögðu í rúst?

Hvernig væri að snúa vörn í sókn; sjálfsvorkunn í sjálfstraust, sundrungu í samstöðu, kvíða í tilhlökkun?

Hvernig væri að hirða landið okkar aftur úr höndum erlendra stofnana og innlendra skilanefnda og fela það aftur í hendur heilbrigðri skynsemi?

Hvernig væri að við hættum að hegða okkur eins og hagfræðilega heilaþvegin hænsnahjörð og færum aftur að hegða okkur eins og vitiborin þjóð?

Helst áður en Sjálfstæðisflokkurinn fer yfir 50% í skoðanakönnunum til að setja þjóðina á hausinn. Aftur.

Höfundur er alþingismaður.

Af góðum landmæðrum og -feðrum

UMRÆÐAN
Örlygur Hnefill Jónsson skrifar um álver

Þingeyingar hafa nú um nokkurra ára skeið unnið að atvinnuuppbyggingu í samvinnu við Alcoa og stjórnvöld. Hófst þessi vinna í tíð meirihluta vinstrimanna í Húsavíkurlistanum sem voru við völd í bæjarstjórn Húsavíkur frá 1998 til 2006.

ÖRLYGUR HNEFILL JÓNSSON

Verkefni þetta getur gefið af sér yfir 1.000 ný störf, sem mikil þörf er fyrir á þeim erfiðleikatímum sem nú eru. Verkefni þetta mun styrkja byggð í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum og snúa þannig við þeirri fólksfækkun sem orðið hefur á undanförnum árum. Þá skiptir það miklu fyrir allar fjölskyldur þessa lands að aflað sé gjaldeyristekna til að taka af þau miklu og vondu högg sem þegnarnir hafa orðið fyrir. Það verður gert með því að nýta þær miklu orkuauðlindir Þingeyjarsýslu sem varlega áætlað eru yfir 600 MW, samkvæmt svari þáverandi iðnaðarráðherra við fyrirspurn minni á Alþingi 2004.

Þannig fær þjóðin gjaldeyri og tekjur sem nýtast til að verja heilbrigðis-, velferðar- og menntakerfi landsins. Þannig fær þjóðin gjaldeyri og tekjur til þess að snúa við fólksflótta úr landinu. Þannig fær þjóðin dýrmætan gjaldeyri og tekjur til að styrkja krónuna og vinda ofan af þeim rangindum sem fjölskyldur hafa þurft að líða með gengistryggð lán og verðtryggð til frumþarfa eins og húsnæðiskaupa. Þannig er hægt að endurreisa bygginga-, verkfræði- og tækniiðnað í landinu með nýjum verkefnum. Þannig fá atvinnulausar fjölskyldur í höfuðborginni og á landsbyggðinni vinnu og tekjur til framfærslu barna og buru. Þannig fær þjóðin vopn til að snúa vörn í sókn á því augnabliki þegar engan tíma má missa. Þess vegna treystum við velferðarstjórn Jóhönnu og Steingríms til góðra verka í þágu þjóðar.

Höfundur er formaður Skógræktarfélags Reykhverfinga og varaþingmaður Samfylkingarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

LOKA ÚTKALL

lagersala í Skútuvogi lýkur um helgina!

Við berjum niður **verðið!**

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

RISA

TAX FREE DAGAR

ALLUR fat

*Mesta vörúrval!**

ALLUR FATNAÐUR!

Þú færð allan dömu-, herra- og barnafatnað, undirföt, sokka og sokkabuxur án virðisaukaskatts þessa fjóra daga.

ALLIR SKÓR!

Skóaðu þig upp! Skór á alla fjölskylduna án virðisaukaskatts 24.-27. september.

* Samkvæmt markaðsrannsókn Gallup júní 2009

24 Hagkaup

OPIÐ

ALLAN sólarhringinn

Skeifan & Garðabær

naður, skór og snyrtivara

MESTA úrvalið á betra verði!*

fimmtudag, föstudag, laugardag og sunnudag

ALLAR SNYRTIVÖRUR!

*Mesta úrvalið af snyrtivörum!**

TAX FREE DAGAR

FRÍHAFNARDAGAR

24.-27. september afnemum við virðisaukaskatt af ÖLLUM SNYRTIVÖRUM, FATNAÐI OG SKÓM.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 27. september 2009.

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

Nýttu kraftinn!

UMRÆÐAN
María Björk Óskarsdóttir skrifar um atvinnuleysi

Það er sérstakt til þess að hugsa að nú sé að verða heilt ár síðan tilvera okkar Íslendinga fór hreinlega á hvolf í einu vetfangi. Það er einhvern veginn svo langt síðan en samt svo stutt, það hefur svo margt gerst en samt ekki neitt. Við erum enn stödd í óvissuskýi.

Eins og þúsundir annarra upplifði ég mína fyrstu uppsögn þegar starf mitt í Landsbankanum var lagt niður en bankahrunið varð til þess að verkefni sem ég stýrði hætti nær sjálfkrafa. Óvissan um framtíðina varð eðlilega mikil og vangavelturnar óteljandi. Ég ákvað þó fljótt með sjálfri mér að ég ætlaði að berjast, ég ætlaði áfram en ekki aftur á bak enda jákvæð og kraftmikil að eðlisfari.

Óvænt símtal með hvatningarorðum til mín frá Sigríði Snævarr sendiherra í byrjun nóvember leiddi til þess að við tókum höndum saman. Í sameiningu mótuðum við, stofnuðum og starfrækjum nú Nýttu kraftinn sem snýst um hvatningu og stuðning við atvinnulausa. Við þróun hugmyndafræðinnar nutum við góðra ábendinga frá fjölda sérfræðinga.

MARÍA BJÖRK ÓSKARSDÓTTIR

samkeppnishæfari í atvinnuleitinni. Verkfærakista Nýttu kraftinn er full af ýmsum tækjum og tólum sem hjálpa þátttakendum að opna augun fyrir nýjum áherslum og tækifærum í atvinnuleitinni. Þátttakendur í Nýttu kraftinn nálgast því aðstæður sínar á allt annan hátt en það áður gerði. Það verður almennt mjög öflugt í atvinnuleitinni og einstaklega virkt í samfélaginu, svo jákvætt og athafnasamt að eftir því er tekið.

Það að fullfrísku og hæfileikaríku fólki hafi verið ýtt út af vinnumarkaðnum án þess að það hafi brotið af sér í starfi eða hæfni skort er ein versta afleiðing efnahagshrunsins. Það er forgangsmál að þessar aðstæður verði ekki til langframa og skapi óþarfa dýpri vandamál fyrir þjóðfélagið.

Forgangsmál að eyða atvinnuleysi
Markmið Nýttu kraftinn hefur frá upphafi verið að leggja baráttunni gegn atvinnuleysi lið. Það að fullfrísku og hæfileikaríku fólki hafi verið ýtt út af vinnumarkaðnum án þess að það hafi brotið af sér í starfi eða hæfni skort er ein versta afleiðing efnahagshrunsins. Það er forgangsmál að þessar aðstæður verði ekki til langframa og skapi óþarfa dýpri vandamál fyrir þjóðfélagið. Því fyrr sem þeir einstaklingar sem nú bíða tilbúnir á hliðarlínu vinnumarkaðarins komast inn á völlinn aftur, því fyrr geta þeir lagt hönd á plóginn í endurreisn samfélagsins.

Nýttu kraftinn er þriggja mánaða ferli þar sem rauði þráðurinn er að ganga til hvers dags sem vinnudagur væri. Þátttakendur eru hvattir til að nýta tíma sinn og kraft á jákvæðan og uppbyggilegan hátt – gera sig þannig

Árangur í Nýttu kraftinn
Stolt get ég sagt frá því að 135 einstaklingar hafa nú tekið þátt í Nýttu kraftinn frá því að fyrsti hópurinn fór af stað í febrúar síðastliðnum. Þetta þýðir enn fremur að 135 einstaklingar í atvinnulífinu frá um 90 fyrirtækjum og stofnunum hafa lagt okkur lið meðal annars sem mentorar en hver þátttakandi í Nýttu kraftinn er paraður við einstakling sem er virkur í atvinnulífinu. Hlutverk mentors er að hitta skjólstæðing sinn á klukkutíma fundi aðra hverja viku meðal annars til að hvetja viðkomandi áfram, ráðleggja og beita aga. Að auki hafa um 40 einstaklingar úr atvinnulífinu komið með innlegg eða setið sem áheyrnar- eða stuðningsfulltrúar á fundum hópanna og fjöldi fyrirtækja- og menningarstofnana hafa opnað hús sín fyrir Nýttu kraftinn. Við erum afar þakklátar fyrir velvildina og hversu margir eru tilbúnir að gefa af sér í stuðningi og hvatningu við þá sem eru tímabundið utan vinnumarkaðar.

Það er afar ánægjulegt að segja frá árangri þátttakenda í Nýttu kraftinn í atvinnuleitinni. Samantekt sýnir að a.m.k. 75% þeirra (fleiri í fyrstu hópunum) eru komnir í nýtt starf eða hafa markað sér skýr framtíðaráform þegar líður á ferlið. Störfin eru ýmist til framtíðar eða tímabundin auk þess sem fólk er duglegt að láta drauma sína rætast með því að fara í nám eða hrinda í framkvæmd sinni eigin hugmynd.

Þörfin er enn brýn og því heldur Nýttu kraftinn áfram að hvetja og styðja atvinnulausa í vetur. Starfsemi þessa litla fyrirtækis, sem hefur það að markmiði að verða lagt niður eins fljótt og kostur er, mun þó ekki ganga nema með áframhaldandi þátttöku svo fjölmargra. Hér koma því nokkur hvatningarorð í þágu atvinnuleitenda.

- Ég hvet stjórnvöld og viðeigandi stofnanir að tryggja það að einstaklingsframtak í baráttu gegn atvinnuleysi fái viðeigandi stuðning svo úthaldið bresti ekki.
- Ég hvet stéttarfélög að halda áfram góðum stuðningi við atvinnulausa félagsmenn ykkar – þið eruð vin í eyðimörkinni.
- Ég hvet atvinnulífið að halda dyrum sínum opnum og um leið starfsfólkið að taka aftur að sér hlutverk mentors. Fleiri mentorar og fyrirtæki eru vel þegin.
- Ég hvet fjölmiðla að vera vakandi fyrir og miðla miklu fleiri jákvæðum fréttum af kraftmiklu fólki og atvinnuskapandi verkefnum sem blása öðrum byr í seglin.
- Ég hvet atvinnuleitendur að nýta kraftinn sem býr innra með ykkur nú ekki síður en í ykkar fyrri störfum. Með því að nýta tímann á meðan þið eruð utanvallar á jákvæðan, markvissan og uppbyggilegan hátt munu tækifærin birtast eitt af öðru og það fyrr en síðar.

Látum ráðaleysið ekki verða alls ráðandi heldur nýtum kraftinn – þannig komumst við á beinu brautina og náum fyrr árangri.

Höfundur er viðskiptafræðingur og annar eigandi Nýttu kraftinn ehf.
www.nyttukraftinn.is

Mannauðsáætlun Evrópusambandsins
Þjálfunarnet

Kynningarfundur á vegum Rannís mánudaginn 28. september
Endurmenntun HÍ, Dunhaga 7, 10:00-12:00

Markmið þjálfunarneta er að efla samstarf evrópskra háskóla, stofnana og atvinnulífs á fyrstu stigum rannsóknaþjálfunar, t.a.m. við doktorsmenntun.

Dagskrá
Þjálfunarnet í mannauðsáætluninni
Dr. Kaisa Hellevuo, *REA*
Hagnýtar upplýsingar fyrir umsækjendur
Dr. Kaisa Hellevuo, *REA*
Reynslusaga þátttakanda
Dr. Sigurður Gíslason, *Háskóla Íslands*
Aðstoð við umsækjendur
Þorsteinn Brynjar Björnsson, *Rannís*

Vinsamlegast skráið þátttöku fyrir lok dags föstudaginn 25. sept. á rannis@rannis.is.
Boðið verður upp á stutt viðtöl með Dr. Kaisa Hellevuo að fundi loknum.
Áhugasamir geta pantað tíma hjá Rannís
í síma 515 5800 eða á rannis@rannis.is.

PEOPLE
rannís
Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

Hafta-aðallinn

UMRÆÐAN
Ársæll Valfells og Heiðar Már Guðjónsson skrifa um gjaldeyrishöft

ÁRSÆLL VALFELLS

HEIÐAR MÁR GUÐJÓNSSON

Enginn skilningur er jafn slæmur og misskilningur. Misskilningurinn með íslensku krónuna og sérkennileg umræða um hana er sláandi. Nóbelsverðlaunahafinn Joseph Stiglitz kemur fram og segir að krónan muni hjálpa okkur Íslendingum úr þeim ógöngum sem við erum í. Andstæðingar ESB hafa meira að segja reynt að halda því fram að ástandið á Írlandi sé verra en á Íslandi því þeir geti ekki fellt gengi sitt vegna þess að þeir hafa evru. Því muni atvinnuleysi aukast hraðar á Írlandi og almenn hagsæld versna meira en á Íslandi.

Hverjir græða á höftunum?
Afleiðingar hafta á fjármagnshreyfingar til og frá Íslandi eru margar. Fyrsta afleiðingin er sú að aðilar sem eru séðari, eða betur tengdir í haftakerfinu, sjá sér leik á borði og spila á höftin. Því eru núna þeir Íslendingar til sem þykjast vera að kaupa sér húsnæði eða bíl erlendis og fá til þess afgreiddan gjaldeyri á opinberu haftagengi Seðlabanka Íslands. Kaupin ganga síðan aldrei formlega í gegn heldur er gjaldeyririnn tekinn og seldur aftur á svörtum markaði, hinum óopinbera markaði utan Íslands, og þar fæst 20% hærra verð fyrir gjaldeyrinn. Með þessu missir Seðlabankinn evrur út úr forða sínum, sem séðir aðilar taka, og selja hærra verði erlendis, hirða muninn og græða á höftunum.

En það eru aðrar afleiðingar

Saga krónunar er ein samfelld sorgarsaga. Til eru menn sem segja að við þessar eða hinar aðstæður virki krónan vel. Það er sama hvaða 5 ára tímabil í sögu hennar menn velja, sú fullyrðing stenst hvergi.

sem eru miklum mun alvarlegri en sú að gjaldeyrisforði Seðlabankans tæmist í vasa spákaupmanna. Með höftunum lamast allt fjármálakerfi landsins. Aðgangur að lánsfjármagni verður enginn og það fjármagn sem sárlega vantar til endurreisnar íslensks efnahags berst ekki. Ísland breytist því í lokað hagkerfi, líkt og miðstýrð hagkerfi Evrópu voru fyrir áratugum, þar sem lánafyrirgreiðsla og aðgangur að fjármagni ræðst ekki á markaði af framboði og eftirspurn, heldur samböndum og fyrirgreiðslu þeirra sem stjórna í haftakerfinu.

Íslenska krónan
Saga krónunnar er ein samfelld sorgarsaga. Til eru menn sem segja að við þessar eða hinar aðstæður virkar krónan vel. Það er sama hvaða fimm ára tímabil í sögu hennar menn velja, sú fullyrðing stenst hvergi. Allt frá því að verðtrygging var tekin upp fyrir þrjátíu árum, varð til ný mynt, verðtryggð króna, sem lánveitendur treystu sér til að lána í. Óverðtryggða krónan var þar með nánast sett til hliðar í fjármálakerfinu. Þegar gjaldeyrishöftum var aflétt eftir inngöngu í EES varð aðgangur að erlendum lánum óhindraður, og verðtryggða krónan, sem sökum fylgni verðbólgu við erlent verðlag er ígildi erlendrar myntar frekar en íslenskrar krónu, minnkar að vægi í lánakerfinu.

Erlendir sérfræðingar, sem hafa talið að krónan muni gera það að verkum að íslenskt efnahagslíf rétti fyrr úr kútnum en erlent, hafa ekki kynnt sér þessa skuldasögu landsins. Nær allar skuldir landsins eru í erlendri mynt eða verðtryggðri krónu, sem sveiflast eins og erlend mynt. Ef allar skuldir landsins væru í óverðtryggðri krónu væri röksemdafærsla þeirra gild. Gengisfelling bætir vissulega útflutningsskilyrði landsins en gerir því miður íslenskt atvinnulíf gjaldþrota á sama tíma. Það er smáatriði sem virðist hafa gleymst.

Svo eru aðrir sem hamra á því að krónan sé of veik og þurfi bara að styrkjast. Það er bara til ein skjótvirk leið til þess og það er einhliða upptaka nýrrar myntar, en sú lausn hefur ekki átt upp á pallborðið hjá stjórnmálamönnum sem eru núna að taka yfir atvinnulífið. Hlutfall hins opinbera af þjóðarframleiðslu er talið verða tæplega 55% á þessu ári af fjármálaráðuneytinu. Búið er að stofna Bankasýslu ríkisins og Gjaldeyriseftirlitið, sem bera ískyggileg nöfn í eyrum þeirra sem muna eftir haftaárunum.

Það er líklegra að krónan hækki ekkert á meðan fjármagnshöftin eru við lýði, heldur verði aðlögun að alþjóðlegu verðlagi í gegnum hærri verðbólgu á íslandi en annars staðar. Þannig myndi krónan halda verðgildi sínu gagnvart evru, í kringum 200 krónur, en verðbólgan myndi svo vera margföld það sem gerist alþjóðlega. Það væri ömurleg þróun miðað við það sem á undan er sagt varðandi skuldastöðu landsins.

Samanburður við evrulönd
Í öllum samanburði verður að vera samnefnari, það dugar ekki að bera saman epli og appelsínur. Þegar breyting á þjóðarframleiðslu Íslendinga, sem styðst við íslensku krónuna, er borin saman við breytingar í þjóðarframleiðslu evrulanda þarf að notast við sömu myntina. Þjóðarframleiðsla Íslands hefur hrunið um 55%, mælt í evrum, frá árinu 2007, þó að breytingin í krónum mælist innan við 10%, skuldirnar eru hins vegar óbreyttar og hafa ekki fallið heldur tvöfaldast, hlutfallslega. Þjóðarframleiðsla Íra hefur á sama tíma minnkað um 10%, mælt í þeirra eigin mynt, evrum, en skuldirnar eru óbreyttar. Íslendingar hafa því orðið margfalt verr úti en þær þjóðir sem veikast standa af þeim sem byggja hagkerfi sitt á alþjóðlegri mynt.

Aðgangur að fjármagni
Ekkert nútímahagkerfi getur starfað á hagkvæman hátt í miðstýringu. Ísland þarf að hafa aðgang að fjármagnsmarkaði. Einfaldasta leiðin til þess er að færa landið inn á alþjóðlegt gjaldmiðilssvæði með upptöku nýrrar myntar. Við það yrðu fjármagnshreyfingar frjálsar á ný, vaxtakostnaður myndi lækka gríðarlega, verðbólga hjaðna og hagvöxtur taka strax við sér. Við það yrði Ísland einnig laust við þá hættu sem nú steðjar að hagkerfinu – að til verði nýr aðall á Íslandi – hafta-aðallinn.

Höfundar eru hagfræðingar.

ORMSSON Smáralind

Sími 5302900

BREYTT OG BÆTT · 5 VERSLANIR

Ný gjafavöruverslun í ORMSSON



VILLAGE Gullfalleg vara frá Svíþjóð

www.village.se

AEG vörurnar og hin vörumerkin hjá ORMSSON í eldhúsið og þvottahúsið

Tefal · brabantia · Emile Henry · Solis · ZWILLING · OBH NORDICA

AEG FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

AEG ÞVOTTAVÉL

- Tekur 6 kg af þvotti.
- Öll hugsanleg þvottakerfi ásamt sérstöku sparnaðarkerfi.
- Tímaskjár sem sýnir framvindu þvottakerfa og eftirstöðvar þvottatíma.
- Þvottahæfni: A
- Þeytivinduafköst: B
- Orkuflokkur: A+
- 1200 snúningar /mín.

LISTAVERÐ: 124.900,-

HELGARTILBOÐ: 99.900,-

AEG RYKSUGUR – **20% AFSLÁTTUR**

SETTU ÞAÐ SAMAN HTH

20% afsláttur af öllum HTH innréttingum!

VANDAÐAR INNRÉTTINGAR Í:

- ELDHÚS
- BAÐHERBERGI
- SVEFNHERBERGI
- ÞVOTTAHÚS

Gullið tækifæri að endurnýja!
20% afsláttur

home art

ALLT TIL AÐ FEGRA HEIMILIÐ OG BÚSTAÐINN



Falleg gjafavara á góðu verði

OPNUNARTILBOÐ Í VERSLUNUM BT UM HELGINA

Fyrirvarar við Icesave-samning frá sjónarhóli hollensks borgara

UMRÆÐAN
Thijs Peters skrifar um Icesave

Hollenska ríkisstjórnin hefur hikað við að samþykkja kröfur og fyrirvara Alþingis vegna Icesave-samkomulagsins sem svo er kallað.

Nokkurrar óánægju gætti meðal hollenskra stjórnmálamanna þegar fréttist af fyrirvörum þeim sem Alþingi setti fyrir ríkisábyrgð á lánum vegna Icesave-samkomulagsins. Það kom þeim svo sem ekki á óvart að Alþingi vildi breytingar á upphaflegu samkomulagi, enda vitað að Ísland ætti í miklum efnahagslegum þrengingum. Það var form samskiptanna sem kallaði fram óánægju. Það var eins og

THIJS PETERS

Alþingi segði við Hollendinga:

„Við endurgreiðum ekki lánið nema að samþykktum gefnum skilmálum. Þið getið valið um að fá það sem ykkur er boðið eða að fá ekki neitt.“

Þetta er rétt eins og húseigandi ákveði hvað honum finnist sanngjarnt að borga í afborganir af lánum sínum án þess að ræða það við bankann sem veitti lánið.

Skilmálar Alþingis eða „óskir“, svo notað sé orðfæri hollenska fjármálaráðuneytisins, breyta upphaflega samkomulaginu sáralítið. Þar er þó eitt atriði ásteytingarsteinn. Samkvæmt skilmálum Alþingis mun Ísland endurgreiða 1,3 milljarða evra á tímabilinu 2016 til 2024. En vegna þess að Alþingi hefur tengt hámark árlegrar endurgreiðslu við hagvöxt er möguleiki á að einhver hluti skuldarinnar verði ógreiddur árið 2024. Mér skilst að þessi möguleiki sé ekki stórvægilegur.

Styrkist gengi krónunnar og verði hagvöxtur á Íslandi í takt við spár Alþjóðagjaldeyrissjóðsins mun Ísland hafa borgað upp skuld sína við hollensk stjórnvöld á árinu 2024. En hér er um grundvallaratriði að ræða. Vilji Ísland, eitt af ríkustu löndum heims, ekki endurgreiða lán, hvernig getum við ætlast til þess að önnur lönd, miklu fátækari, endurgreiði sín lán?

Hollensk stjórnvöld hafa þegar sýnt mikinn vilja til að breyta upphaflegu samkomulagi þannig að dregið verði úr þrengingum Íslendinga. Ef það þýðir lengri endurgreiðslutíma en þegar hefur verið rætt um þá er það í góðu lagi. En það verður þó erfitt að víkja frá því sem einn af þingmönnum á hollenska þinginu sagði: „Þeir verða að borga alla upphæðina með vöxtum.“

Það er að sjálfsögðu langt í frá auðvelt fyrir venjulegt fólk að sætta sig við að greiða skuldir sem einkareknir bankar stofnuðu til. En það er ekki bara almenningur á Íslandi sem þarf að sætta sig við þau örlög. Sama á við um breskan og hollenskan almenning sem einnig þarf að borga stórar fúlgur vegna mistaka breskra og hollenskra banka. Og það er rétt að halda því til haga að hollenskir skattgreiðendur munu borga hluta af reikningnum vegna Icesave. Þeir leggja fram greiðslur vegna innistæðna sem voru tryggðar umfram 20.887 evrur á hverjum reikningi.

Komi í ljós í framtíðinni að endurgreiðslurnar vegna Icesave-samkomulagsins séu Íslandi of þungbærar verður fundin viðunandi lausn. En enn er allt of snemmt, séð frá hollenskum sjónarhól, að ræða um að fella niður hluta af þessari skuld.

Höfundur er ritstjóri z24.nl, sem er leiðandi vefrit á sviði viðskiptafrétta í Hollandi og hluti af E24 International.

Að byggja betra samfélag

UMRÆÐAN
Steinunn Rögnvaldsdóttir skrifar um stjórnmál

Þátttaka Vinstri grænna í ríkisstjórn er mörkuð af risavöxnum verkefnum endurreisnar Íslands.

STEINUNN RÖGNVALDSDÓTTIR

Verkefnin eru mörg og erfið og ýmsum þykir ekki nóg að gert. Mig langar að fagna allri málefnalegri gagnrýni á verk VG í ríkisstjórn, og öllum raunhæfum tillögum um hvernig við getum staðið okkur betur við að endurreisa Ísland í anda velferðar, sjálfbærni og jafnréttis.

Það er hins vegar ómálefnalegt að halda því fram, eins og sumir gera, að það sé núverandi stjórnvöldum að kenna að hér sé erfitt efnahagsástand. Vinstri græn gagnrýndu stjórnvöld árum saman í aðdraganda hrunsins, en komu ekki nálægt þeim ákvörðunum sem leiddu til hrunsins. Það er staðreynd að hægrimenn stjórnuðu landinu og þar með ákvörðunum í efnahagslífinu, í átján ár fyrir hrunið. Þá töldu frjálshyggjumenn sig vera að sigla Titanic á sjó efnahagslífsins, og gerðu ekki ráð fyrir að það væri nein alvöru þörf fyrir björgunarbáta. Það gerir að sjálfsögðu björgunarstarfið núna erfiðara. Slys af þessari stærðargráðu verður aldrei sársaukalaust, sama hversu heitt við þráum að koma öllum heilum heim.

Það sem léttir mína lund þó að ástandið sé erfitt eru áfangar eins og t.d. þegar grunnframfærsla námsmanna er hækkuð um 20%, þegar keppt er um leyfi til strandveiða, þegar vændiskaup – ein birtingarmynd kynferðisofbeldis – eru gerð ólögleg, þegar hafinn er undirbúningur að stækkun friðlandsins í Þjórsárverum og þegar ríkisstjórnin samþykkir að hefja gerð áætlunar um sjálfbærar samgöngur.

Það má vera að VG standi sig ekki alltaf nógu vel. En stjórnmálaafl er ekki sjálfstýrð vél, heldur fólkið sem myndar aflið. Ef við viljum hafa áhrif á stefnu flokksins, þá verðum við að berjast fyrir þeim innan flokksins. Ekki gefast upp og setjast í sófann. Við breytum engu þannig. Við þurfum að taka slaginn, gagnrýna samflokksmenn okkar, benda á betri leiðir og bjóðast til að hjálpa þeim sem vilja byggja betra samfélag.

Höfundur er formaður Ungra Vinstri grænna.

MÁLÞING UM BRJÓSTAGJÖF verður haldið í Mími, Skeifunni 8, laugardaginn 26. september. Málþingið er haldið á vegum brjóstagjafavikunnar á Íslandi. Málþingið stendur frá 11 til 14.15, er öllum opið og er þátttaka gjaldfrjáls. www.brjostagjafavika.org

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúi Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473

4ra rétta tilboð

og nýr A la Carte

· **Reykt önd** með fíkjum, valhnetum og rauðvínsgljáa ·

· **Humarsúpa** rjómalöguð með grilluðum humarhölum ·

· **Lambahryggur** með lambaskanka og rósmarínsósu ·

* EÐA *

· **Fiskur dagsins** útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar ·

· **Skyr "Tonka crème brûlée"** með karamelluís ·

6.990 kr.

Hægt er að panta 4ra rétta seðilinn með sérvöldu víni með hverjum rétti: 10.990 kr.

Glas af eðalvíni

Barolo „Ornato" 2004 | Ítalía.

Chablis Grand Cru „Les Clos" 2005 | Frakkland

Nú hefur veitingahúsið Perlan bætt við möguleikanum að velja sér glas af **16 eðalvínum** með mat. Verð frá 1.050-3.700 kr.

Sjá nánar á perlan.is.

Hringbrot

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
Netfang perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Blómkálsmauk og íslenskt rótargrænmeti passa að sögn Þráins Vigfússonar afar vel með lambakjötsuppskriftinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Lamb með Guinness-bjór

250 ár eru liðin frá því að Arthur Guinness hóf framleiðslu á Guinness-bjór. Haldið er upp á afmælið hérlendis með ýmsum uppákomum en Þráinn Vigfússon landsliðskokkur setti saman uppskrift af tilefninu.

Nánar tiltekið var það í gær, hinn 24. september, sem fyrsti Guinness-bjórinn var framleiddur en það var á Írlandi, nánar tiltekið í Dublin sem lögurinn var fyrst framreiddur. Hérlendis sem og annars staðar í heiminum er haldið upp á afmælið með pomp og prakt. Þannig hafa fjölmargir barir og kaffihús haft einhvers konar Guinnes-þema nú í september.

Í gær heilgrilluðu landsliðskokkar lambalæri á Austurvelli með Guinness-maríneringu en einnig hafa sömu kokkar sett saman uppskriftir þar sem bjórinn er notaður. Má þar nefna majónes, fiskiuppskriftir og jafnvel ísuppskrift með Guinnessskvettu.

Einn landsliðskokkanna, Þráinn Vigfússon, hefur þróað lambakjötsuppskrift úr hryggvöðva með íslensku rótargrænmeti, blómkálsmús og auðvitað bjórnum svarta. Hann matreiddi dýrindis rétt fyrir Fréttablaðið en Þráinn er einnig starfandi kokkur á Grillinu.

juliam@frettabladid.is

LAMBAHRYGGVÖÐVI

með Guinness-gljáa **FYRIR 4**

1 stk. lambahryggur, úrbeinaður og hreinsaður
1 stk. skalottlaukur, fínt skorinn
1/2 engiferrót, fínt skorin
1 stk. hvítlauksgeiri, fínt saxaður
400 ml Guinness-bjór
300 ml soð (nautakraftur góður)
50 g púðursykur
olía
salt
pipar

Útbúið gljáann með því að mýkja laukinn og engiferrótina í olíu í potti. Bætið bjórnum út í og sjóðið niður. Þá er soðinu bætt út í og aftur soðið niður. Smakkið til með púðursykri og salti. Takið kjötið, piprið og saltið og steikið á pönnu á hvorri hlið í tvær mínútur. Hjúpið vöðvann með bjórgljáanum og steikið í 20 sek. á hvorri hlið. Setjið kjötið á fat og í ofn 180° C í 4 mín.

Blómkálsmauk
1 blómkálshaus
400 ml vatn
150 ml rjómi
salt
sítrónusafi

Blómkálið er skorið í litla bita og soðið í vatninu þar til það er mjúkt viðkomu. Takið það þá upp úr vatninu og maukið í matvinnsluvél. Sjóðið rjómann niður um helming og bætið út í blómkálið. Smakkað til með salti og sítrónusafa.

Íslenskt rótargrænmeti
1 stk. gulrót
1 stk. sellerírót
1/2 stk. rófa
1/2 stk. hnúðkál
vatn,
smjör
salt og sykur

Skrælið grænmetið, skerið það niður í bita eftir smekk og sjóðið í saltvatni í fjórar til sex mínútur. Sigtið og setjið á heita pönnu ásamt 70 ml af vatni og og 40 g af smjöri. Saltið og sykrið eftir smekk og sjóðið niður þar til grænmetið er gljáð.

HELGIN

MEISTARABALL er yfirskrift risadansleiks sem haldinn verður í Kaplakrika í Hafnarfirði laugardaginn 26. september. Þá fagna Haukar því að vera komnir í efstu deild karla í fótbolta. Egó og Papar spila fyrir dansi.



V-BRA - rosa flottur fyrir mjög flegið !! í BCD skálum á kr. **7.385,-**

MISTY

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178, 105 R
sími 551-3366 - **www.misty.is**
opið mán-fös 10-18, lau 10-14

Takk fyrir vatnið

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Pamela De Sensi ásamt þeim Hallveigu Rúnarsdóttur og Huldu Björk Garðarsdóttur sem taka lagið á tónleikunum á sunnudaginn.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

MaxMara HÆTTIR

LOKA-SALA
17.-27. september
ALLT Á AÐ SELJAST

MaxMara
HVERFISGÖTU 6 • 101 REYKJAVÍK • SÍMI 562 2862

Opna töfradyr að heimi klassískrar tónlistar

Töfrahurð kallast barnatónleikar sem haldnir verða í Salnum í Kópavogi í vetur. Þar geta börn gerst virkir þátttakendur í tónlistaruppákomum og kynnst heimi klassískrar tónlistar með óvenjulegum hætti.

„Við hefjum leikinn á sunnudaginn klukkan 13 með Karnivali dýranna," segir Pamela De Sensi, þverflautuleikari og listrænn stjórnandi barnatónleikaraðar, sem tileinkuð er börnum frá fimm ára aldri í Salnum í Kópavogi.

Pamela er ítölsk en hefur búið á Íslandi í sex ár. „Ég var mikið með barnatónleika á Ítalíu og hef síðustu tvö ár séð um kennaratónleika í tónlistarskóla Kópavogs þar sem ég kenni," segir Pamela en þar setti hún upp verkið Pétur og úlfurinn með blásarakvintett og í fyrra var sett upp Karnival dýranna. „Það var uppselt í hvert sinn og eftir það fór ég að velta fyrir mér hvernig ég gæti útvíkkað þessa hugmynd," segir Pamela og þegar Salurinn bauð henni að hafa umsjón með barnatónleikaröð var svarið komið.

Pamela segist hafa meira gaman af því að setja upp slíka tónleika hér á landi en á Ítalíu. „Hér eru mun fleiri krakkar sem læra á hljóðfæri en á Ítalíu og hafa því meiri áhuga á klassískri tónlist. Þá virðist almenningur hafa meiri áhuga á slíkri tónlist og láta börn sín frekar læra á hljóðfæri," segir hún. Einnig þykir henni skemmtilegt að geta ekki einungis kynnt fyrir

Á fyrstu tónleikunum á sunnudaginn verður flutt Karnival dýranna eftir Camille Saint-Saëns.

börnum verkin sem eru á dagskrá heldur kenna þeim hvernig tónlistin er byggð upp og hvernig hljóðfærin virka.

„Tónleikarnir eru bæði fyrir börn og fullorðna og allir hafa jafn gaman af þeim," segir Pamela.

Tónleikarnir á sunnudaginn hefjast klukkan 13 en hálftíma fyrir sýningu verður skemmtidagskrá í anddyrinu. „Við viljum ekki að börnunum leiðist og þurfi að bíða í biðröð eftir því að komast inn í salinn," segir hún en félagar úr götuleikhúsinu skemmta krökkunum með ýmsum uppákomum. Auk þess er boðið upp á fría andlitsmálningu.

Fyrstu tónleikarnir í röðinni verða eins og áður sagði á sunnudag. Þá er Karnival dýranna eftir Camille Saint-Saens á dagskrá. Það er skemmtileg svíta sem sameinar skemmtun og nám þar sem hljóðfærin líkja eftir alls konar dýrum í skemmtilegri sögu.

Sögumenn eru Guðrún Ásmundsdóttir og Sigurþór Heimisson og Kammerhópurinn Sheherazade spilar. Þá syngja Hallveig Rúnarsdóttir og Hulda Björk Garðarsdóttir nokkur lög.

„Svo er gaman ef börnin geta komið í búningum, þá myndast svo skemmtileg stemning," segir Pamela og er spennt fyrir vetrardagskránni.

Næstu tónleikar verða 1. nóvember en þá eru sagðar Sögur draugsins Tíbri. Hinn 31. janúar eru Hljóðin í frumskóginum og 21. febrúar verður klassískt diskótek. Nánari upplýsingar um dagskrána má finna á www.salurinn.is.

solveig@frettabladid.is

Fjörugt leiklistarár á Vestfjörðum

ÁTTA NÝ LEIKVERK VERÐA SETT UPP Á VESTFJÖRÐUM Í VETUR.

Vestfirsk leikhús og leikfélög láta ekki deigan síga þennan veturinn og stefna að því að setja upp átta ný verk auk þess sem hin árlega einleikjahátíð Act Alone verður á sínum stað. Einnig verða verk sem nú þegar hafa notið velgengni sýnd aftur í vetur. Frá þessu er greint á fréttavefnum www.bb.is en þar er vísað í bækling sem út kemur á næstunni á vegum Kómedíuleikhússins, Act Alone, Brúðuleikhússins, Dúkkukerrunnar, Höfrungi leikdeild, Leikfélags Hólmavíkur og Litla leikklúbbsins.

Leiksýningin Dimmalimm verður sýnd áfram í vetur.

Geirfugl í fjöruna

Bandarískur listamaður vill fá að koma fyrir styttu af geirfugli í fjöru á Reykjanesi.

Listamaðurinn Todd McGrain sækist eftir því að koma fyrir listaverki tileinkuðu geirfuglinum í fjörunni neðan við Valahnjúk á Reykjanesi. Frá þessu er greint á fréttavef Víkurfrétta, www.vf.is.

Þar segir að menningarráði Reykjanesbæjar hafi borist formlegt erindi um efnið og hafi ráðið samþykkt staðsetninguna fyrir sitt leyti.

McGrain hefur í fimm ár unnið að verkefni sem kallast „Lost Bird Project" og er tileinkað fimm útdauðum fuglategundum. Hann hefur þannig unnið fimm skúlptúra af fuglunum. Þeirra á meðal er geirfuglinn sem varð útdauður í júlí 1844 þegar tveir síðustu fuglarnir í heiminum voru drepnir á syllu í Eldey, suðvestur af Reykjanesi.

föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 25. september 2009

SAMAN ALLAN SÓLARHRINGINN

Hjónakornin í Skakkamanage, Svavar og Berglind, giftu sig eftir nokkurra mánaða samband og hafa varla varið mínútu hvort án annars síðan.

TEIKNARINN SIGNÝ KOLBEINS

Á verk í tveimur alþjóðlegum listabókum.

SARA Í HÓPI FRÆGRA

Sara í Nakta apanum kynnti fatalínu sína á Kerrang-hátíðinni.

STJÖRNU-SPEKINGURINN FJÓLA

Sérskrifar bækur út frá stjörnukortum.

MARGMIÐLUNARSPILARI

UNITED
MEDIA SPILARI
720/1080i

United HD MMP 9530
720P/1080i HD 3.5" margmiðlunarspilari með 640GB WD Greenpower hörðum diski, HDMI, Optical og Composite tengjum, innbyggðum SD/MMC kortalesara ásamt USB Uplink. Fullkomin fjarstýring og aðgerðatakkar á framhlið.

Kr. 27.950

WD
640GB
DISKUR

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

núna

hönnun og list

SÓLVEIG PÁLSDÓTTIR MYNDLISTARKONA

helgin MÍN

Það er allt að gerast í Gallerí Crymo, Laugavegi 41a um helgina, á föstudagskvöld er opnun hjá rauðhærða snillingnum Ragnhildi Jóhanns, eftir opnun verður dansað og barist við Bakkus á Bakkus. Á laugardagskvöd er útgáfupartí smásögusafns Ritlistar, Hestar eru tvö ár að gleyma, og svo fer sunnudagskvöldið í að kynnast Neil Young betur á kvikmyndahátíð.

Mannmörg ráðstefna um skapandi greinar

Ráðstefnan You Are in Control fór á miðvikudag og fimmtudag en hún fjallaði um stafræna þróun í skapandi greinum. Á ráðstefnunni komu fram margir þekktir fyrirlesarar frá stórfyrirtækjum utan úr heimi. Auk þeirra voru á staðnum Íslendingar eins og Sigurjón Sighvatsson og Einar Örn Benediktsson. Fjöldi manns sótti ráðstefnuna og meðal þeirra mátti sjá mörg þekkt andlit, þar á meðal Ólöfu Arnalds, Pétur Ben, Óttar Proppé, Hugrúnu í Kron, Gylfa Blöndal og Katrínu Pétursdóttur.

þetta HELST

Í hópi frægra Sara María Júlíudóttir var gestur á Kerrang-hátíðinni.

Fatahönnuðurinn Sara María Júlíusdóttir, kennd við Nakta apann, sótti tónlistarhátíðina Kerrang Awards í Bretlandi til að kynna nýja fatalínu sína. Tónlistarhátíðin er ein sú stærsta sem haldin er á Bretlandi og á meðal þeirra hljómsveita sem sóttu hátíðina í ár má nefna Prodigy, Slipknot, Limp Bizkit og Metallica. Því er óhætt að segja að Sara María hafi verið í hópi góðra manna meðan á verðlaunaafhendingunum stóð.

Verk eftir teiknarann Signýju Kolbeinsdóttur í tveimur alþjóðlegum listabókum:

MEÐAL MEST SPENNANDI TEIKNARA HEIMS

Ég er bara rosalega ánægð að fá að vera með," segir teiknarinn Signý Kolbeinsdóttir, en verk eftir hana er að finna í tveimur nýútkomnum listabókum sem seldar eru um allan heim. Annars vegar er um að ræða The Big Book of Contemporary Illustrations sem Ananova Books gefur út. Í þeirri bók eru tekin saman verk ungra teiknara og listamanna víðs vegar að úr heiminum. Hins vegar er um að ræða þriðju útgáfu Illustration Now! sem gefin er út af hinni virtu bókaútgáfu Taschen. Í þeirri bók hefur verkum 150 fremstu og „mest spennandi" teiknara heims verið safnað saman.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Signý hefur verið valin í slíkan hóp en hún átti meðal annars síðu í Crackpot-dagatalinu sem Gestalten Verlag gefur út, bæði fyrir árið 2009 og 2010. Í því eru 52 teikningar eftir hönnuði víðs vegar að úr heiminum, ein fyrir hverja viku.

Karakterarnir sem Signý skapar eru krúttlegir og sætir, í anda japanskra íkona á borð við Hello Kitty, en á sama tíma dálítið dimmir og dularfullir. Signý sjálf er nýbúin að uppgötva hvaðan þau áhrif koma.

„Ég fann þýska vinkonu mína á Facebook um daginn, en ég ólst upp í Þýskalandi. Hún var svo hissa þegar hún sá verkin mín, sem henni fannst passa svo vel við hvernig ég var þegar ég var lítil. Henni fannst ég alltaf eiga flottasta dótið; fullt af monsum, Hello Kitty og Barbapabba. Þegar ég fór að hugsa út í þetta sá ég að þetta var alveg rétt hjá henni. Myndirnar mínar eru einhvers konar blanda af þessu öllu, með örlítið dimmari hlið. Svo kannski situr þetta bara í mér frá því í æsku."

Signý vill að listin sé skemmtileg og tekur hana ekki of alvarlega. Þá tilfinningu rekur hún líka aftur til æskunnar. „Þegar ég var lítil dró mamma mín mig með sér á hverja listasýninguna á fætur annarri. Mér leiddist oft alveg hræðilega og ég var aldrei ánægðari en þegar eitthvað á sýningunni höfðaði til mín. Þess vegna vil ég að verkin mín séu skemmtileg, fyrir alla, ekki bara einhvern útvalinn hóp." *- hhs*

Skemmtir sér og öðrum Signý Kolbeinsdóttir vill hafa gaman af listinni og tekur hana ekki of alvarlega.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Forsíðan Þriðja bindi Illustration Now! er nýkomið út. Þar er Signý Kolbeinsdóttir í hópi mest spennandi teiknara heims, samkvæmt lýsingu bókarinnar.
MYND/TASCHEN

Frábært úrval sófa og hvíldarstóla

Opið:
mán fös 10:00 – 18:00
lau 11:00 – 16:00

www.lur.is

LÚR BETRI HVÍLD
LÚR - BETRI HVÍLD
HLÍÐASMÁRI 1 • 201 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6969 • FAX 554 3100
WWW.LUR.IS • LUR@LUR.IS

Auglýsingasími
512 50 50

– Mest lesið

Skart Jóhönnu Methúsalemsdóttur komið til Íslands:

Kría seld í Aurum

Kría Jewelry, skartgripalína eftir Jóhönnu Methúsalemsdóttur, hönnuð í New York, er nú fáanleg í Aurum í Bankastræti 4. Hingað til hafa skartgripirnir ekki verið til sölu á Íslandi. „Jóhanna var hérna í sumar að þreifa fyrir sér í fyrsta skipti á Íslandsmarkaði. Svo skemmtilega vildi til að við vorum á sama tíma að leita að íslenskum hönnuði, sem er að stíga sín fyrstu skref, til að fara í samstarf við. Svo við fundum hvor aðra og smullum saman," segir Helga G. Friðriksdóttir, verkefna- og markaðsstjóri hjá Aurum, hæstánægð með nýtilkomið samstarfið.

Kría Jewelry Skartgripalína Jóhönnu Methúsalemsdóttur byggir á kríubeinum og trjágreinum.
MYND/KRIA JEWELRY

Hingað til hefur Aurum að mestu selt skartgripi eiganda verslunarinnar, Guðbjargar Ingvarsdóttur, gullsmiðs og hönnuðar, en tímabundið tekið inn skartgripi erlendra hönnuða. Nú hefur verið tekin ákvörðun um að leggja frekari áherslu á íslenska hönnuði og er samstarfið við Jóhönnu fyrsta skrefið í þá átt. *- hhs*

augnablikið

FYRIRSÆTAN HEIDI KLUM Mætti kasólétt í fallegum skósíðum kjól á Emmy-verðlaunahátíðina sem haldin var í Nokia-leikhúsinu í Los Angeles.

föstudagur

Útgáfufélag 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd** Arnþór Birkisson
Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir
sigridurdagny@365.is sími 512 5462 **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Vorum að taka upp glæsilegar vörur á frábæru verði

Skilrúm
29.900 ,-

Lampi
9.990 ,-

Stóll
32.900,-

Sófi
59.900 ,-

Þrjú borð saman
34.900 ,-

Púðar
mikið úrval

Kerti verð frá kr.
790,-

Skápur 49.900,-

Kisa 46 cm
2.990,-

Gíraffi
120 cm
4.990,-

Þrír fílar 1.990,-

Vegggríma
100 cm
1.990,-

Gíraffi 100 cm
3.990,-

Munnþurkur 190 ,-

Kertastjaki
990,-

Kertaskjaki
90 cm
1.990,-

the PIER

kemur stöðugt á óvart ...

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

Berglind og Svavar Þau giftu sig fyrir fimm árum, eftir nokkurra mánaða samband. Enginn hafði trú á að hjónabandið myndi ganga – nema þau sjálf og pabbi Svavars. Þau hjónin hafa aldrei verið ánægðari með lífið og eyða öllum sínu vöku- og svefnstundum saman. Pabbinn virðist því hafa vitað hvað hann söng.

ÆTLA SÉR AÐ JARÐA KRÚTTIÐ

Þau eru saman í hljómsveit, stýra saman nýjum listavettvangi og eru nýsnúin aftur úr rúmlega árslangri bóhemdvöl á Seyðisfirði. Í viðtali við Föstudag segja *Svavar Pétur Eysteinsson* og *Berglind Häsler* frá rækilega samantvinnuðu lífi sínu og ítrekuðum árangurslausum tilraunum til að stúta krúttinu.

Viðtal: **Hólmfríður H. Sigurðardóttir**
Ljósmyndir: Stefán Karlsson

Austurstræti 6 hefur oft verið fjörugur staður en þar var meðal annars Kaffi Austurstræti, sem átti sér marga skrautlega fastagesti. Margir þeirra þeirra komið í heimsókn til nýrra húsráðenda á undanförnum dögum og líst þeim vel á hlutverkið sem þeirra gamli staður hefur fengið. Í rýminu er nú er risinn upp nýr tónlistar- og listaverslun undir nafninu Havarí. Henni stjórna með passlega harðri hendi hjónin úr Skakkamanage, Berglind Häsler og Svavar Pétur Eysteinsson. Ásamt þeim standa Kimi Records, Gogoyoko og Borgin hljómplötur að vettvanginum.

„Þetta á að vera miklu meira heldur en bara búð," útskýrir Svavar, á meðan hann bisar við að setja saman ónýta kló sem hangir í endanum á langri rafmangssnúru. „Þetta verður vettvangur fyrir tónlistarmenn, tónlistarunnendur, listamenn og alla sem okkur þykja sniðugir." Á veggjunum eru ólík verk eftir unga íslenska listamenn. Í Gogoyoko-horninu er hægt að kynnast tónlistarvefnum og föt merkt honum til sölu, sem E-label hefur gert sérstaklega fyrir hana. Meiningin að breyta búðinni stöðugt, þannig að alltaf sé eitthvað nýtt þangað að sækja, viku frá viku. Innan skamms verður svo opnað útibú frá hinu smáa og ljúfa kaffihúsi Haití á staðnum.

Ákveðið var að koma versluninni á fót áður en tónlistarhátíðin Réttir hæfist, sem nú stendur sem hæst. „Við vorum komin með húsnæðið á fimmtudegi og opnuðum á laugardegi. Þetta gerðist allt saman mjög hratt," segir Berglind.

Alla dagana á meðan á Réttum stendur verða tónleikar þar sem fram koma ýmsir af þeim sem koma fram á Réttum. Á laugardaginn verður mikið prógramm þar sem margar hljómsveitir munu koma fram.

ÓLÖGLEGT SAMRÁÐ

Þau Berglind og Svavar eru sammála um að tónlistarbransinn iði af lífi á Íslandi í dag. „Maður rétt bregður sér af bæ. Svo þegar maður snýr aftur eru komnar heilmargar góðar hljómsveitir sem maður hefur aldrei heyrt af áður. Það var Grikki hérna hjá okkur í gær í sjokki. Hann trúði því ekki að meirihlutinn af þeim plötum sem við erum með til sölu séu íslenskar. „Þið eruð bara 300 þúsund" æpti hann," segir Berglind.

Samstarfið og velviljinn milli listamanna nú um mundir segja þau líka ómetanlegt. „Það er bullandi ólöglegt samráð í gangi hérna. Samkeppnisyfirvöld ættu bara að vita það!" segir Svavar. „En það er ekki hægt að verða ríkur af tónlist á Íslandi. Það eina sem vit er í er að hafa gaman af þessu."

BÓHEMLÍF Á SEYÐISFIRÐI

Þau Berglind og Svavar komu gagngert til Reykjavíkur til þess að vinna í Havarí, en undanfarið rúmt ár hafa þau verið búsett á Seyðisfirði. Þau segja tímann líða öðruvísi þar. „Þegar ég er hér í Reykjavík fyllist ég oft miklu eirðarleysi. En á Seyðisfirði fann ég ekki fyrir því. Við vöknuðum kannski á laugardögum, hentum í pönnukökur og buðum nágrönnunum yfir. Það var hápunktur dagsins. Litlu hlutirnir fengu meira vægi. Þetta var ævintýri fyrir okkur borgarbörnin sem höfum varla verið meira en viku úti á landi," segir Berglind. Svavar er ekki alveg tilbúinn að skrifa undir það. „Ég er nú sveitamaður, var sumarstrákur fyrir austan í mörg ár. Ég hef alveg mokað skít, sko."

Þau voru samt lítið í því að moka skít á Seyðisfirði, þótt þau hafi reyndar sett niður kartöflur. Mestmegnis voru þau í því að semja tónlist. Svavar segir Seyðfirðinga hafa mikið þol fyrir list. „Þeir eru æðislegir hvað þetta varðar. Það gerir einangrunin. Hér áður fyrr var eina ríkið á Austurlandi á Seyðisfirði, svo allir fóru þangað til að kaupa sér brennivín. Svo lokaðist heiðin kannski og þá var ekki annað að gera en að detta í það á Seyðisfirði. Svo hefur það líka haft sitt að segja að Dieter Roth hafði aðsetur þar."

BRJÁLÆÐISLEGAR HUGMYNDIR

Berglind tekur undir þetta og bætir við. „Þetta er sérstakur staður. Það hefur til dæmis oft komið til tals að stofna fríríki þarna. Ég lenti síðast í svoleiðis samræðum á Seyðisfirði fyrir nokkrum vikum. Það er náttúrlega mikið af brjálæðislega flottum hugmyndum sem kvikna þarna. En auðvitað er fullt af bæjarbúum sem mætir aldrei á listasýningar og skiptir sér ekkert af listinni."

Tíu ára dóttir Berglindar af fyrra sambandi flutti með þeim austur. „Þetta var svolítið erfitt fyrir hana fyrst, því hún er mikil pabba- og ömmustelpa og vön því að flakka á milli. En allt í einu var ekkert í boði nema við," segir Berglind. „En svo hrökk hún í gang og við áttum algjöran draumatíma þarna. Höfðum mikinn tíma til að teikna, spjalla og bara vera saman. Það var æðislegt."

Þau tóku tvær plötur upp á Seyðisfirði. „Við vorum með aðstöðu í kjallaranum og stundum þegar við vorum búin að borða á kvöldin fórum við bara niður og hentum í eitt lag. Það var allt svo einfalt, við þurftum aldrei að finna pössun eða fara eitthvert annað að taka upp. Það var bara eins og hluti af heimilisstörfunum að taka upp, eins og að vaska upp til dæmis."

ENGINN RAFVIRKI

„Hvað ertu að gera með þessa kló?" spyr ljósmyndari Fréttablaðsins Svavar, sem enn er að reyna að setja saman klóna, sem ekki ætlar að láta halda sér saman. „Hún dettur alltaf í sundur. Ég er ekki rafvirki!" svara Svavar. Hann er grafískur hönnuður og vinnur sjálfstætt sem slíkur, þótt hans aðalstarf sé að „drullumalla í hönnun" eins og hann segir sjálfur. Undanfarið hefur Berglind unnið sem fréttamaður RÚV á Austurlandi en hún hefur jafnframt unnið sem blaðamaður. „Mér finnst sjónvarpið mjög skemmtilegur miðill. Ef ég er með gott myndefni og góða sögu getur verið mikið kikk að sjá fréttina smella saman," útskýrir Berglind en stoppar snarlega þegar hávær blossi kemur úr einu horni herbergisins. Klóin hefur sprungið í höndunum á Svavari.

„Þú hefur ekki gert þetta rétt. Þú verður bara að bíta í það súra," segir hún þá. „Það er nú meira vesenið að skipta um eina kló!" segir Svavar þá og hendur frá sér klónni, sem ekki verður bjargað úr þessu.

ALLS ENGIN KRÚTT

Þótt þau Svavar og Berglind séu óttaleg krútt á að líta verða þau ekki krúttleg á svipin þegar reynt er að bendla þau við það tegundarheiti íslenskra tónlistarmanna. „Það er asnalegt að slengja þessu

POPP

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS • SEPTEMBER 2009

CLIFF CLAVIN

LÍTIÐ ROKK AÐ LÁTA REKA SIG ÚT ÚR HVALVEIÐISKIPI

INGIBJÖRG RAGNHEIÐUR Í MISS UNIVERSE KREPPUSPJALL VIÐ DONALD TRUMP

RAMMSTEIN FÉKK TYPPIN LÁNUÐ

ÓLÖGLEGT NIÐURHAL EYKST

MP3 SPILARAR FINGRAÐIR

MEGAN FOX JENNIFER'S BODY EKKI JENNIFER'S SOUL

NÝTT Í SKÍFUNNI

S·K·Í·F·A·N

Laugavegi · Kringlunni
www.skifan.is

HJÁLMAR

GUS GUS

#1 Á ÍSLANDI

Siggi Eggerts hannaði umslag plötunnar The Odd Couple með hljómsveitinni Gnarls Barkley, sem kom út árið 2008. Lagið Crazy er langþekktasti slagari hljómsveitarinnar.

Í dag er 25. september. Þú ætlaðir eflaust að gera svo margt í mánuðinum. Þú ætlaðir í bíó, út að borða, hlusta á nýja tónlist, fara á tónleika – þú ætlaðir að lifa lífinu í september – kveðja sumarið með stæl. En nú er mánuðurinn alveg að verða búinn og þú ert ekki búinn að gera neitt. Og nei, að horfa á Seinfeld-maraþon á Stöð 2 Extra telst ekki sem „eitthvað“. En ekki örvænta. POPP ætlar að þurrka upp eftir þig skítinn og hjálpa þér að klára mánuðinn eins og hann átti að byrja. Við kynnum með stolti liðinn:

ÞAÐ ER EKKI ORÐIÐ OF SEINT AÐ...

...SJÁ INGLOURIOUS BASTERDS Quentin Tarantino er einn allra litríkasti leikstjóri okkar tíma og Inglourious Basterds er enn ein rósin í troðið hnappagat hans. **Brad Pitt** fer á kostum sem nasistamorðinginn Aldo Raine og nær alltaf að vera jafn svalur.

...FARA Í RÉTTIR Tónlistarhátíðin **Réttir** hófst á miðvikudag og lýkur á morgun. Það þýðir aðeins eitt. Þú getur ennþá tékkað á stútfullri tónleikadagskrá hátíðarinnar! POPP mælir með að sjá **Ensími** á Sódómu í kvöld klukkan eitt, Mammút á sama stað á morgun klukkan 23.15 og að sjálfsögðu **Apparat Organ Quartet** á Nasa á miðnætti á morgun.

...AÐ HLUSTA Á BÍTLANA OG MICHAEL JACKSON Ef þú hefur aldrei kynnt þér tónlist **Bítlanna** og **Michael Jackson** ættirðu í fyrsta lagi aldrei að viðurkenna það. Við vitum að samviskubitið hefur nagað þig undanfarin ár og það hefur örugglega verið erfitt að skjótast undan byssukúlunni sem umræður um bestu plötur Bítlanna eða flottasta lag Jackson hefur verið. Nú getur þú fengið annað tækifæri. Eftir að Jackson lést byrjaði venjulegt fólk að hlusta á hann aftur, en nú getur þú tekið fyrstu umferð. Svo var safn Bítlanna að koma út aftur svo að þú getur keypt það og sagst vera búinn að ofspila gömlu plöturnar þínar.

...AÐ FARA Á KVIKMYNDAHÁTÍÐ Reykjavík International Film Festival lýkur ekki fyrr en á sunnudaginn og stuttmynda- og heimildarmyndahátíðin **Nordisk Panorama** hófst í gær. Semsagt, framboð kvikmyndahátíðina hefur sjaldan verið meira.

POPP er fylgirit Fréttablaðsins. POPP kemur út einu sinni í mánuði.

Ritstjóri: Atli Fannar Bjarkason
atlifannar@frettabladid.is
Útlitshönnun: Arnór Bogason
Sölustjóri auglýsinga: Benedikt Freyr Jónsson
benediktj@365.is • sími 512 5411
Útgefandi: 365 hf.

- Tölvukaupalán
- Lán fyrir skólagjöldum
- 1.500 kr. endurgreiðsla nemendafélagsgjalda til háskólanema



Kaupþing námsmenn
- þegar námið skiptir höfuðmáli

NÝI KAUPÞING BANKI

ÍSLENSKA SÍA.IS KAU 46703 08/09

BÚTASAUMSTEPPI Í HEIMSREISU

Hönnuðurinn Siggi Eggertsson ætlar að ferðast um heiminn á næstunni og sýna bútasaumsteppi sem hann hannaði fyrir útskrift sína úr Listaháskóla Íslands 2006. Fyrst ætlar hann að sýna teppið á stórri listasýningu í Berlín um miðjan næsta mánuð sem nefnist Illustrative.

„Þetta byrjar í Berlín en síðan eru aðrir staðir í vinnslu,“ segir Siggi sem ætlar einnig að sýna heimildarmynd á hátíðinni um gerð teppisins. „Þetta er bútasaumsteppi sem ég lét sauma fyrir mig. Þetta er samsetning af plötum sem höfðu áhrif á mig í æsku. Þetta var sett saman í bútasaumsteppi sem er saumað úr tíu þúsund bútum af efni og tók yfir þrjú hundruð klukkustundir að sauma,“ segir hann. Teppið hefur aðeins einu sinni verið sýnt opinberlega, í Hafnarhúsinu þegar Siggi útskrifaðist. *- fb*

SIGGI EGGERTSSON Siggi stendur við bútasaumsteppið sem hann ætlar að ferðast með um heiminn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

POPP PUNKTAR

• BRJÁLAÐUR FINNI MISSTI AF NORRÆNU

Hinn finnski Jukka Kärkkäinen ætlaði að fylgja mynd sinni, The Living Room of the Nation, eftir á kvikmyndahátíðina Nordisk Panorama. Hann missti hins vegar af Norrænu og situr því nú heima með sárt ennið. Jukka ætlaði að fara sjóleiðina vegna þess að hann er afar flughræddur, en miðinn í bátinn liggur væntanlega ónotaður á náttborði Finnans, sem er þekktur fyrir að girða niður um sig á kvikmyndahátíðum.

• NÝ PLATA FRÁ RAMMSTEIN



Það er engin tilviljun að Rammstein sendi frá sér myndbandið umdeilda við lagið Pussy núna, en ný plata er væntanleg frá hljómsveitinni. Platan heitir Liebe ist für alle da, eða Ást er fyrir alla, og kemur út 16. október.

• LEIKSTJÓRINN: FRÁ LADY GAGA Í RAMMSTEIN

Leikstjórinn Jonas Åkerlund er til í að hneyksla. Hann var meðlimur sænsku svartmálmssveitarinnar Bathory í eitt ár, frá 1983 til ´84, en svo fór að myndbandsupptökuvélin stal hjarta hans. Myndbönd fyrir sænsku poppsveitina Roxette komu honum á kortið og árið 1998 leikstýrði hann Madonnu í myndbandi við lagið Ray of Light. Síðan þá hefur hann unnið með listamönnum á borð við Metallica, Christinu Aguilera, U2, Pink og Smashing Pumpkins. Hann leikstýrði einnig hálfgerðri stuttmynd Lady Gaga við lagið Paparazzi, en Pussy með Rammstein er hans nýjasta verk.

POPPSKÝRING: NÝJASTA MYNDBAND RAMMSTEIN ÞYKIR SVÆSIÐ

TYPPI AÐ LÁNI

Ekki er allt sem sýnist í nýjasta myndbandi Rammstein. Typpin sem meðlimir hljómsveitarinnar sjást beita eins og fagmenn eru ekki þeirra og lagið er ekki eins heilalaust og margir telja.

„Þú ert með píku. Ég er með typpi. Hvað er vandamálið? Drífum í þessu.“ Nei, þetta er ekki tilvitnun í graðan framhaldsskólanema á busaballi heldur brot úr viðlagi lagsins Pussy með þýsku iðnaðarrokkurunum í Rammstein.

Myndbandið við lagið hefur vakið gríðarlega athygli, þrátt fyrir að fá ekki spilun á sjónvarpsstöðvun né á myndbandasíðum á borð við Youtube. Myndbandið er afar klámfengið og sýnir meðlimi hljómsveitarinnar í athöfnum sem ekki þykir við hæfi að lýsa ítarlega.

Stereótýpur úr klámi

Sænski leikstjórinn Jonas Åkerlund leikstýrir myndbandinu, sem þykir afar fagmannlega gert. Meðlimir Rammstein klæða sig allir eins og stereótýpískar persónur úr klámmyndum.

Tölvutækni var beitt til þess að láta virðast sem meðlimir Rammstein væru að nota eigin líkama, en höfuð þeirra voru það eina sem þeir áttu. Og þá erum við að tala um höfuðin sem hvíla jafnan á hálsum þeirra.

Ekki alveg heilalaust

Lagið er ekki eins heilalaust og það virðist. Vissulega er textinn kjánalegri en lokaþáttur Bachelorette, en undirtónninn er alvarlegri en dramatískt hryggbrot Jason Mesnick, sem lenti í öðru sæti í fyrrnefndum Bachelorette-þáttum. Í textanum segir:

So take me now before it's too late/Life's too short, so I can't wait./Take me now, oh don't you see,/I can't get laid in Germany.

Já, „Ég fæ ekki á broddinn í Germaní“ syngur hinn dimmraddaði Till Lindemann. Talið er að hann sé að gagnrýna þá sem ferðast til Þýskalands til þess eins að stunda kynlíf með vændiskonum. Kynlífsiðnaðinum vex fiskur hrygg með ári hverju og drengirnir í Rammstein virðast áhyggjufullir.

atlifannar@frettabladid.is

„EN UNDIRTÓNNINN ER ALVARLEGRI EN DRAMATÍSKT HRYGGBROT JASON MESNICK, SEM LENTI Í ÖÐRU SÆTI Í FYRRNEFNDUM BACHELORETTE-ÞÁTTUM.“

HVAÐ SEGIRÐU?
Sendu okkur sms í síma **696 7677** eða póst á popp@frettabladid.is og segðu okkur hvað þér finnst.

Tónfæði

ÍSLENSKA/SIA.IS/NAT 47369 09/09

TVÍFARAR FRÆGA FÓLKSINS

MAGNÚS ÁSGEIRSSON

BARNEY STINSON

Magnús Ásgeirsson er fyrsti tvífari fræga fólksins hér í POPP. Vinir hans sendu okkur mynd af honum, en þeim hefur alltaf fundist hann líkjast leikaranum Neil Patrick Harris, sem túlkar graðfolann Barney Stinson í þáttunum How I Met Your Mother.

Átt þú vin sem líkist einhverjum frægum? Er bróðir þinn alveg eins og Nicolas Cage eða er besta vinkona þín sláandi lík Katy Perry? Sendu okkur mynd á popp@frettabladid.is eða sms í síma 696 POPP (696 7677) og hún gæti birst í næsta tölublaði.

POPP PUNKTAR

• NÍU MILLJÓNIR SÁU FRUMSÝNINGUNA

Fimmta þáttaröð How I Met Your Mother hófst í Bandaríkjunum síðasta mánudag. Rúmlega níu milljónir manna horfðu á þáttinn, sem fjallaði um mótþróa Barney og Robin gegn því að spjalla um samband sitt. Þá hefur Ted störf sem háskólakennari, en í örvæntingafull tilraun til að ná stjórn á nemendum sínum leysir hann úr læðingi sinn innri skíthæl – með hrikalegum afleiðingum.

Árið 1926 kom út kvikmyndin Torrent með Gretu Garbo í aðalhlutverki. Ólögleg skráaskipti þekktust ekki þá, en myndin fjallaði um náttúruhamfarir.

BJÖRGVIN G: STOFNAR LANDSSVÆÐI

SKANDINAVAR FÁ EKKI AÐ VERA MEÐ

BJÖRGVIN GUNNARSSON VAR SVEKKTUR YFIR ÞVÍ AÐ VERA EKKI HLUTI AF SKANDINAVÍU. HANN STOFNAÐI ÞVÍ EIGIÐ SVÆÐI: KOOLINAVIU, FYRIR LÖNDIN SEM ERU EKKI MEÐ.

„Það eru nokkur ár síðan ég fékk þessa hugmynd fyrst. Ég var að ræða við finnskan félaga minn um hversu svekktur ég væri yfir því að Ísland væri ekki hluti af Skandinavíu og ákvað í kjölfarið að stofna mína eigin „avíu“,“ segir Björgvin Gunnarsson, sem stofnaði Fésbókarhóp tileinkaðan hinu nýja landssvæði Koolinaviu.

„Koolinavia er hópur fyrir þau Norðurlönd sem eru ekki með í Skandinavíu. Nafnið ákvað ég vegna þess að fólkið sem býr í þessum löndum er „kúl“ og vegna kalda loftlagsins. Finnskur vinur minn stakk svo upp á því að við myndum skrifa þetta með ká-i en ekki c-i af því það væri meira „kúl“.“

Björgvin, sem dagsdaglega stundar nám í fornleifafræði við Háskóla Íslands, segir að öllum Íslendingum, Færeyingum, Finnum og Grænlendingum sé velkomið að ganga til liðs við hópinn en Skandinavar séu því miður óvelkomnir. „Skandinavar eru ágætis fólk en þeir eru engir Koolinavar og fá því ekki að vera með í þessum hópi,“ segir Björgvin að lokum og tekur fram að nái hópurinn fimm hundruð meðlimum verði efnt til samkeppni þar sem hægt er að senda inn hugmyndir að fána fyrir Koolinaviu.

- sm

KOOLINAVIA Björgvin Gunnarsson stofnaði nýja „aviu“ fyrir þau Norðurlönd sem eru ekki talin til Skandinavíu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

SKRÁARSKIPTASÍÐUM FJÖLGAR Í KREPPUNNI

Skráarskiptasíðum fjölgaði í byrjun þessa árs. Síðurnar virðast þó ekki langlífar því fáir eru reiðubúnir til að styrkja rekstur þeirra með fjárframlögum. Hin umdeilda skráarskiptasíða thevikingbay.org var nýlega sett aftur í loftið. Allar leiðbeiningar eru á íslensku en viðkomandi virðist hafa haft töluvert mikið fyrir því að hylja sína slóð, vefurinn var skráður með pósthólf í Reykjavík en viðkomandi var sagður vera Phil Davids með sænskt, ótengt númer. Snæbjörn Steingrímsson, framkvæmdastjóri SMÁÍS, samtaka myndrétthafa, segir að þeir hafi klárlega orðið varir við að menn vildu nálgast ókeypis afþreyingu á netinu eftir að kreppan reið yfir Ísland því skráarskiptasíðum hafi fjölgað í upphafi þessa árs. En þeir fylgist vel með enda þyki rétthöfum ákaflega vænt um sinn rétt, nú þegar hart er í ári. „Og nú er það svo að það eru störf undir,“ segir Snæbjörn.

„Menn hafa verið að reyna að fela sína slóð með því að skrá vefslóðirnar erlendis. En síðan kom gengisfellingin í bakið á þeim og þær voru fljótar að deyja út. Svo voru menn að biðja um styrki til að halda þessu gangandi en það reyndust fáir reiðubúnir til að inna einhverjar greiðslur af hendi,“ segir Snæbjörn.

- fgg



FYLGJAST VEL MEÐ NETINU Töluverð fjölgun á skráarskiptasíðum í upphafi þess árs. Fáir virðast þó reiðubúnir til að styrkja slíkar síður með fjárframlögum og því verða þær ekki langlífar.

POPP MOLAR

Gítarhetjan **Slash** vinnur þessa dagana að sólóplötu og leyfir aðdáendum sínum að fylgjast náið með í gegnum **Twitter**. Í vikunni tók hann upp með **Dave Grohl** á trommum og **Duff McKagan**, sem var með honum í **Guns N' Roses**, á bassa. „Gott að djamma með Duff & Grohl í kvöld, lagið er rosalegur instrúmentall," skrifaði krullhærði viskíaðdáandinn. **Velvet Revolver**, núverandi hljómsveit hans, er að leita að nýjum söngvara og Slash hefur því haft nægan tíma til að sinna eigin efni. Mikill og góður hópur tónlistarmanna hefur litið inn í hljóðverið og lagt honum lið. Má þar nefna menn á borð við **Ozzy Osbourne**, **Chris Cornell**, **Flea** og **Iggy Pop**.

Seint verður sagt að góðri tónlist sé haldið að börnum í dagskrárliðum fyrir þau í sjónvarpi. Undantekning þar á er þátturinn **Yo Gabba Gabba!** sem sýndur er á **Nickelodeon**-stöðinni vestanhafs. Þátturinn þykir vel heppnaður og ekki skemmir fyrir að prýðisgóðir tónlistarmenn koma fram í þeim. Meðal banda og tónlistarmanna sem hafa komið fram í þáttunum eru the **Shins**, **of Montreal**, **the Roots**, **Chromeo**, **Mark Kozelek**, **Biz Markie**, og **I'm From Barcelona**.

Trent Reznor, forsprakki **Nine Inch Nails**, ætlar að starfa með popparanum **Gary Numan** sem gerði garðinn frægan á níunda áratugnum. Nýlega steig Numan á svið á tónleikum Nine Inch Nails og nú stendur til að hann fari í hljóðver með Reznor og þeir vinni saman að nýju efni. „Þetta verða örugglega nokkur lög til að byrja með og við sjáum síðan hvernig þetta gengur," sagði Numan.

Damon Albarn er einn þeirra sem koma til greina sem listrænn stjórnandi opnunarathafnar **Ólympíuleikanna** í **London 2012**. Skipuleggjendurnir hafa einnig rætt við leikstjórann **Stephen Daldry** um að stjórna athöfninni. Tilkynnt verður á næsta ári hver verður fyrir valinu. Albarn hefur einhverja reynslu af íþróttaviðburðum sem þessum því hann ásamt **Jamie Hewlett**, félaga sínum úr **Gorillaz**, bjuggu til opnunarsenuna fyrir umfjöllun **BBC** um Ólympíuleikana í **Peking**.

STEFNA Á AÐ SLÁ MET Í BJÓRSÖLU

„Þetta gengur mjög vel og hátíðin í ár verður án efa alveg frábær," segir Einar Ben, einn þriggja eigenda AM-Events sem sér um skipulagningu Októberfests, sem fer fram 8.-10. október. Hátíðin, sem haldin er í stærðarinnar tjaldi á túninu fyrir framan Háskóla Íslands, hefst með Rokkfesti á fimmtudeginum, á föstudeginum verður svo hefðbundið Októberfest með tilheyrandi bjórþambi, bratwurst-áti og þýskri blásaratónlist. Á laugardeginum fer fram sveitaball og mun hljómsveitin Skítamórall leika fyrir dansi.

„Í fyrra settum við Íslandsmet í bjórsölu og við stefnum á að slá það met nú í ár. Mig minnir að við höfum selt um 12.000 stóra bjóra í fyrra, en þar sem nemendum við Háskóla Íslands hefur fjölgað svo mikið í ár held ég að það ætti ekki að vera erfitt að slá þetta met," segir Einar.

- sm

SKIPULEGGJA BJÓRHÁTÍÐ Andri, Einar og Tindur eiga AM-Events og sjá um að skipuleggja Októberfest sem fer fram 8.-10. október. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

POPPGÚRÚIÐ: AXEL „FLEX“ ÁRNASON ER HRIFINN AF ÞVÍ GAMLA

SETUR TÓNLISTINA Í RÉTTA JAKKANN

Upptökustjórinn Axel Árnason hefur unnið með hljómsveitum á borð við Jeff Who?, Mammút og hinum ávallt hressu Veðurguðum. Hann opnaði nýlega hljóðverið ReFlex og heldur þar áfram að stjórna upptökum á plötum margra af bestu hljómsveitum landsins. Axel opnaði dótakassann fyrir POPP.

FLOTTUR JAKKI Upptökustjórinn Axel „Flex Árnason opnar stúdíó á Hólmaslóð 4.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Ég hef alltaf verið mjög hrifinn af því gamla. Ef ég hefði allan tímann í heiminum myndi ég taka upp á teip,“ segir upptökustjórinn Axel Árnason um ódauðlega ást sína á segulbandstækninni.

Afar fátítt er að hljómsveitir taki upp á segulband í dag. Algengasti upptökubúnaðurinn er Pro Tools, en hann er einnig sá eini sem Axel kann eitthvað á, að eigin sögn. Það virðist einnig vera eina upptökuforritið sem hann þarf að kunna á, enda hefur hann unnið með mörgum af bestu og vinsælustu hljómsveitum landsins og pródúserað margar frábærar plötur síðustu ár.

Axel segir að inni í hljóðverinu sé einn af bestu félögum hans compressor-búnaðurinn. Hann upplýsir fávísan blaðamanninn um að compressor sé notaður til að jafna hljóð og breyta karakter þess. „Hann slær niður hljóð sem fer yfir ákveðinn þröskuld, en ég ræð hvernig hann gerir það. Hversu hratt, hart, mjótt,“ segir hann.

Störf upptökustjóra eru afar misjöfn í eðli sínu, sérstaklega á Íslandi. Dæmi eru um að menn mæti á staðinn, setjist við upptökumixerinn, ýti á REC og bíði svo eftir því að hljómsveitin klári. Axel er af annarri tegund upptökustjóra og tekur virkan þátt í upptökuferlinu, skiptir sér af lögunum og hjálpar hljómsveitunum jafnvel við útsetningar.

Hann segir misjafnt hvernig hljómsveitir vilji haga sínum störfum. „Ég kem hreint fram með hvernig ég vinn,“ segir Axel. „Flestir vita það og ráða mig á þeim forsendum. Ég reyni að vera trúr tónlistinni. Ég er alltaf með mínar aðferðir og ákveðin trix og fókus, en mér finnst mikilvægt að finna rétta jakkann fyrir hvert verkefni til að klæða það í.“

DÓTAKASSINN

Pro Tools, Universal Audio DSP card, Compressor 1176, MIDI controller, Peluso hljóðnemar, Yamaha NS10.

NÝJA GRÆJAN

Fatso er viðbót (plug-in) við Universal Audio sem Axel segir að hljómi gríðarlega vel. „Ég er rétt að byrja að kynnast því,“ segir hann. „Fatso er compressor/tape-simulator. Hann getur bæði compressað og svo eru tape simulator pælingar.“ Eins og skýringin gefur til kynna, þá líkir Fatso eftir segulbandsupptöku – sem Axel er einmitt mjög hrifinn af.

PLÖTUR SEM AXEL PRÓDÚSERAÐI NÝLEGA:

Jeff Who? – Jeff Who?

Mammút – Karkari

Ingó & Veðurguðirnir – Góðar stundir

Lada Sport – Time and Time Again

PLÖTUR SEM AXEL VINNUR AÐ ÁSAMT HLJÓMSVEITUNUM:

Hoffmann – Your Secrets Is Safe With Us

Morðingjarnir – Flóttinn mikli

JAY-Z VILDI DREPA AUTO-TUNE

MISHEPPNUÐ MORÐTILRAUN JÓK SÖLU

Platan The Blueprint 3 með athafnamanninum Jay-Z situr nú á toppi bandarísku Billboard listans. Á plötunni er að finna lagið D.O.A, eða Death of Auto-Tune. Eins og titillinn gefur til kynna fjallar lagið um hugbúnaðinn sem hefur tröllriðið tónlistariðnaðinum undanfarið og sífellt fleiri nýta til þess að brengla röddina í stað þess að leiðrétta tónhæð, sem er algengasta og „rétta“ notkunin.

Samkvæmt vefsíðu New York Times hefur sala á Auto Tune aukist síðan lag Jay-Z kom út. „Við gætum ekki keypt svona góða auglýsingu,“ sagði Marco Alpert, aðstoðarmarkaðsstjóri Antares, sem framleiðir Auto-Tune. Hann vildi ekki fara út í nákvæmar sölutölur, en tók fram að auknin

gin væri talsverð. „Ég held að Jay-Z hafi séð Auto-Tune notað í auglýsingu skyndibitastaðarins Wendys – það var kornið sem fyllti mælinn.“

Marco segist ekkert skipta sér að því hvernig fólk noti hugbúnaðinn. „Þetta er tól sem er notað af folki sem kaupir það,“ segir hann. „Við erum ánægðir með að neytendurnir finni ný not fyrir það.“

GRÆJUR: MP3-SPILARAR

FINGRAÐU ÞIG ÁFRAM

MP3-spilarar hafa þróast hratt síðan Apple kynnti iPod til sögunnar í október 2001. Áður fyrr réðu spilararnir aðeins við að geyma og spila tónlist, en í dag eru þeir orðnir að litlum tölvum sem spila myndbönd, vafra um netið og taka við tölvupósti ásamt því að spila tónlist að sjálfsögðu. Flottustu spilararnir eru komnir með snertiskjá í þokkabót og POPP kynnti sér fjóra slíka.

Fyrsti MP3-spilarinn hét MPMan F10. Kóreski framleiðandinn Saehan sendi spilarann frá sér í mars 1998 og verðið var 250 dollarar. Spilarinn var með 32 MB minni og gat geymt allt að átta lög.

ZUNE HD frá Microsoft

Fáránlega flottur spilari. Kemst á netið í gegnum Wi-Fi, eins og fartölvan þín og rafhlaðan er sögð endast í 33 klukkutíma í tónlistarspilun og átta og hálfan tíma í myndbandaspilun.

Stærð: 52,7x102,1x8,9 mm
Þyngd: 74 g
Snertiskjár: 3,3“, 16:9
Geymsla: 16 og 32 GB
Tengingar: USB, Wi-Fi og HDMI.

ZEN X-FI 2 frá Creative

Svolítið að reyna að líta út eins og iPod. Kemst ekki á netið nema með hjálp fartölvu eða síma. Rafhlaðan ætti að endast í allt 25 klukkara í tónlistarspilun og fimm í myndbandaspilun.

Stærð: 57x102x11,6 mm
Þyngd: 75 g
Snertiskjár: 3“
Geymsla: 8, 16 og 32 GB
Tengingar: USB

X SERIES WALKMAN frá Sony

Smekklega hannaður og töff. Kemst á netið og rafhlaðan á að endast vel, eða í 33 tíma í tónlistarspilun og í níu tíma í myndbandaspilun.

Stærð: 54,1x98x9,6 mm
Þyngd: 99 g
Snertiskjár: 3“
Geymsla: 16 og 32 GB
Tengingar: Wi-Fi, USB

SPILARARNIR ERU Í RAUNSTÆRÐ!

IPOD TOUCH frá Apple

Með fullri virðingu fyrir hinum spilurunum, þá er iPod kóngurinn. Stærsti skjárinn, mesta geymslumagnið og í raun tölva sem kemst í vasann þinn.

Stærð: 61,8x110x8 mm
Þyngd: 115 g
Snertiskjár: 3,5“
Geymsla: 32 og 64 GB
Tengingar: Wi-Fi, Bluetooth, USB

SKÝRINGAR

32 GB: sirka 7.000 lög.
Wi-Fi: Samskonar þráðlaus tenging við netið og fartölvur bjóða upp á.

NEW YORK, NEW YORK

Hin 24 ára Ingibjörg Ragnheiður Egilsdóttir keppti í ungfrú Ísland árið 2008 og lenti í öðru sæti. Henni bauðst þá að taka þátt í Miss Universe, sem er í eigu auðmannsins Donalds Trump, en hún hafnaði því vegna þess hversu stuttur undirbúningstíminn var. Í apríl fékk hún svo annað tækifæri og greip það. Hún fór til Bahamaeyja í sumar, tók þátt í Miss Universe og endaði í einu af 15 efstu sætunum. Nú er Ingibjörg á leiðinni til New York þar sem hún ætlar að freista gæfunnar í hörðum heimi módelbransans.

TEXTI: Atli Fannar Bjarkason
MYND: Valgarður Gíslason

Ég var í mánuð á Bahamaeyjum. Það var ekki leiðinlegt," segir Ingibjörg Ragnheiður. „Þetta var flottasta hótel sem ég hef á ævi minni séð, það var allt í marmara og þjónum. Það var stíf dagskrá sem hófst eldsnemma á morgnana og stóð langt fram á kvöld, alla dagana."

- Það var semsagt vaknað klukkan sjö og farið út?

„Nei, við vöknuðum svona fjögur-fimm til að græja okkur."

- Á morgnana?

„Já (hlær)."

- Ok! Ég hélt að það hefði verið svo mikið fyllirí að enginn færi á fætur fyrr en síðdegis...

„Nei, það var ekkert áfengi leyfilegt."

- Ekkert áfengi?

„Nei."

- Bara ekkert?

„Nei, ekki fyrr en eftir keppnina."

- Þá var partí?

„Já, þá var partí."

Ég spyr Ingibjörgu hvað í ósköpunum fagrar stúlkur geri þegar þær dvelja í heilan mánuð saman á fimm stjörnu hóteli á hitabeltiseyju. Vonbrigðin voru ólýsanleg þegar hún taldi upp köfun með höfrungum, flugferðir á milli eyjanna og tískusýningar... Ég sem sá fyrir mér brúsa af sólarolíu og einlæga hjálpsemi fegurstu stúlkna heims...

Donald Trump hafði áhyggjur af Íslandi

Þrátt fyrir að stúlkurnar brögðuðu ekki áfengi fyrr en eftir keppni þá fóru þær í nokkur partí. Þar sem auðmaðurinn Donald Trump er eigandi Miss Universe-keppninnar liggur beinast við að spyrja hvort hann hafi mætt á svæðið.

„Já, hann var þarna."

- Og hittirðu Donaldinn?"

„Já."

- Hvernig er hann? Er hann eins og í sjónvarpinu?

„Nei, ég hef reyndar ekki horft á The Apprentice, en ég tékkaði á þáttunum á Youtube áður en ég fór út vegna þess að allir voru að tala um þennan grimma mann. En hann er voða góður, almennilegur."

- Ekki ríkur dóni?

„Nei, hann virkar ekki svoleiðis á mig."

- Var hann þarna með allan tímann eða kom hann bara í partíin með viðhöfn eins og í þáttunum?

„Já, það var svoleiðis. Það voru allir alveg „vóóó"."

Samkvæmt Ingibjörgu er Donald vel með á nótunum um fjármálamarkaði heimsins þar sem það fyrsta sem hann spurði um var ástandið á Ísland.

„Við spjölluðum aðeins um það."

- Og baðstu hann um hjálp fyrir Íslands hönd?

„Nei, ég hefði nú átt að gera það. Hann talaði vel um Íslendinga, sagði að við hefðum alltaf verið hörkuþjóð og kæmumst alveg út úr þessu."

- Hefur hann trú á okkur?

„Já (hlær), hann hefur trú á okkur."

Reynir fyrir sér sem módel í New York

Donald Trump var ekki sá eini sem hafði áhyggjur af Íslandi því stelpurnar í keppninni spurðu hana mikið út í ástandið. Ingibjörg sagðist lítið vilja tala um það og talaði frekar um sérstöðu Íslands, ósnortna náttúru, raunveruleg gæði sem eru, eins og við vitum öll, að finna á hverju strái landsins.

„Ég kynntist fullt af stelpum og fullt af fólki í kringum keppnina sem ég er í sambandi við á hverjum einasta degi."

- Er þetta fólk úr bransanum sem gæti hugsanlega hjálpað til?

„Já, mögulega."

- Var enginn flagari sem lofaði að gera þig að stórstjörnu?

„Nei... Ég held að það sem gerist í kjölfarið sé í mínum höndum. Ég lít á það þannig."

- Og hvað ætlarðu að gera?

„Ég ætla bara... Það er leyndó."

- Leyndó?! (hlær) kemurðu í viðtal og segir bara leyndó?

„Nei (hlær), ég segi svona. Mig langar að halda áfram og reyna fyrir mér í þessum bransa á meðan ég er ung og barnlaus. Það kemur í ljós hvert ég næ."

Ingibjörg er á leiðinni til New York þar sem hún ætlar að reyna fyrir sér í hörðum heimi fyrirsætubransans. Hún er á lausu og fer því ein, en tekur fram að það sé ekkert mál. Hún hefur áður búið ein í fjarlægum löndum og sé auk þess mjög prívatmanneskja.

Stillir væntingum í hóf

Ingibjörg er með báða fætur á jörðinni og fer ekki til New York með stjörnur í augunum í von um skjótan frama.

„Ég er að taka fyrstu skrefin eftir keppnina. Mig langar að halda áfram, keppnin kveikti smá bál."

- Þú sást sem sagt að það var möguleiki að starfa við þetta?

„Já. Svo komst ég í topp 15 og sá að það var raunhæfur möguleiki."

Hún segist vera hógvær í sambandi við sjálfa sig og passar sig á því að gera sér ekki of miklar vonir.

„Maður á að hugsa stórt, eins og Donald segir: „Think big" (hlær). En ég þori ekki að setja mér of háleit markmið. Ég fer út og svo gerist það sem gerist."

- Markmiðið er sem sagt að sjá hvað gerist og grípa tækifærin sem gefast?

„Já. Ég helli mér út í þetta og það kemur út úr þessu það sem kemur út úr þessu."

MISS ICELAND-BORÐINN REDDAÐI YFIRVIGTINNI

Ingibjörg og hinar stelpurnar í Miss Universe fengur gríðarlegt magn af allskyns gjöfum á meðan dvöl þeirra á Bahamaeyjum stóð. Þær fengu meðal annars myndbandsupptökuvélar og töskur fullar af alls kyns varningi sem vóg um 100 kíló. „Ég var semsagt með rúm 50 kíló í yfirvigt og veit ekki hvað ég hefði þurft að borga," segir Ingibjörg. „Það reddaðist frá Bahamaeyjum til New York vegna þess að aðstandendur keppninnar settu mig í fyrsta farrými og ég þurfti ekki einu sinni að fara í gegnum öryggishlið. Svo þegar ég kem til New York fer ég á JFK-flugvöllinn með allt dótið. Ég vissi að það yrði erfitt fyrir mig – Íslendinginn – að redda mér úr þessu veseni. Þannig að ég græjaði mig rosa fína, klæddi mig í kjól, setti krullur í hárið og skellti á mig Miss Iceland-borðanum. Og það virkaði! Konan sem tékkaði mig inn leit ekki einu sinni á töskurnar mínar, sagði bara „Miss Iceland is here!"

FEGURÐARDROTTNING Ingibjörg Ragnheiður fór fyrir Íslands hönd í Miss Universe og komst í eitt af 15 efstu sæ

MILLJÓN VÆRI OF L

Þegar Ingibjörg var á Bahamaeyju
í Miss Universe bárust fréttir um a
karlatímaritsins Playboy spáði her
keppninni. Fréttirnar bárust að sjá
hennar. „Mér fannst stórt að heyra
voru allir að tala um þetta úti," se
„Ég verð að viðurkenna að ég hef
Playboy og veit lítið um hvernig b
Blaðamaður (sem les að sjálfsög
í Playboy) útskýrir að Playboy sé

- Betri kjör á bankaþjónustu
- Húsaleiguábyrgð
- Framfærslulán
- Lán fyrir skólagjöldum o.fl.

Kaupþing námsmenn
- þegar námið skiptir höfuðmáli

NÝI KAUPÞING BANKI

ÍSLENSKA SIA.IS KAU 46783 08/09

Kvikmyndahátíð í Regnboganum 25 – 30 september

Reykjavík
Bergen
Århus
Oulu
Malmö

Reykjavík Iceland
25 – 30 September 2009
20th Anniversary

nordiskpanorama.com

NORDISK PANORAMA
FIVE CITIES FILM FESTIVAL

NORDIC SHORTS AND DOCUMENTARIES

NORDISK PANORAMA
FIVE CITIES FILM FESTIVAL

NORDIC SHORTS AND DOCUMENTARIES

Stutt- og heimildamyndahátíðin Nordisk Panorama verður haldin í Reykjavík 25.–30. september næstkomandi. Hátíð þessi hefur verið haldin á Norðurlöndunum síðastliðinn 20 ár og fimmta hvert ár í Reykjavík en hátíðin er samstarfsverkefni Reykjavíkur, Bergen, Árhus, Oulu og Malmö.

Hátíðin býður upp á einstakt tækifæri til þess að taka púlsinn á norrænni kvikmyndagerð og vera fyrstur til að sjá nýjar myndir eftir þekkta leikstjóra og óuppgötvað hæfileikafólk. Fjöldi alþjóðlegra þekktra norrænna leikstjóra hefur þreytt frumraun sína á Nordisk Panorama og er hátíðin mikilvægur stökkpallur fyrir unga kvikmyndagerðarmenn. Keppnisdagskrár hátíðarinnar eru þrjár þar sem 72 nýjar stutt- og heimildamyndir keppa um fern verðlaun: Besta norræna stuttmyndin, Besta norræna heimildamyndin, Besta nýja norræna röddin og Canal+ verðlaunin. Jafnframt eru áhugaverðar hliðardagskrár með nýjum alþjóðlegum myndum og málþing með þekktum fyrirlesurum. Meirihluti mynda hátíðarinnar verða sýndar í Regnboganum að undanskildum kvikmyndasýningum Rafskinnu í Hafnarhúsinu, kvikmyndasýningum í Þjóðminjasafninu og málþingi í Norræna húsinu. Samhliða hátíðinni fer fram fjármögnunarmessa í Iðnó og kvikmyndamarkaður á Hótel Borg.

KIPPIR FÓTUNUM UNDAN BERLUSCONI

Leikstjóri: Erik Gandini
26.09 kl. 20.00 / 28.09 kl. 10.00 / 28.09 kl. 22.00

Heimildamyndin **Videocracy** eftir hinn sænska Erik Gandini fjallar um póltíkina í ítölsku sjónvarpi og hefur vægast sagt komið illa við forsætisráðherrann Silvio Berlusconi. Stikla úr myndinni hefur verið **bönnuð** á öllum helstu sjónvarpsstöðum á Ítalíu en í myndinni er fjallað um ómenninguna í ítölsku sjónvarpi og hvernig það grundvallast á því að styðja við og byggja upp draumaheim eiganda þess Silvio Berlusconi. Ótrúleg viðbrögð hafa komið fram en myndin var valin á bæði Alþjóðlegu kvikmyndahátíðina í Toronto og kvikmyndahátíðina í Feneyjum.

SKYGGNST INN Í LOKAÐ LAND

Leikstjóri: Anders Østegård
27.09 kl. 12.00 / 29.09 kl. 10.00 / 29.09 kl. 22.00

Í **BURMA VJ – Reporting from a Closed Country** gefst einstakt tækifæri til þess að fylgjast með byltingunni sem átti sér stað í Burma sumarið 2007 þegar Búdda munkar leiddu meira en 100.000 manns í friðsamri kröfugöngu gegn því hervaldi sem haldið hefur landinu í gíslingu í fjóra áratugi. Fréttamenn í leynum leggja líf sitt og limi í hættu með því að taka upp atburðarásina með földum myndavélum. Þessum myndum fréttamannanna sem kölluðu sig **The Democratic Voice of Burma**, var smyglað út úr landinu og var myndefnið það eina sem umheimurinn fékk að sjá frá þessu hertekna landi. Þessi heimildamynd hefur farið sigurför um heiminn og **unnið til verðlauna á helstu heimildamyndahátíðum í heiminum, IDFA, Sundance, Boulder og CPH:DOX.** Þessa mynd má enginn láta framhjá sér fara.

HVAÐ GERIR FÓLK Á BAK VIÐ LUKTAR DYR?

Leikstjóri: Jukka Kärkkäinen
27.09 kl. 22.00 / 28.09 kl. 18.00

The Living Room of the Nation er einstök heimildamynd, ljóðræn og persónuleg. Hún opnar heimili fólks fyrir umheiminn að fylgjast með. Myndin er líkt og mósaík mynd af hversdagsleikanum sem allir eiga sameiginlegan. Allt frá æskuminningum til eldhússlysa, líkamsrækt til vinarækta og áfengisdrykkju til sjónvarpsgláps. Einstök mynd sem sýnir áhorfandanum að fyrir innan útihurðir heimshorna á milli glímum við flest við sama hversdagsleikann.

ANDSTÆÐINGAR GRAFA STRÍÐS-ÖXINA

Leikstjóri:
Nahid Persson Sarvestani
26.09 kl. 12.00 / 26.09 kl. 22.00
29.09 kl. 12.00

Leikstjóri **The Queen and I**, Nahid Persson Sarvestani, hefur gert fjölda mynda sem fjalla um ástandið í heimalandi sínu Íran. Hún tók þátt í uppreisninni árið 1979 þegar konungsvaldið var upprætt og konungsfjölskyldan neydd til að flýja land. Í dag eru bæði Sarvestani og Farah Pahlavi í útlegð frá heimalandi sínu en myndin fjallar um drottninguna fyrrverandi og ólíklegan vinskapinn sem myndast á milli þessara tveggja pólitísku andstæðinga.



ÓJAFN LEIKUR

Leikstjóri: Fredrik Gertten
28.09 kl. 18.00 / 29.09 kl. 22.00

Umtalaða og umdeilda heimildamyndin, **BANANAS!*** verður sýnd á Nordisk Panorama í ár. Myndin fjallar um nokkra Suður-Ameríska starfsmenn á bananaplantekru í Nicaragua í eigu Dole ávaxta-fyrirtækisins og lögsókn þeirra gegn vinnuveitendum sínum. Vinnumennirnir halda því fram að Dole hafi notað ólöglegt eitur á akrana sína og vegna þessa hafi einhverjir dáið og ótalmargir orðið ófrjóir. **Myndin hefur vakið hörð viðbrögð en Dole lögsótti framleiðendur og leikstjóra myndarinnar fyrir rógburð og ærumeiðingar og hefur farið fram á að myndin verði bönnuð.** Lincoln Bandlow einn besti höfunda-réttarlögfræðingur Bandaríkjanna og verjandi kvikmyndagerðar-mannanna kemur til landsins og tekur þátt í pallborðsumræðum á eftir fyrri sýningu myndarinnar en á málþinginu verður fjallað um myndina, málsóknina og málfrelsi í heimildamyndum. Cynthia Kane frá ITVS mun leiða umræðurnar og má enginn láta þessa mynd og pallborðsumræður framhjá sér fara.

ÓRÉTTLÆTI HEIMSINS Í ALLRI SINNI MYND

Leikstjóri: Erlend E. Mo
26.09 kl. 14.00 / 27.09 kl. 22.00 / 28.09 kl. 12.00

Á áttunda áratugnum áttu sér stað óhuggulegar nauðganir og morð á tveimur stúdínum í Þrándheimum. Ungur fréttamaður, Tore Sandberg, fjallar um rannsókn málanna í fjölmiðlum sem endar með því að hinn fatlaði Fritz Moen er sakfelldur og dæmdur í ævilangt fangelsi. Þrjátíu árum seinna nagar málið enn Sandberg og hann ákveður að opna málið að nýju með aðstoð félaga síns og saman hefja þeir rannsókn á þrjátíu ára gamalli atburðarás. Þeir kumpánar eru einstakt tvíeyki og heilla þeir áhorfendur upp úr skónum í leit sinni að sannleikanum í myndinni **Nemesis**.

ANNA OG RÚNAR Á CANNES

Leikstjóri: Rúnar Rúnarsson
27.09 kl. 14.00 / 28.09 kl. 12.00 / 29.09 kl. 20.00

Það telst til frétta þegar íslenskur leikstjóri er með mynd á Cannes en Rúnar Rúnarsson færir þann fréttaflutning á annað plan en síðustu tvær myndir hans hafa verið valdar á Cannes og er hann nýútskrifaður úr Danska kvikmyndaskólanum. Útskriftarmyndin **Anna** var ekki bara valin til Frakklands heldur einnig á Nordisk Panorama 2009. Myndin fjallar um Önnu, þrettán ára unglingsstúlku á krossgötum í lífinu og baráttu hennar við erfiðar tilfinningar. Rúnar er með færustu ungu leikstjórum í heiminum og hefur hann vakið verðskuldaða athygli fyrir þessa útskriftarmynd sína.

EKKI MISSA AF ÍSLENSKU MYNDUNUM Í KEPPNI Á NORDISK PANORAMA!

EPIK FEIL
26.09 KL. 14.00 / 28.09 KL. 10.00 / 29.09 KL. 16.00
Leikstjóri: Ragnar Agnarsson
Páll er sérlundaður og einmana hljóðupptökumaður. Fótunum er kippt undan honum þegar öllum græjunum hans er stolið og hann fetar ótroðnar slóðir í leit að aðstoð.

SUGARCUBE
27.09 12.00 / 29.09 10.00 / 29.09 18.00
Leikstjóri: Sara Gunnarsdóttir
Falleg saga um æskuminningar og erfiðleika sem upp koma þegar börn vaxa úr grasi. Íslenskur andi svífur yfir vötnum.

ÁLAGABLETTIR (IN THE CRACK OF THE LAND)
26.09 kl. 16.00 / 28.09 kl. 16.00 / 29.09 kl. 20.00
Leikstjóri: Una Lorenzen
Frumleg saga sem er táknræn fyrir þá vá sem steðjar að íslenska hálendinu á tímum iðnvæðingar. Sagan gefur nýja sýn á málið og undirstrikar hið sérstaka dulræna samband sem ríkir milli Íslendinga og náttúrunnar.

HNAPPURINN (THE BUTTON)
26.09 kl. 12.00 / 28.09 kl. 18.00
Leikstjóri: Sigurbjörn Búi Baldvinsson
Hvað gerist þegar ungur maður sem hefur fest líf sitt niður í fyrirfram mótað ferli þarf að gera breytingar? Ekkert bragðast jafn vel og forboðinn ávöxtur.

DRAUMALANDIÐ
26.09 kl. 10.00 / 27.09 kl. 14.00
Leikstjóri: Þorfinnur Guðnason og Andri Snær Magnason
Hvernig líður manni þegar maður hefur selt allt? Í aðdraganda efnahagshrunsins hófu íslensk stjórnvöld mestu framkvæmdir Íslandssögunnar. Verkefnið var að reisa stærstu stíflu í Evrópu til að framleiða rafmagn sem ameríski orkurisinn Alcoa kaupir ódýru verði.

HEIMILDAMYNDIR Á HEIMSMÆLIKVARÐA

Ein besta heimildamyndagerðarkona í heiminum í dag er Heddy Honigmann en yfirlitssýning á verkum hennar er á hátíðinni. Það sem gerir Honigmann að svo góðum kvikmyndagerðarmanni er ljóðrænt flæði mynda hennar og frásagnarmáti. Það sem nær áhorfandanum er tilfinning hennar fyrir því mannlega, samkennd við náungann sem hittir í hjartastað. Nú síðast fékk Honigmann Hot Docs Outstanding Achievement Award árið 2007. Á Nordisk Panorama eru ótal aðrar áhugaverðar heimildamyndir sem ekki gefst kostur á að fjalla um. Má þó nefna nokkrar sérstaklega áhugaverðar hér á hundavaði:
Let's be Together sem tekur á kynferði og kynjafræðum á einstakan og náinn hátt. **Ito a Diary of an Urban Priest** er mynd um Toyko séð með augum ungs munks sem kynnist litrófi mannlífsins á ferð sinnu um götur borgarinnar að nóttu til. **Black Nation** fjallar um stöðu blökkumanna í Bandaríkjunum og er mjög áhugaverð í ljósi þess að blökkumaður er nú forseti Bandaríkjanna.

EINHVERN TÍMANN HAUSTAR Í LÍFI OKKAR ALLRA
Verðlaunamynd frá Cannes

Leikstjóri: Patrik Eklund
26.09 kl. 10.00 / 28.09 kl. 14.00 / 29.09 kl. 14.00

Stuttmyndin **Seeds of the Fall** eftir Svían Patrik Eklund hefur sannarlega slegið í gegn en hún **vann til verðlauna á Inernational Critics Week í Cannes fyrr á árinu**. Myndin fjallar um miðaldra hjón sem leið eru orðinn hvort á öðru og tilbreytingasnauðum hversdeginum. Það vorar þó á einstakan hátt í lífi þeirra þegar þau fá óvænta heimsókn beint inn í svefnherbergi. Myndin er 17 mínútur að lengd og er sýnd ásamt fimm öðrum stuttmyndum á ofangreindum tímum og er því algjör kvikmyndaveisla.



NORDISK PANORAMA
FIVE CITIES FILM FESTIVAL

NORDIC SHORTS AND DOCUMENTARIES

DAGSKRÁ

Allar nánari upplýsingar um einstaka dagskrárliði er að finna á heimasíðu hátíðarinnar.

nordiskpanorama.com

AÐGANGUR

Einn miði	kr. 500
Hátíðarpassi á allar sýningar	kr. 2000

Miðasala fer fram í Regnboganum.

Einnig er hægt að kaupa hátíðarpassa í Eymundsson Austurstræti.

Eymundsson
Bookseller since 1872

PRIX UIP
Evrópskar verðlaunamyndir keppa um Evrópsku kvikmyndaverðlaunin.

20 ÁRA AFMÆLI
Vinningsmyndir síðustu tveggja áratuga á Nordisk Panorama.

RETRO DRG
Úrval stuttmynda Dags Kára Péturssonar, Rúnars Rúnarssonar og Gríms Hákonarsonar.

Laugardagur 26 september

	10.00	11.00	12.00	13.00	14.00	15.00	16.00	17.00	18.00	19.00	20.00	21.00	22.00	23.00	24.00
Regnboginn 1	ND1		ND3		ND5		NS7		ND8		PRIX UIP 2		ND2		
Regnboginn 2	NS2		NS1		NS6		ND11		My Dinner With: Kúrekar Norðurs.		RIP		ND3		
Regnboginn 3	NNV1		NNV2		Forever		dvoted		PRIX UIP 1		ND7		Oblivion		
Regnboginn 4	O Amor Natural		Underground Orchestra		Crazy		Retro DRG1		Retro DRG2		Give Me Your Hand		My Dinner With: Rokk í Reykjavík		
Markaður Hótel Borg	Nordisk Panorama Market														
Fyrirlestraröð Hótel Borg						In-Flight Entert.	Shorts f. Mobile	What are Festivals							
Þjóðminjasafnið				Þorskastríðið											
Hjarta Reykjavíkur									REC kvikmyndadagskrá í strætó						
Íslenski barinn														DJ Andrea Jónsdóttir þeytir skífur	

Sunnudagur 27 september

	10.00	11.00	12.00	13.00	14.00	15.00	16.00	17.00	18.00	19.00	20.00	21.00	22.00	23.00	24.00
Regnboginn 1	ND10		ND4		NS3		ND12		ND6		NS1		ND9		
Regnboginn 2	NS4		NS5		ND1		RIP		RIP Málþing		Underground Orchestra		ND5		
Regnboginn 3	Retro DRG1		Retro DRG2		NNV4		NNV3		O Amor Natural		PRIX UIP 1		PRIX UIP 2		
Regnboginn 4	20 ára afmæli 1		20 ára afmæli 2		20 ára afmæli 3		20 ára afmæli 1		20 ára afmæli 2		20 ára afmæli 3		Crazy		
Rainbow Café						20 ára afmælishátíð									
Markaður Hótel Borg	Markaður Nordisk Panorama														
Fyrirlestraröð Hótel Borg						Creative Financ.	Distribu. not for D.								
Þjóðminjasafnið				Iceland and the Incredible Iceland											
Listasafn Reykjavíkur Hafnarhús					Kvikmyndadagskr. Rafskinnu										
Norræna Húsið								My Dinner With: Friðrik Þór/Jim Stark							
Hjarta Reykjavíkur									REC kvikmyndadagskrá í strætó						
íslenski barinn													Trúbador Svavar Knútur		
Prikið Bar														Þynnkubíó: Seven Samurai	

Mánudagur 28 september

	10.00	11.00	12.00	13.00	14.00	15.00	16.00	17.00	18.00	19.00	20.00	21.00	22.00	23.00	24.00
Regnboginn 1	NS6					Apple Kynning			Sérstök sýning BANANAS!*		BANANAS!* Málþing		Crazy		
Regnboginn 2	ND7		ND5		ND6		My dinner with: Kúrekar Norðursins		NS4		ND11		ND7		
Regnboginn 3	NNV1		NS3		NS2		ND2		ND9		PRIX UIP 1		PRIX UIP 2		
Regnboginn 4	Give Me Your Hand		Forever		Oblivion		NS7		NNV2		Underground Orchestra		O Amor Natural		
Markaður Hótel Borg	Markaður Nordisk Panorama														
Fyrirlestraröð Hótel Borg						Get it out there	Hunting for Oscar	Selling y. Short							
Nordisk Forum Iðnó	Nordisk Forum														
Listasafn Reykjavíkur Hafnarhús						Endurk. ramma.									
Hjarta Reykjavíkur									REC kvikmyndadagskrá í strætó						
Íslenski barinn													Elín Ey & Myrra Rós blús dúet		

Þriðjudagur 29 september

	10.00	11.00	12.00	13.00	14.00	15.00	16.00	17.00	18.00	19.00	20.00	21.00	22.00	23.00	24.00
Regnboginn 1	ND12		Japan: A story of Love and Hate		Richard Klein málþing		Sérstök sýning Sólskinsdrengurinn				Sólskinsdrengurinn ný útgáfa		BANANAS!*		
Regnboginn 2	NS5		NNV4		NS2		ND10		Japan: A story of Love and Hate		NS3		ND4		
Regnboginn 3	ND4		ND3		ND8		NS6		NS5		NS7		My Dinner With Rokk í Reykjavík		
Regnboginn 4	NNV3		NS1		NS4		Give me your Hand		20 ára afmæli 3		20 ára afmæli 2		20 ára afmæli 1		
Markaður Hótel Borg	Markaður Nordisk Panorama														
Nordisk Forum Iðnó	Nordisk Forum														
Listasafn Reykjavíkur Hafnarhús						Kvikmyndadagskr. Rafskinnu									
Hjarta Reykjavíkur									REC kvikmyndadagskrá í strætó						

Miðvikudagur 30 september

	10.00	11.00	12.00	13.00	14.00	15.00	16.00	17.00	18.00	19.00	20.00	21.00	22.00	23.00	24.00
Regnboginn 1	Verðlaunamyndir				Verðlaunamyndir				Verðlaunamyndir						
Regnboginn 2	Verðlaunamyndir				Verðlaunamyndir				Verðlaunamyndir						

HEIMILDARMYNDIR

ND1
Draumalandið

ND2
Ito – A Diary of an Urban Priest

ND3
The Queen and I

ND4
BURMA VJ – Reporting from a Closed Country
Civil Servant P327JUM

ND5
Nemesis
Ghosts

ND6
Let's Be Together
Hanasaari A

ND7
Control
Videocracy

ND8
Between Dreams
The Red Chapel

ND9
The Living Room of the Nation
Black Heart

ND10
Restless in Paradise
Side by Side
Human

ND11
Black Nation

ND12
A Moving Load of Memories
Yodok Stories

STUTTMYNDIR

NS1
Fengshui
Attached to You
Elkland
Lars and Peter

NS2
Mirror
Blue Dolphin
Final Round
Mind the Gap
Guri Gursjen and Gursjan Gru
Seeds of the Fall

NS3
Janna og Liv
Pistachio
Pinly og Flau
Exactly
Anna
Dreams from the Woods

NS4
Good Stuff
Sheep
Spot and Splodge in Snowstorm
The Other Ones
The Sylpphid
All Set

NS5
Beast
The Gang of Lidingö
Sugarcube
Hide and Seek
Truth or Dare
The Fight

NS6
Epik Feil
Still Birds
Cathrine
This is Alaska
Angry Man
Little Miss Eyeflap

NS7
Sun Shine
Álagablettir
English Lessons
Customer Support
November
Fish

NÝJAR NORRÆNAR RADDIR

NNV1
Toxic playground
The Coffee Break

NNV2
Greetings from the Woods
Hnappurinn

NNV3
Strays
SHRUG
Nobody Passes Perfectly

NNV4
The World's Most Beautiful Man
How They Dance
Enemies Within
In Chambers

ætunum.

LÍTIÐ FYRIR PLAYBOY

um á að keppa
að vefútgáfa
nni sigri í
álfsögðu til
a þetta og það
gir Ingibjörg.
ekki lesið
laðið er.“
gðu greinarnar
erótískt rit,
laust við klám og eins ljósblátt og þau verða. Svo liggur beinast við að spyrja að því sem allir vilja vita.

- Höfðu þeir samband í kjölfarið?

„Nei, ekki ennþá.“

- Hvernig myndirðu bregðast við ef þeir hringdu núna?

„Ég veit það ekki. Ég myndi skoða það.“

- Segjum að þeir myndu bjóða milljónkall?

„Milljón er frekar lítið.“

Áskrift **borgar sig!**

Áskriftarleið 1
Íslensk tónlist
Frá 549,-
Ótakmarkaður aðgangur að íslenskri tónlist, 50.000 lög í boði. Þú getur hlustað (streymt), búið til lagalista, keypt tónlist - 2.500.000 laga í boði. Fengið sértilboð/afslætti og margt fleira.

Áskriftarleið 2
Íslensk og erlend tónlist
Frá 799,-
Ótakmarkaður aðgangur að íslenskri og erlendri tónlist - 2.500.000 laga í boði. Þú getur hlustað (streymt), búið til lagalista, keypt tónlist. Fengið sértilboð/afslætti og margt fleira.

Áskriftarleið 2 - Tilboð
Áskriftartilboð viðskiptavina Símans
Frá 549,-
Ótakmarkaður aðgangur að íslenskri og erlendri tónlist. 2.500.000 laga í boði. Þú getur hlustað (streymt), búið til lagalista, keypt tónlist .

Prófaðu frítt í 7 daga!

Tónlist.is

LÍTIÐ ROKK AÐ SIG ÚT ÚR HVA

TEXTI: Dr. Gunni
MYND: Valgarður Gíslason

Strákarnir í Cliff Clavin nefna bandið eftir lúðalega póstinum í Staupasteini. „Það er krefjandi verkefni að gera þetta nafn kúl," segja þeir. Strákarnir eru fæddir 1987, nema bassaleikarinn Þórólfur („Tótó") sem er fæddur 1989 og fær að heyra það. Hinir heita Fannar (gítar), Arnar (trommur) og Bjarni sem syngur og spilar á gítar. Bjarni er bróðir Kristós, söngvara Lights on the highway. Tveir þeir síðastnefndu tala mest. Hinir segja eiginlega ekki neitt. Bandið er frá Garðabæ og byrjaði 2005.

Arnar: „Garðabær er flottur bær. Það er allavega nóg af peningum þar. Það er talað um að þetta sé best stæða bæjarfélagið á landinu. Miðað við höfðatölu allavega."

Eru engin hverfi sem eru tóm? Bara ljósastaurar og malbik?

Fannar: „Jú, jú, það er fullt af þeim. Helmingurinn af Arnarnesheiðinni er til dæmis tómur."

Eruð þið þjóðernissinnaðir Garðbæingar?

Bjarni: „Nei, ekki við. En vinahópur okkar er með „210" flúrað á innanverða vörina. Heill hópur ungra manna."

Arnar: „Two One O. Það er eitthvert gettógrín."

Sjáðu bara William Hung

Hver er svo draumurinn? Að komast í burtu frá Garðabæ?

Arnar: „Niður á Laugaveg, meinarðu?

Bjarni: „Draumurinn er bara að ná að vera starfandi sem hljómsveit og gera eitthvað skemmtilegt. Fara út að spila og spila á fullu hér."

Hvað eruð þið að gera núna? Ég meina, að vinna?

Bjarni: „Ég vinn í Tónastöðinni. Arnar er í skóla."

Tóti: „Ég er í bæjarvinnunni í Garðabæ."

Fannar: „Og ég er að vinna hjá Hreinsitækni."

Og þið viljið eðlilega sleppa frá þessu öllu og sinna rokkinu fúlltæm?

Bjarni: „Auðvitað. Algjörlega. Er það ekki markmið allra hljómsveita?"

Arnar: „Þetta er spurning um mikla vinnu og mikla heppni. Að „meikaða" er nánast eins og að vinna í lottóinu. Og svo að hafa trú á sér. Sjáðu bara William Hung í Idolinu."

Bjarni: „Það er núna eða aldrei held ég. Maður er ekkert að fara á einhvern skítatúr um Bretland þegar maður er fimmtugur."

Já, einmitt. Þið farið ekki að túra komnir með konu og barn. Eða hvað, eruð þið með svoleiðis?

Arnar: „Nei, ekki nema þennan (bendir á Tóto, sem segir honum að halda kj ...)

Nýja íslenska rokkbylgjan

Tilheyrið þið einhverjum hópi í íslensku músíksenunni?

CLIFF CLAVIN „Músíkin sem við fílum er úti um allt. Það er ekkert eitt. Þegar við semjum lag þá kemur hugmyndin einhvers staðar að og við spilum úr henni í bílskúrnum eins lengi og við nennum."

Bjarni: „Tja ... Við eigum vini í öðrum hljómsveitum, til dæmis í Diktu, sem er líka frá Garðabæ. Við höfum spilað mikið með þeim og svo Agent Fresco og Mammút."

Og er eitthvað lið að mæta á tónleika?

Arnar: „Já fullt af liði, maður. Til dæmis á Batteríinu um daginn. Við, Dikta, Mammút og Agent Fresco. Þetta er nýja íslenska rokkbylgjan."

Ég spyr þá hvort bandið verði ekki að gera eitthvað rosalegt til þess að eftir því verði tekið. Eftir nokkrar rökræður um málið segir Bjarni: „Nei, ég held að það sé bara best að gera það sem við gerum. Við erum bara við og spilum bara það sem við fílum."

Arnar: „Músíkin sem við fílum er úti um allt. Það er ekkert eitt. Þegar við semjum lag þá kemur hugmyndin einhvers staðar að og við spilum úr henni í bílskúrnum eins lengi og við nennum."

Bjarni: „Þetta fer eftir andrúmslofti. Stundum verður lag til á kortéri án þess að það hafi verið meiningin."

Engin bryti tönn fyrir mig

Það er enn þá frekar lítið rokk í þessu viðtali. Þetta gengur náttúrulega ekki.

Bjarni: „Ha, rokk?"

Já, ég meina, hafið þið aldrei hent sjónvarpstæki út um hótelherbergisglugga?

Bjarni: „Við höfum nú nánast aldrei fengið gistingu þegar við höfum spilað svo okkur hefur ekki tekist að rústa hótelherbergi ennþá."

Arnar: „Jú, við sváfum í koju í gömlu hvalveiðiskipi á Húsavík. Fannar rak hausinn upp undir þegar hann vaknaði. Það var svo mikið rokk."

Fannar: „Við vorum búnir að sjá fyrir okkur að fara blindfullir að sofa og vakna svo þegar báturinn væri kominn hálfa leið til Kulusuk. Það gerðist næstum því, því það var barið klukkan sjö um morguninn þegar við höfðum sofið í tvo tíma og okkur sagt að báturinn væri að fara. Við drifum okkur og stóðum svo eins og fífl á bryggjunni fyrir utan barinn sem við höfðum spilað á kvöldið áður, Gamla bauk. Síðan fór aldrei báturinn en við stóðum þarna endalaust. Við hefðum alveg getað sofið til klukkan tvö."

Þetta er svakalegt. Eru strákarnir í Cliff Clavin bara þægir mömmustrákar frá Garðabæ?

Bjarni: „Við eigum engar heróínsögur, sko. Ég skal láta þig vita þegar það gerist."

En kvenfólkið hlýtur að minnsta kosti að vera eitthvað utan í ykkur, er það ekki, þið verandi þessir sætu strákar?

Bjarni: „Grúppíurnar? Ég er búinn að vera að spá í þær. Ég held að það sé búið að breytast dálítið mikið. Ég get ekki ímyndað mér að nokkur myndi brjóta upp úr tönninni á sér þótt tönn brotnaði í mér. Það er af sem áður var með Bó."

Arnar: „Það eru allavega engar stelpur sem koma og tala við okkur eftir tónleika."

Bjarni: „Ekki neinar! Það eru eintómir strákar sem koma og segja: „Geðveikir tónleikar, takk

O LÁTA REKA ALVEIÐISKIPI

fyrir mig“ – glatað!“

Hvar eru allar stelpurnar?

Arnar: „Þær eru þarna. Ég held bara að þær séu allar á föstu. Með þessum gaurum sem koma og tala við okkur. Eða kannski eru þetta bara frænkur þeirra.“

Bjarni: „Cliff Clavin: Ömurleg hljómsveit! Reknir upp úr skipum og engar stelpur vilja tala við þá. Ha ha, við ættum bara að hætta þessu strákar.“

CLIFF CLAVIN UM MEIKIÐ

Strákarnir segja mér frá mönnum eins og Kananum Warren Riker (hefur unnið með Michael Jackson og Fugees og fengið Grammy-verðlaun) og Bretanum Martin Rushent (sem hefur unnið með Human Leagues, Stranglers og Buzzcocks). Þessar kempur sitja nú yfir tónlist Cliff Clavin og pæla í því hvernig megi gera upptökurnar enn betri. Búið er að taka fyrstu stóru plötuna upp. Það var að mestu gert í janúar og strákarnir vona að hún komi út snemma á næsta ári.
Arnar: „Við erum í stífu prógrammi með umboðsmönnum.“
Bjarni: „Þetta hefur allt verið að gerast síðan við unnum Global Battle of the Bands í góðærinu 2007. Eftir sigurinn hér heima fórum við út og spiluðum í London. Þar kynntumst við Crispin Vaughn Thomas. Hann er sonur Kens Thomas, upptökumanns sem hefur unnið mikið með íslenskum hljómsveitum. Hann hefur komið hingað og unnið í plötunni og svo hafa aðrir aðilar bæst við.“
Arnar: „Við höfum nú bara sjálfir fjármagnað þetta allt saman hingað til. Við sóttum um styrk hjá Garðabæ en fengum ekki neitt.“

POPPRÝNI: MUSE – THE RESISTANCE

EINUM OF ...

The Resistance er góð plata. Hún er í raun alveg eins góð og búist var við. The Resistance bætir engu við glæsilegan feril Muse, en tekur ekki heldur neitt í burtu. Ef hún færi inn í úrvalsvísitölu Muse, þar sem Origin of Symmetry væri hápunkturinn, yrði línan bein frá síðustu plötu, Black Holes and Revelations.

Muse er búin að finna uppskrift sem virkar. Strákarnir vita samt að til þess að halda aðdáendum sínum spenntum þurfa þeir að bæta við kryddum sem gefa tónlistinni framandi bragð. Queen-kryddið í United States of Eurasia kemur á óvart – rétt eins og System of a Down-kryddið í Unnatural Selection. Metalkryddið í enda þess síðarnefnda gefur einnig skemmtilega öðruvísi bragð.

Annars er The Resistance full af augnablikum þar sem gæsahúðin þakti stæltan líkama gagnrýnanda; lagið MK Ultra hafði þau áhrif, eins og sinfóníurnar í enda plötunnar.

Já, tölum aðeins um þær. Aðeins Muse kæmist upp með að stilla upp þriggja hluta sinfóníu í enda popp/rokkplötu. Enginn kemst upp með að ýkja hlutina eins og Muse og þar liggur sérstaða þeirra. Sérstaða sem þeir hvorki vilja né þurfa að slíta sig frá. Muse er löngu orðin stofnun í tónlistarbransanum. Hljómsveitin stendur fyrir það sem er „einum of“ í tónlist – og kemst upp með það.

MUSE
THE RESISTANCE

DÁNLÓDAÐU: Unnatural Selection, MK Ultra

Atli Fannar Bjarkason

LUCKY RECORDS
Hverfisgötu 82, s. 551 1195
Opið til kl. 21 á kvöldin mán-föst

jazz fimman
Lucky records er ný plötubúð í bænum sem er með mikið úrval af vínil, cd's og tónlista dvd's og hér eru 5 klassiskir cd's sem Lucky mælir með og eru fáanlegir á góðu verði. Kaupum einnig vínil, DVD og Cd.



Sonny Rollins - tenor sax. Tommy Flanegan – piano. Doug Watkins – bass . Max Roach - drums. Útgáfuár 1956.



Wes Montgomery –guitar. Tommy Flanegan – piano. Percy Heath – bass. Albert Heath - drums. Útgáfuár 1960.



Cannonball Adderley - alto sax. Nat Adderley – cornet. Bobby Timmons – piano. Sam Jones - bass- Louis Hayes – drums. Útgáfuár 1959

John Coltrane - tenor sax. Donald Byrd – trumpet. Red Garland – piano. Earl May/Paul Chambers – bass. Louis Hayes/Art Taylor/Albert Heath - drums Útgáfuár 1957/58



Theo monk – piano. Johnny Griffin - tenor sax - Ahmed Abdul Malik - bass-Roy Haynes - drums Útgáfuár 1958.





ÚTSALA
LANDMANN
Frábært grill
fyrir íslenskar aðstæður
SÍÐUSTU DAGAR
Mikil orka
16,5 kw/h
· Grillgrindur úr pottjárni
· 3 brennarar úr pottjárni
· Mjög sterk viðargrind með hillu að framan og á hliðum
· Innbyggð neistakveikja
· Skúffa fyrir fitu
· Grillflötur: 64 x 49cm
· Stærð: 149 x 110 x 60 cm
Opið laugardag til kl. 14
Grillbúðin
YFIR 20 GERÐIR GASGRILLA Á ÚTSÖLUNNI
Hliðasmára 13, Kóp - S. 554-0400

- Alhliða fríðindakreditkort fyrir námsmenn
- Engin færslugjöld
- Fyrsta árgjaldið frítt
- Góðar tryggingar

ÍSLENSKA SÍA.IS KAU 46783 08/09



Kaupþing námsmenn
- þegar námið skiptir höfuðmáli
NÝI KAUPÞING BANKI

FRUMSÝND Í KVÖLD: JENNIFER'S BODY

Megan Fox er fædd 16. maí árið 1986. Hún á því sama afmælisdag og Emilíana Torrini, en sú síðarnefnda er níu árum eldri, fædd árið 1977.

BLÓÐ- OG SAFARÍKUR STELPU-SLEIKUR

Blóðuga unglingahrollvekjan Jennifer's Body verður frumsýnd í kvöld. Ofurskutlan Megan Fox leikur aðalhlutverkið, en kynningarstarf myndarinnar hefur snúist að mestu um að hún kunni að meta sleik sem hún fór í við mótleikkonu sína. Sleikurinn er virkilega safaríkur og fagmannlega útfærður af fröken Fox, en til þess að segja frá myndinni fengum við nokkrar manneskjur sem gætu verið úr þínu lífi.

STRIPPARINN SEM SAMDI JUNO

Handritshöfundur Jennifer's Body er engin önnur en Diablo Cody. Hún er þekktust fyrir tvennt; annars vegar handrit kvikmyndarinnar Juno, sem hún fékk Óskarsverðlaun fyrir og hins vegar fyrir að hafa starfað sem fatafella.

HVAÐ SEGJA ÞAU UM MYNDINA:

MAMMA „Ég vil ekki að þú sért að horfa á einhverjar hálfnaktar vampírur elta stráka. Hvers vegna horfir þú ekki á uppbyggilegar kvikmyndir eins og hann bróðir þinn? Ég skil ekki hvað Diablo Cody er að spá, hún skrifaði Juno – horfðu á hana!"

BÍÓNÖRDIÐ „Handrit Diablo Cody, sem gerði hina frábæru Juno, er ekki gallalaust. Sagan er gloppótt, en ég er sammála gagnrýnanda New York Times sem gefur henni fína einkunn út á skemmtanagildið og segir að hún verði líklega költ-klassík."

BESTI VINURINN „Gaur. Eitt orð: Megan Fox. Myndin heitir Jennifer's Body, ekki Jennifer's Soul, sem þýðir aðeins eitt: Guðdómleiki líkama Megan Fox fær að njóta sín og fer langleiðina með að gera mann vitstola."

STELPAN Í NÆSTA HÚSI „Ég er ekki viss um að þetta sé mynd til þess að bjóða mér á, það er ekkert rosalega gaman ef gaurinn slefar meira yfir stelpunni á hvíta tjaldinu en yfir mér. En hún er skemmtileg og það er gaman að sjá Megan Fox tæta strákana í sig."

POPPLEIKIR: HINN NÝI NEED FOR SPEED OG BEATLES ROCK BAND

BEATLES ROCK BAND
SPILUN 4/5
GRAFÍK 5/5
HLJÓÐ 4/5
ENDING 3/5
NIÐURSTAÐA 4/5

RÉTTUR LEIKUR Á RÖNGUM TÍMA

Beatles Rock Band er sem blautur draumur fyrir alla aðdáendur drengjanna fjögurra frá Liverpool, Bítlanna. Í leiknum getur fólk tekið sér plasthljóðfæri í hönd, stigið á svið með John, Paul, Ringo og George og spilað mörg þekktustu lögin þeirra. Leikurinn fylgir ferli Bítlanna eftir og sýnir hvernig goðsagnirnar breytast; úr saklausum snáðum yfir í síðhærða sýrupoppara. Þessi breyting er undirstrikuð með grafíkinni þar sem fyrri hluti leiksins skapar raunverulegt tónleikaumhverfi en seinni hlutinn fer út í aðeins skrautlegri grafík, með gulum kafbátum og náungum í rostungabúningum. Leikir á borð við Rock Band takmarkast alltaf af einu og það er lagaúrvalið.
Hvað Beatles Rock Band varðar eru bara Bítlalög í boði og þeir sem eru ekki aðdáendur sveitarinnar munu fljótlega verða leiðir á leiknum. Svo er það annað og verra mál að hörðustu aðdáendur Bítlanna, og helsti markhópur leiksins, eru flestir komnir á þann aldur að þeir eru frekar ólíklegir til að koma nærri leikjatölvu.

TÍSKA: HAUSKÚPU Á PUTTANN

BREKI DESIGN Jónas Breki lýkur sveinsprófi í vetur. Hann hannar undir nafninu Breki Design.

FRÁ ÍSHOKKÍI YFIR Í GULLSMÍÐI

„Þega ég var í tíunda bekk í grunnskóla var boðið upp á gull- og silfursmíði sem valfag, ég ákvað að prófa og heillaðist strax af faginu. Á þessum tíma var ég líka að æfa íshokki og langaði mikið til að verða atvinnumaður í þeirri íþrótt. Eftir að hafa leikið með liði í Finnlandi í eitt tímabil bauðst mér samningur hjá gullsmið í Danmörku fyrir nokkrum árum og ég ákvað að taka honum," segi Jónas Breki Magnússon, gullsmiður í Danmörku.



SKART FYRIR STRÁKA Jónas Breki hannar mikið af skarti handa strákum. Hauskúpurnar eru nokkuð ráðandi í hönnun hans.

Jónas Breki hannar skartgripi undir nafninu Breki Design og hefur vakið nokkra athygli fyrir hönnun sína sem einkennist af hauskúpum og er að auki undir rokkáhrifum. Hann hefur verið í læri hjá danska gullsmiðnum Ole Lynggaard síðastliðin ár og mun ljúka sveinsprófi nú í desember. Jónas hefur einbeitt sér að því að hanna skart handa karlmönnum og líkt og áður hefur komið fram eru hauskúpur áberandi í hönnun hans. „Það var ekki hugsunin að fara að hanna sérstaklega fyrir stráka en það varð bara þannig. Sumum gullsmiðum finnst erfitt að hanna skart fyrir stráka en það virðist liggja nokkuð auðveldlega fyrir mér. Ástæðan fyrir því að ég nota hauskúpur svona mikið í hönnun minni er

sú að mér finnst formið flott og það er gaman að vinna með það," segir Jónas Breki.

Aðspurður segist Jónas ekki vita hvað taki við að náminu loknu, hann langi þó í frekara nám í skartgripahönnun. „Ég hef verið að skoða skóla í Bandaríkjunum og eins hef ég verið að reyna að koma hönnun minni í verslanir hér í Danmörku. Þess utan er framtíðin nokkuð óráðin enn sem komið er," segir Jónas Breki að lokum. Þeir sem hafa áhuga á að skoða hönnun Jónasar Breka geta leitað undir heitinu Breki Design á Fésbókinni.

- sm

NFS: SHIFT

SPILUN 4/5
GRAFÍK 5/5
HLJÓÐ 4/5
ENDING 4/5
NIÐURSTAÐA 4/5

NÝJU LÍFI BLÁSIÐ Í GAMLA DRUSLU

Sú var tíðin að Need for Speed leikirnir þóttu aðal í bílaleikjageiranum, en svo er ekki lengur. Hver hörmungarleikurinn á eftir öðrum hefur dregið orðspor seríunnar niður í svaðið. En nú hefur Need for Speed Shift blásið nýju lífi í þessa gömlu druslu og það var löngu orðið tímabært. Sagt hefur verið skil við hina þreyttu götukappakstursformúlu og þess í stað hefur verið snúið til einfaldari keppna, á afmörkuðum keppnisbrautum. Spilun leiksins snýst nú ekki um neonljós undir bílnum og skyggðar rúður heldur skiptir góða akstursslínu. Segja má að Shift sé líkari leikjum á borð við Gran Turismo og Forza Motorsport heldur en fyrri leikjum seríunnar. Það sem Shift gerir vel er að gera keppnina innan Need for Speed spennandi á ný. Manni líður eins og maður sé bakvið stýrið á 500 hestafla tryllitæki og þegar öskrandi vélardrunur bætast við skapast stemming sem er verðug þess orðspors sem hinir gömlu Need for Speed sköpuðu.

Viggó Ingimar Jónsson

TAKTU SÍMAMYND!

Myndavélasíminn í þáttunum Flight of the Conchords var gamall Nokia-sími með áfastri filmumyndavél frá tíunda áratugnum. Sem sagt, núll megapixlar.

Taktu mynd með símanum og sendu okkur. Við birtum bestu myndirnar og höfundur langbestu myndarinnar fær tvo kassa af Doritos. Myndirnar geta verið af hverju sem er, atburði, Sveppa, Michael Jackson, Jóhönnu Guðrúnu eða bara góðu flippi.

FANGI Í APÓTEKI Árvökull vegfarandi náði þessari mynd af þátttakanda í Fangavaktarleik Stöðvar 2 í Kringlunni.

2 MANY DJ'S KEMUR

Belgíska plötusnúðatvíeykið 2 Many DJ's kemur til landsins og spilar í „Party at the Top of the World", sem er lokahnykkur ráðstefnunnar Eve Online Fanfest 2009. Hátíðin fer fram dagana 1-3. október, en Belgarnir stíga á svið á miðnætti laugardagskvöldsins 3. október. 2 Many DJ's er víðfrægur dúett og hefur dælt út diskum undanfarin ár. Dúettinn spilar mjög partí- og dansvæna tónlist og var meðal þeirra fyrstu sem tóku upp á því að blanda saman lögum úr ólíkum áttum, frumkvöðla í svokallaðri „bootleg"-tónlist. Strákarnir gera líka út rokkbandið Soulwax, en rokkið hefur legið í láginni enda brjálað að gera í hinu. Miðasala er hafin á midi.is. Það kostar 2.900 kr. í „Party at the top of the World", en 5.000 kr. á alla dagskrá Eve Online Fanfest, þar með talið partíið.

- drg

HRESSIR 2 Many DJ's spilar á laugardagskvöld.

GEYSIR
BISTRO
BAR

Helgarmatseðill

Weekend special

Forréttur:

Ofnbakaðir humarhalar m/humargljáa

Owenbaked lobstertails w/ Lobster glaze

Aðalréttur:

Nautalundir og Hreindýr m/rösti kartöflu, svepparagú og eplasósu

Beeftenderloin and raindeer v/ rosti potado, mushroomragu
and applesauce.

Eftirréttur:

Ítalskur vanillu búðingur m/mangó

Mango panna cotta

Aðeins Kr. 4.900,-

Verði ykkur að góðu.

Geysir Bistro & Bar Aðalstræti 2, 101 Reykjavík, Sími: 517 4300, www.geysirbistrobar.is

DOPP

5 GÓÐ RÁÐ VIÐ ÞYNNKU

Haukur Heiðar, söngvari og gítarleikari í Diktu. Dikta vinnur nú að þriðju breiðskífu sinni.

1 Vatn. Fólk pissar meira en það á að gera þegar það drekkur áfengi þar sem alkóhól hefur þvaglosandi áhrif á líkamann. Fólk þornar því upp og það getur valdið þynnku-einkennum. Um að gera að drekka vatn áður en fólk fer að sofa og þegar það vaknar.

2 Verkjalyf. Mæli með því að fólk noti frekar Panódíl í stað Íbúfens ef fólk er með slæman höfuðverk, þar sem bólgueyðandi lyf eins og Íbúfen geta í samblandi við áfengisneyslu valdið nýrnabilun! Án gríns.

3 2 hráar eggjahvítur, 3 matskeiðar af ólífuolíu, skvetta af nýmjólk, smá skrap af engiferrót, dass af hunangi og þrjú myntulauf. Öllu blandað saman og hrært vel í. Gerir alveg pottþétt nákvæmlega ekkert gagn gegn timburmönnunum en það að búa þetta til dreifir huganum og er mjög skemmtilegt.

4 Menn vita ekkert allt of mikið um þynnku, en hún er talin vera mögulega væg alkóhólfráhvörf. Eina ráðið sem er vísindalega sannað og virkar í 100% tilfella er að sleppa því að innbyrða drykki sem innihalda alkóhól kvöldið áður. Virkar alltaf! Hin leiðin væri þá að drekka bara stöðugt og hætta aldrei, en ég get engan veginn mælt með því.

5 Kynlíf með trommaranum í Diktu. Í 60% tilfella, virkar það í hvert einasta skipti!

ÉG HATA ÞEGAR ...

„Ég þarf að eyða stórkostlegum tíma í að líta út fyrir að hafa ekki eytt tíma í það.“

BERGUR EBBI BENEDIKTSSON, SKÁLD.

Jói útherji KNATTSPYRNUVERSLUN Innanhússskór Jói útherji KNATTSPYRNUVERSLUN

Körfuboltaskór - Handboltaskór - Fótboltaskór

Adidas shooting stars

Kr. 16.990.-

Adidas Glove CC7 W

Kr. 23.990.-

Adidas adiNova FG

Kr. 14.990.-

Nike Soldier III

Kr. 29.990.-

Adidas Glove CC7

Kr. 27.990.-

Nike Tiempo Mystic IC

Kr. 16.990.-

Nike Air Flight Soarin

Kr. 14.990.-

Adidas Court Raw

Kr. 13.990.-

Nike Tiempo Natural IC

Kr. 10.990.-

Nike Air Max Spot up

Kr. 19.990.-

Adidas Stabil_jr

Kr. 17.990.-

Nike T90 Shoot IC

Kr. 11.990.-

Svo eigum við eitt mesta úrval landsins af fótboltatreyjum

Komdu og náðu þér í uppáhaldstreyjuna þína strax í dag.

Jói útherji KNATTSPYRNUVERSLUN

Ármúla 36 s. 588 1560

www.joiutherji.is

noland

Noland • Kringlunni • s: 772-3700 • noland.is

orði á tónlistarmenn sem eru að gera frábæra og gjörólíka hluti. Það eru margir að experimenta og fá kredit fyrir um allan heim en eru svo afgreiddir hérna sem einhver krútt," segir Berglind og er mikið niðri fyrir.

Í þessum uppreisnarhug gegn Krúttinu fengu þau hjónin þá hugmynd að halda Krútthátíð á Snæfellsnesi 2005. Þar spiluðu margar af hinum alræmdu krútthljómsveitum og var hátíðinni ætlað að jarða endanlega krúttið. En hún varð frekar til þess að festa nafngiftina í sessi heldur en hitt. „Eftir þetta vorum við ekki annað en krúttin í Skakkamanage, en fram að þessu höfðum við verið frekar laus við þá nafngift. Þetta var mjög misheppnuð tilraun," segir Berglind.

En þau voru ekki af baki dottin og ákváðu að reyna aftur að myrða krúttið. Þá héldu þau antí krútt hátíð í Nýlistasafninu. Kynningarveggspjaldið fyrir hátíðina sýndi blóðugt og dautt krútt. Hún var öll hin subbulegasta, allir gestir sótölvaðir og klámmyndum varpað á vegg undir yfirskini listgjörnings. „Þetta var akkúrat ekkert krúttlegt og við vorum þvílíkt ánægð," útskýrir Berglind áfram. „En svo mætti enginn fjölmiðill á hátíðina sjálfa og þeir sem síðan skrifuðu um hana náðu ekki pælingunni. Þannig að okkur hefur ekki ennþá tekist að drepa krúttið."

HJÓNABANDSSÆLA

Berglind og Svavar héldu upp á fimm ára brúðkaupsafmæli fyrir stuttu. Þau giftu sig eftir sex mánaða samband en þar af var Svavar í Berlín í þrjá mánuði. Þau höfðu því ekki meira en þriggja mánaða reynslu hvort af öðru áður en þau gengu í það heilaga. „Það hafði enginn trú á þessu hjá okkur, nema pabbi hans Svavars. Hann sagði að að það væru oft hjónaböndin sem entust lengst sem hefðu stystan fyrirvara. En við vorum bara svo ástfangin að við vildum gera þetta strax," segir Berglind. „Og svo langaði okkur til að halda gott partí," bætir Svavar við. Enda stóð á brúðkaupskortinu að um brúðkaup aldarinnar væri að ræða. Og þau fullyrða bæði að brúðkaupsveislan verði seint toppuð.

Frá því þau kynntust hafa þau verið að gera tónlist saman. Nú eru þau að vinna að nýrri plötu, sem þau segja að muni hafa allt annað sánd en fyrri plötur Skakkamanage, sem eru þó nokkuð ólíkar innbyrðis. „Fyrsta platan okkar var frekar lágstemmd en sú seinni miklu rokkaðri. Nú langar okkur að prófa einhverja allt aðra stefnu en við eigum eftir að sjá hvað kemur út úr því," segir Svavar.

Þau fullyrða að sambandið verði bara skemmtilegra eftir því sem tíminn líður, ekki síst því nú hafi þau lært að taka skransbeygjur framhjá veiku punktum hvors annars. „Okkur finnst skemmtilegast að vera saman. Mér finnst til dæmis best að hún sé með mér þegar ég er að gera eitthvað skemmtilegt, frekar en að hún sé heima og ég útí bæ, komi svo heim og segi henni frá öllu þessu skemmtilega sem ég var að gera. Ef ég hefði nú gaman af golfi og hún af því að fara í ræktina. Hvenær ættum við þá að hittast? Sem betur fer er músíkin okkar sameiginlega áhugamál," segir Svavar. Við það hefur Berglind aðeins einu að bæta. „Mér finnst hann bara ýkt skemmtilegur. Hann er sko besti vinur minn."

* bak við tjöldin

Berglind Häsler

Besti tími dagsins:
Morgnarnir ef það er gott veður, kvöldin ef það er vont.

Skemmtilegast að gera:
Það er flest þolanlegt ef lundin er létt.

Leiðinlegast að gera:
Kaupa í matinn.

Uppáhaldsborgin:
Berlín.

Skemmtilegasti skemmtistaðurinn:
Láran á Seyðisfirði.

Áhugaverðasta íslenska hljómsveitin:
Olympia.

Falin perla:
Selárlaug.



Svavar Pétur Eysteinsson

Besti tími dagsins:
Háttatíminn.

Skemmtilegast að gera:
Gera það.

Leiðinlegast að gera:
Gera það ekki.

Uppáhaldsborgin:
Mér leið einu sinni ágætlega í bjórgarði í München.

Skemmtilegasti skemmtistaðurinn:
Hita upp á Skaftfelli í pitsu og nokkrum léttum og síðan er það tvímælalaust Kaffi Lára og Eyþór á barnum.

Áhugaverðasta íslenska hljómsveitin:
Í dag er það Me, The Slumbering Napoleon, á morgun kannski einhver önnur.

Falin perla:
Breiðholtið.

Stelpudagar í Levi's
40% af öllum kvennbuxum
Tilboðið gildir frá föstudegi til sunnudags
LEVI.COM
LEVI'S® STORE KRINGLAN
LEVI'S® STORE AKUREYRI
LEVI'S® STORE SMARALIND

tíðin
stjörnur

GUÐDÓMLEGT KREM

Divine-kremið frá L'Occitane gefur þér geislandi hraust útlit og berst við öldrun húðarinnar í leiðinni.

Stjörnuspekingurinn Fjóla Jensdóttir nam vedísk fræði í bandarískum háskóla með indversku ívafi:

SKRIFAR STJÖRNUBÆKUR

Það eru ekki margar íslenskar konur sem hafa sömu atvinnu og Fjóla Björk Jensdóttir. Hún er stjörnuspekingur og starfar við að búa til persónulegar bækur byggðar á stjörnukortum fólks.

Rétt eftir miðjan mánuðinn birti Variety dóm um heimildarmynd Friðriks Þórs Friðrikssonar, Sólskinsdrenginn, eftir John Anderson. Þar er farið lofsamlegum orðum um mynd Friðriks. Hann lýsir myndinni sem inngangsverki um einhverfu, en það er hin enska útgáfa verksins sem hann fjallar um. Anderson segir Sólskinsdrenginn „einstaklega fallega heimildarmynd og Friðrik rammi atburðarásina eins og um rómantíska leikna mynd væri að ræða og þrátt fyrir flóð upplýsinga og á tíðum þurrar staðreyndir haldi fegurð myndarinnar athygli áhorfenda“. Hann hrósar sérstaklega framlagi tökumannsins en Jón Karl Helgason, sem hefur verið viðloðandi flestar heimildarmyndir Friðriks, er nú ábyrgur fyrir tökunni.

Hann ræðir síðan efnisþætti myndarinnar og tildrög hennar, gerir almennum lesendum Variety nokkra grein fyrir stöðu einhverfra og tíðni þessa sérkennilega fyrirbæris. Er umfjöllun hans í heild sinni afar jákvæð en dómurinn birtist í kjölfar sýninga á myndinni á kvikmyndahátíðinni í Toronto.

KVIKMYNDIR Friðrik fær hrós fyrir heimildarmynd í Variety. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fyrirhugað er að sýna enska gerð myndarinnar eftir helgi í Háskólabíói og tengist það líkega þeim mörgu norrænu gestum og öðrum sem komnir eru víða að á Nordisk Panorama sem hér verður haldin í næstu viku. **-pbb**

Heiðurslistafólk

Stjórn IBBY á Íslandi hefur ákveðið að heiðra þrjá listamenn með því að tilnefna verk þeirra á Heiðurslista IBBY-samtakanna 2010.

Í flokki myndlistar: Björk Bjarkadóttir fyrir Allra fyrsti Atlasinn minn. Í flokki frumsaminna bóka: Kristín Helga Gunnarsdóttir fyrir Draugaslóð. Í flokki þýðinga: Rúnar Helgi Vignisson fyrir Göngin.

Verkin sem tilnefnd eru verða kynnt á heimsþingi IBBY sem haldið verður í Santiago De Compostela á Spáni 8.-12. september 2010. Allar bækur sem tilnefndar eru á Heiðurslista IBBY eru hafðar til sýnis á heimsþinginu auk þess sem þær fara á farandsýningu um víða veröld að þinginu loknu. Þema IBBY-þingsins 2010 er „Strength of Minorities“ og er það opið öllu áhugafólki um barnabókmenntir.

KVIKMYNDIR Úr myndinni Hlið við hlið eftir Christian Sønderby Jepsen sem sýnd er á hátíðinni. MYND NORDISK PANORAMA

Nordisk Panorama sett

Tuttugasta hátíð norrænna heimildar- og stuttmynda er hafin í Reykjavík, Nordisk Panorama, eins og hún er kölluð, en setning hátíðarinnar rennur í kvöld saman við lokahóf RIFF, Alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar í Reykjavík. Veisluhöld íslenskra kvikmyndaáhugamanna halda því áfram en RIFF lýkur ekki sýningum fyrr en á sunnudagskvöld; Nordisk Panorama varir frá föstudegi til miðvikudags í næstu viku.

Nordisk panorama-hátíðin var síðast haldin í Reykjavík fyrir fimm árum og setti þá met í aðsókn.. Hátíðin fer milli fimm borga: Bergen, Oulu, Málmey og Árósar taka á móti henni milli þess sem hún kemur til Reykjavíkur. Samtök kvikmyndagerðarmanna standa fyrir hátíðinni gegnum samnorræn samtök sín; Filmkontakt Nord, en þaðan er aðstoðað við dreifingu norrænna heimildar- og stuttmynda um heim allan. Þar er stór banki með verkum norrænna kvikmyndagerðarmanna. Bankinn sá er opinn „online“-dreifingaraðilum um heim allan. Hefur hann nú verið rekinn í stafrænu formi í rúmt ár.

Í tengslum við hátíðina er haldinn markaður þar sem kaupendur og söluaðilar koma saman og ráða ráðum sínum. Á hans vegum er fjárfestingarmessa þar sem valinn hópur framleiðenda kynnir ný og væntanleg verkefni fyrir ráðandi aðilum í kaupum og styrkveitingum, bæði frá Norðurlöndum og víðar að.

Nordisk Panorama á í harðri samkeppni við nálægar hátíðir. Það er jú keppikefli hátíða að frumsýna myndir og umhverfis okkur er ekki bara RIFF, heldur líka ein virtasta hátíð á Vesturlöndum í Toronto og kvikmyndahátíðin í Kaupmannahöfn er mikilsverð tilraun borgaryfirvalda þar, með tilstyrk stjórnvalda til að gera borgina og hátíðina þar að stærstu hátíð síðari hluta árs á þessum slóðum. Þá eru ónefndar hátíðirnar í Edinborg, Sheffield, Gautaborg og víðar sem keppa um athygli kaupenda og söluaðila. Á almannavitorði er að Nordisk Panorama í Reykjavík hefur haft sérstakt aðdráttarafl, sem nær bæði austur og vestur um haf. Ræður þar bæði lega landsins, orðspor þess í ferðamannaþjónustu og landkostum.

Á hátíðinni er mikill fjöldi nýrra og nýlegra heimildar- og stuttmynda á dagskrá. Líkt og RIFF er Nordisk Panorama flokkaskipt hátíð: keppt er um nokkra verðlaunagripi í ýmsum deildum. Kallaðir eru til virtir og reyndir fagaðilar frá löndum austanhafs og vestan. Fyrir bragðið er talverður hópur á hátíðinni sem kemur nokkrum sinnum saman á ári og deilir þá reynslu og þekkingu af stöðunni í heimi stuttmynda og heimildarmynda. Regnboginn verður aðalvettvangur hátíðarinnar en bar hátíðarinnar verður á Íslenska barnum í Pósthússtræti og markaðurinn verður á Hótel Borg.

Aðaldeild á hátíðinni eru heimildarmyndir sem verða nú 21; þar keppir Draumalandið við aðrar norrænar myndir. Á stuttmyndaparti hennar eru fjörutíu myndir til sýnis, þeirra á meðal stuttmyndin Anna sem Rúnar Rúnarsson gerði í Kaupmannahöfn og Sykurmoli, mynd Söru Gunnarsdóttur; þriðja myndin er mynd Ragnars Agnarssonar, Epic Fail, og mynd Unu Lorentsen, Álagablettir.

Í flokki ungra höfunda eru ellefu myndir. Þá er boðið upp á ellefu sérstök dagskráratriði.

Nordisk Panorama heldur enn stöðu sinni sem veigamesta heimildar- og stuttmyndahátíð Norðurlanda þótt ýmis merki séu um að einn stór styrktaraðili hennar, Norræni sjónvarps- og kvikmyndasjóðurinn, hafi í styrkveitingum sínum lagt hana til jafns við hátíðina í Kaupmannahöfn, sem mörgum þykir gagnrýnivert og fæst ekki skýrt nema með þjóðerni forstöðukonu sjóðsins.

Dagskrá hátíðarinnar er aðgengileg í nær sextíu síðna bæklingi og á vef hennar: www.nordiskpanorama.com.

pbb@frettabladid.is

Borgarleikhúsið kynnir áleitið og nístandi verk



Frumsýnt í kvöld **UPPSELT**

SNARPUR SÝNINGARTÍMI

Lau 26/9	kl. 20	**UPPSELT**	Lau 3/10	kl. 20	**UPPSELT**	Lau 10/10	kl. 20	**Örfá sæti**	Fim 22/10	kl. 20	
Sun 27/9	kl. 20	**UPPSELT**	Sun 4/10	kl. 20	**UPPSELT**	Fim 15/10	kl. 20	**Örfá sæti**	Fös 23/10	kl. 20	
Fim 1/10	kl. 20	**UPPSELT**	Fim 8/10	kl. 20	**UPPSELT**	Fös 16/10	kl. 20	**Örfá sæti**	Lau 24/10	kl. 20	
Fös 2/10	kl. 20	**UPPSELT**	Fös 9/10	kl. 20	**Örfá sæti**	Lau 17/10	kl. 20	**Örfá sæti**	Sun 25/10	kl.20	**Síðasta sýning**

Sýnt á Nýja sviðinu

Ekki við hæfi viðkvæmra

Sett upp í samstarfi við Ölgerðin Egill Skallagrímsson

Miðasala er í síma **568 8000**
og á **borgarleikhus.is**

Borgarleikhúsið

Fíton / SÍA

Skyr Lee Bob í Berlín

Samstarfsverkefni Ernu Ómarsdóttur dansara, Guðna Gunnarssonar myndlistarmanns og belgíska tónlistarmannsins Lieven Dousselaere kallast Skyr Lee Bob. Bobbi þessi sýnir á Nordwind-Festival Berlin dagana 1-7. október. Meðlimir hópsins hafa starfað saman síðan 2003, lengst af með Poni-hópnum góðkunna sem sýnt hefur í Centre de George Pompidou í París, Kiasma í Helsinki, Kaaitheater í Brussel og Sophiensalle í Berlín. Poni hélt einmitt tónleika í Klink og Bank við góðan orðstír árið 2004.

Í stuttu máli fæst Skyr Lee Bob-flokkurinn við að kanna til hlítar þanþol almennra mannasiða og söfnunaráráttu og svokölluð „Wunderkammer“ (undraskápa) sem eru eins konar millistig milli vísinda og lista og voru fyrsti vísir að þeirri safnaflóru sem við þekkjum í dag.

LISTDANS Skyr Lee Bob kannar áður ókunnar slóðir.

SLB hefur byggt upp ríkan „panel“ af karakterum sem sprottnir eru upp úr sögum, veruleika og hugskotum meðlima hópsins. Þar má meðal annars finna Panic-apann, Brúðina sem er föst í eilífri blóðugri handsnyrtingu og tvo vegvísandi og vel klædda bræður.

Flokkurinn þreytti frumraun sína í Ferðalagi Björns Roth sem var hluti Listahátíðar í Reykjavík 2008 og sýndi einnig á Drodesera-Festival 09 á Ítalíu í sumar. Og nú tekur hann Berlín.

- pbb

Vísindavaka í dag

Vísindavaka RANNÍS verður haldin í dag í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsinu og stendur frá kl. 17-22. Dagurinn er tileinkaður evrópskum vísindamönnum og haldinn hátíðlegur í helstu borgum Evrópu. Markmiðið með Vísindavöku og atburðum henni tengdum er að kynna fólkið á bak við rannsóknirnar og vekja athygli á fjölbreytni og mikilvægi vísindastarfs í landinu.

Á Vísindavökunni mun fræðifólk frá háskólum, stofnunum og fyrirtækjum kynna viðfangsefni sín fyrir almenningi á lifandi og skemmtilegan hátt. Gestir fá að skoða og prófa ýmis tæki og tól sem notuð eru við rannsóknir, skoða ýmsar afurðir og spjalla við vísindafólkið sjálft um hvernig er að starfa að vísindum, rannsóknum og nýsköpun. Í ár verður lögð áhersla á lifandi vísindi og uppákomur á sviði og eru börn og ungmenni sérstaklega boðin velkomin á Vísindavöku.

STJÖRNUÞOKUR

- pbb

Veðjað um Nóbelinn

Veðbankar í Bretlandi eru tekn-ir að veðja hver fær Nóbelsverð-launin í bókmenntum og er ísra-elski skáldsagnahöfundurinn Amos Oz efstur á listanum. Í boði er stuðull-inn 4/1 fyrir þá sem veðja á Oz, en næstur er rithöfundur frá Alsír, Assia Djebar með 5/1, Spánverj-inn Juan Goyt-isolo með 6/1 og bandarísku skáldin Joyce Carol Oates og Philip Roth með 7/1, og Thomas Pynchon á 9/1.



AMOS OZ

Nóbelsnefndin fær ár hvert um 350 tillögur en verðlaunin eru nú heiðurinn og tíu milljónir sænskar.

Evrópsk skáld hafa verið sigur-sæl í baráttunni um hylli þess stóra og lokaða hóps sænskra menntamanna sem ræður hver fær hnossið: í fyrra var það Le Clézio, þar á undan fengu Nóbel-inn þau Doris Lessing, Orhan Pamuk, Harold Pinter, V.S. Naipaul, Elfriede Jelinek, José Saramago, Imre Kertész, Gao Xingjian og Günter Grass.

- pbb

LJÓSMYNDIR Kristján Ingi Einarsson ljósmyndari.

Kjarni Íslands í Smáralind

Nú stendur yfir í Smáralind sýning á ljósmyndum eftir Kristján Inga Einarsson úr bók-inni Kjarni Íslands (e. The Ess-ence of Iceland), sem nýlega kom út á þremur tungumálum hjá Bókaútgáfunni Sölku. Bók-inni hefur verið mjög vel tekið en hún veitir innsýn í hvernig Kristján Ingi sér Ísland í gegnum linsuna; sérkenni þess og hina hljóðlátu kyrrð burtu frá ys og þys mannlífsins. Ari Trausti Guðmundsson kemur hughrifum ljósmyndanna í orð, bæði í ljóðum og stuttum prósa. Sýningin stendur yfir til 1. októ-ber og er opin á afgreiðslutíma Kringlunnar.

Kristján Ingi hefur haldið sjö ljósmyndasýningar og gefið út nokkrar barnabækur, má þar nefna: Húsdýrin okkar, Krakkar, krakkar og Kátt í koti.

Einnig hefur hann tekið ljós-myndir í fjölda kennslubóka.

- pbb

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Föstudagur 25. september

Tónleikar

20.30 **Bubbi Morthens** heldur tónleika í Edinborgarhúsinu við Aðalstræti á Ísafirði. Húsið verður opnað kl. 20.

21.30 Ljótu hálfvitarnir verða með tónleika á **Kaffi Rosenberg** við Klapparstíg.

22.00 **Mánar frá Selfossi** verða með tónleika á **Græna hattinum** við Hafnarstræti á Akureyri. Húsið verður opnað kl. 21.

Opnanir

16.00 **Erlendur Bogason** opnar ljósmyndasýningu í gallerý LA (Læknastofa Akureyrar) við Hafnarstræti 97 (6. hæð). Sýningin er opin virka dag kl. 9-16.

20.00 **Ragnhildur Jóhannsdóttir** verður með opnun á bókverki sínu „konur 30 og brasilíkst“ í Gallerí Crymogæa við Laugaveg 41. Opið þri.-lau. kl. 13-18.

Tónlistarhátíð

Tónlistarhátíðin Réttir (Reykjavík Round-Up) stendur yfir til 26. september. Yfir 100 hljómsveitir og listamenn koma fram. Allar frekari upplýsingar má nálgast á www.rettir.is og miðasölu á www.midi.is

Sýningar

Í Tónlistarsafni Íslands við Hábraut 2 í Kópavogi hefur verið opnuð sýningin **„Heilbrigð æska, pönkið og Kópavogurinn 1978-1983.“** Opið alla daga kl. 11-16.

Í Hafnarborg við Strandgötu í Hafnarfirði hefur verið opnuð sýningin **„Líf-róður“** þar sem sýnd eru verk eftir tæplega þrjátíu listamenn sem tengjast hafinu á ýmsan hátt. Opið alla daga nema þriðjudaga kl. 11-17 og á fimmtudögum til kl. 21.

Síðustu forvöð

Í Listasafni Árnesinga við Austurmörk í Hveragerði lýkur sýningu á verkum **Gerðar Helgadóttur** og **Nínu Tryggvadóttur** á sunnudag. Opið alla daga kl. 12-18 og aðgangur er ókeypis.

Í Gerðarsafni við Hamraborg í Kópavogi lýkur tveimur sýningum á sunnudag. Dyr draumanna, sýning á verkum finnsku listakonunnar **Elenu Schuvaloff-Maijala.** Mandala sýning á verkum sex íslenskra listamanna. Opið alla daga nema mánudaga kl. 11-17.

Opið hús

Í tilefni af 100 ára afmæli **Höfða við Borgartún** verður húsið opið almenningi til sunnudags kl. 13-16. Boðið verður upp á leiðsögn um húsið auk þess sem þar hefur verið opnuð sýning þar sem byggingarsaga hússins er rakin er í máli og myndum.

Námskeið

13.00 **Maríanna Friðjónsdóttir** heldur námskeið undir yfirskriftinni **„Gullakista Google“** hjá Endurmenntun HÍ að Dunhaga 7. Námskeiðið er öllum opið. Skráning og nánari upplýsingar á www.endurmenntun.is.

Kvikmyndir

Kvikmyndavika tengd kreppu, kakki og kvótabraski hjá **Kvikmyndasafninu** til 26. sept. Sýningar fara fram í **Bæjarbíói** í Hafnarfirði. Nánari upplýsingar á www. kvikmyndasafn.is.

20.00 Sýnd verður kvikmynd **Baltasars Kormáks „Hafið“** frá árinu 2002.

Dansleikir

Í svörtum fötum verður á skemmtistaðnum **Spot við Bæjarlind 6** í Kópavogi.

Listamannaspjall

12.30 Kvikmyndaleikstjórarnir **Friðrik Þór Friðrikson og Ari Alexander Ergis Magnússon** flygja gestum og ræða um sýninguna **„Rammar í endursýn“** á Listasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu. Spjallið fer fram á ensku og allir eru velkomnir.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

Sultufínn Þórarinn á rúmstokknum

Það er best að segja það bara strax: Nýja smásagnasafnið hans Þórarins er alveg hreint sultufínt. Stíllinn, orðavalið, hugmyndirnar. Maður, maður. Allt er þetta eins og það á að vera.

Viðfangsefni Þórarins eru fjölbreytt. Flestar sögurnar eru af þessum heimi en ekki allar. Í mörgum er beitt samfélagsgagnrýni sem ýmist blasir við eða leynist undir niðri. Bersöglust er Draugaborg þar sem peningabrjálæðinu er lýst. Í Maður einn er fjallað um innihaldsleysi.

Þórarinn, sem stendur á sextugu, hefur skrifað bækur frá 1974. Í heil 35 ár. Við erum því farin að þekkja hann ágætlega. Og sem betur fer ekki bara í gegnum bækurnar heldur hefur hann við og við komið fram í útvarpi og sjónvarpi. Við þekkjum yfirvegaðan talandann og svo merkilegt sem það nú er hefur talandinn sá lætt sér inn á síður bókanna. Þegar Alltaf sama sagan er lesin í bólinu á nokkrum haustkvöldum er sem Þórarinn sitji á rúmstokknum og segi sjálfur sögurnar. Ekki ónýtt það!

Burtséð frá sögunum sjálfum tekst Þórarni að skemmta lesendum með stökum setningum. „Ég hef alltaf verið Staðarskálamaður,“ er dæmi um slíkt. Látlaus staðreynd sem samt segir svo mikið og vekur umhugsun um ástir á vegasjoppum og í þessu tilviki jafnvel svolítinn söknuð.

Auðvitað eru sögurnar ellefu í bókinni misgóðar. Bestar eru Íþróttabyltingin, Draugaborg og Silla á Klömbrum. Í Stanley-hamarsheimt er forsagan jafnvel betri en sagan sjálf. Ást afa á hamrinum sem hann fékk að gjöf í heimsókninni í Stanley-hamraverksmiðjurnar í Bandaríkjunum 1963. Sögumaðurinn í Kauða er skemmtilega fáránlegur náungi. En sjálfsagt býr eitthvað svonalagað í mörgu okkar. Umgjarðir Hvaðefsögu og Skáldu eru víraðar.

Þarf lokaorð? Ég held ekki. En það má endurtaka upphafið: Nýja smásagnasafnið hans Þórarins er alveg hreint sultufínt.

Björn Þór Sigbjörnsson

BÓKMENNTIR

Alltaf sama sagan

Þórarinn Eldjárn

★★★★

Fjölbreytt og skemmtilegt sagnasafn.

ÞAÐ ER SMART

Sparitilboð N1 hjálpar þér að spara **tugi þúsunda** á ári.
Reiknaðu dæmið fyrir þig og þinn bíl á **n1.is.**
Skráðu þig núna á **n1.is** eða í síma **440 1100**.

„Mín réttlæting er sú að flest fólk á mínum aldri eyðir allt of miklum tíma í að hugsa um framtíðina. Tímanum sem það eyðir í að hugsa um lífið eyði ég í drykkju.“

AMY WINEHOUSE
söngkona ræðir um ofdrykkju sína.

fólk

folk@frettabladid.is

„Tíminn hjálpar mikið. Mér fannst frægðin vera kvöð fyrst um sinn. Svo lærir maður að takast á við hana.“

MEL GIBSON
spjallar um frægðina.

„Við erum að ræða málin. Ég skal vera hreinskilin; við erum að skoða möguleikana. En þegar maður er að þróa hugmynd vill maður ekki deila henni með heiminum.“

GERI HALLIWELL
um mögulega endurkomu hljómsveitarinnar Spice Girls.

Dennis Quaid rifjar upp geimverutökur á Íslandi

Stórleikarinn Dennis Quaid er ekki búinn að gleyma Íslandsheimsókn sinni fyrir 25 árum. Hann langar til að sjá tökurnar úr Enemy Mine sem aldrei voru notaðar.

MIKIL UMFJÖLLUN

Bæði **Morgunblaðið** og **DV** fjölluðu ítarlega um geimverumyndina Enemy Mine á sínum tíma. Snöggt skipast veður í lofti í Hollywood því Morgunblaðið birti viðhafnarviðtal við leikstjórann Loncraine sunnudaginn 6. maí. Hann var rekinn daginn eftir samkvæmt frétt DV. **Dennis Quaid** er sannfærður um að Íslandstökurnar séu einhvers staðar til.

Töluverð eftirvænting ríkti á Íslandi sumarið 1984 þegar útsendarar kvikmyndafyrirtækisins Twentieth Century Fox mætti til Vestmannaeyja og ætluðu að taka upp geimverumyndina Enemy Mine. Tökurnur frægu hafa aldrei litið dagsins ljós en bandarískri stórleikarinn Dennis Quaid, sem lék í myndinni á sínum tíma, er þó sannfærður um að þær liggi einhvers staðar í reiðileysi. „Það hefur enginn séð þessar tökur en ég væri alveg til í að sjá þær. Þetta var allt annað en það sem Wolfang Petersen gerði síðan seinna meir,“ sagði Quaid í samtali við kvikmyndavefinn i09.com nýverið.

Upphaflega var gert ráð fyrir að kvikmyndin yrði að mestu leyti gerð í Vestmannaeyjum. Leikstjóri myndarinnar var Richard Loncraine og myndin var hugsuð sem andsvar við Star Wars-æðinu.

Quaid rifjaði þessa eftirminnilegu Íslandsheimsókn upp í viðtali við Morgunblaðið fyrir fjórum árum. Íslenskir fjölmiðlar fylgdust grannt með gangi mála á sínum tíma en fyrst var greint frá komu kvikmyndagerðarmannanna í DV 15. mars 1984. Þar kom fram að þeir vildu taka uppi í Prestvík og í kjölfarið var skrifað undir samstarfssamning við fulltrúa Vestmannaeyjabæjar. Töluverð eftirvænting og spenna ríkti í þjóðfélaginu fyrir komu Hollywoodstjarnanna og stóra stundin rann loks upp þegar leikstjórinn Loncraine, Quaid og Louis Gossett Jr., sem þá var nýkrýndur Óskarsverðlaunahafi fyrir kvikmyndina An Officer and a Gentleman, mættu til landsins. Tökur fóru á fullt og allt leit út fyrir að Vestmannaeyjar væru á leiðinni til Hollywood.

En svo kom sprengjan. Loncraine var rekinn án nokkurs fyrirvara. Á forsíðu DV mánudaginn 7. maí birtist fyrirsögnin „Leikstjóranum óvænt sparkað“ en þar var haft eftir einum starfsmanni myndarinnar að framleiðendurnir hefðu viljað fá meiri Star Wars-brag á myndina. Leikstjórinn stóð fastur á sínu og vildi halda í hin íslensku sérkenni. Loncraine hélt tilfinningaþrungið kveðjuhóf á Hvolsvelli með tárin í augunum ef marka má frásögn DV og hélt nánast samdægurs til London. Þýska leikstjóranum Wolfgang Petersen var falið það verkefni að taka upp þráðinn að nýju en honum leist ekkert á Ísland og flutti tökuliðið til Þýskalands þar sem myndin var loks gerð.

Framvinda málsins virtist hafa verið snögg því Loncraine var í viðhafnarviðtali við Morgunblaðið daginn áður, sunnudaginn 6. maí, þar sem hann lýsti því yfir hversu miklu máli myndin skipti hann. Íslenskir fjölmiðlar voru á einu máli um að þarna hefði farið forgörðum kærkomið tækifæri til að koma Íslandi á kortið sem eftirsóknarverðu ferðamannalandi. Þeir tóku þó gleði sína á ný skömmu síðar þegar tökulið James Bond-myndarinnar A View to a Kill mætti í Jökulsárlón með Roger Moore fremstan í flokki.

freyrgigja@frettabladid.is

AÐ SPARA

N1

Þeir sem skrá sig geta búist við **skemmtilegum glaðningi, ókeypis miðum á uppákomur** og fleiru skemmtilegu.

Fjórða barn Jude Law er fætt

Bandaríska fyrirsætan Samantha Burke hefur alið fjórða barn leikarans Jude Law í New York. „Samantha er afar hamingjusöm með fæðingu gullfallegrar og heilbrigðrar dóttur sem heitir Sophia," sagði talsmaður fyrirsætunnar. „Bæði barnið og móðirin eru við hestaheilsu."

Tilkynnt var um að Burke væri ófrísk í júlí eftir að Law, sem er 36 ára, staðfesti að hafa átt í stuttu ástarsambandi við hina 24 ára fyrirsætu. Kvennabósinn hefur heitið því að styðja hana við uppeldi dótturinnar þrátt fyrir að ástarsambandið hafi fjarað út. Law fer þessa dagana með titilhlutverkið í Hamlet í New York, en leikhópurinn er sá sami og í uppsetningu í London fyrr á árinu.

Law á fyrir þrjú börn með fyrrverandi eiginkonu sinni Sadie Frost, sem hann skildi við árið 2003 eftir sjö ára hjónaband. Talið er að Law hafi kynnst Burke á meðan upptökur stóðu yfir á nýrri Sherlock Holmes-mynd í New York. Fyrirsætan hefur á bloggsíðu sinni vísað því á bug að hún sé að nota Law vegna peninganna hans. „Ég vildi ekkert að það yrði birt frétt um að ég væri ófrísk. Ég hef aldrei hugsað um peningana," sagði hún.

JUDE LAW Fjórða barn hjartaknúsarans er komið í heiminn.

Í FULLU FJÖRI Spaugstofumenn leituðu ásamt „erlendum fjölmiðlamönnum" að Jóhönnu Sigurðardóttur á Umferðarmiðstöðinni í gær. Spaugstofan er búin að vera að í rúma tvo áratugi og eru þeir Örn Árnason, Pálmi Gestsson, Sigurður Sigurjónsson og Karl Ágúst Úlfsson enn í fullu fjöri.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Spaugstofan leitar Jóhönnu á Umferðarmiðstöðinni

Spaugstofan fer á fullt á laugardaginn þegar 20. þáttaröðin hefst. Örn Árnason lofar að þeir muni halda uppteknum hætti í allan vetur við að snúa tilverunni á haus.

Tökulið Spaugstofunnar var á BSÍ þegar Fréttablaðið hafði upp á Erni Árnasyni. Þeir voru þá að leita að Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra. „Nei, það verða ekki miklar áherslubreytingar, við vinnum bara einn þátt í einu og ætlum að taka hressilega á ástandinu," segir Örn en í bakgrunni mátti heyra félaga hans skeggræða um næstu skref.

Örn, Pálmi Gestsson, Karl Ágúst Úlfsson og Sigurður Sigurjónsson hafa í rúma tvo áratugi skemmt landsmönnum á laugardagskvöldum og eftirspurnin eftir hárbeittu gríni þeirra hefur sennilega aldrei verið meiri, allavega eins og staða þjóðmála er um þessar mundir.

HVAR ER JÓHANNA? Karl Ágúst Úlfsson tekur sig vel út sem Jóhanna Sigurðardóttir en Spaugstofan reyndi að finna forsætisráðherrann.

„Við ætlum bara að reyna að gleðja mann og annan með ömurlegum fréttum," segir Örn og hlær. „ Nei, nei, við höldum bara uppteknum hætti og reynum að finna skemmtilega fleti á þjóðmálunum." Hann kveðst síður en svo vera kominn með nóg af Spaugstofugríninu en verður ósköp þögull þegar hann er spurður hvort þetta sé síðasta „undirbúningstímabil" hópsins. „Ég veit ekki, ætli það sé ekki bara best að segja sem minnst, það virðist samt alltaf vera þörf fyrir svona fyrirbæri."

Og fyrst Örn er nú á línunni er ekki úr vegi að spyrja hann hvernig honum lítist á að taka við ritstjórastöðu Morgunblaðsins í Hádegismóum. Enda Örn einhver þekktasta Davíð Oddsson-eftirherma landsins. „Ég verð að fara að leita að kollunni minni, hún er að rykfalla í einhverri kompu, vonandi er allt í lagi með hana; svona ef þetta gengur allt saman eftir eins og menn eru að spá," segir Örn.

Að öllu gamni slepptu segir Örn að fyrsti þátturinn verði hefðbundinn Spaugstofuþáttur, engir gestaleikarar heldur bara þeir fjórir. „Þema-þættir og gestirnir koma bara síðar, við ætlum líka bara að spila þetta eftir eyranu."

freyrgigja@frettabladid.is

SJÚKUR FAÐIR John Phillips var söngvari hljómsveitarinnar The Mamas and the Papas en eiginkona hans, Michelle Phillips, var einnig í hljómsveitinni.

Chynna trúir systur sinni

Chynna Phillips, hálfsystir Mackenzie Phillips, sem sagði í viðtali við Opruh Winfrey að hún hafi verið misnotuð af föður sínum, segist trúa systur sinni. Hún segist hafa vitað af misnotkuninni í mörg ár. „Hún hringdi í mig árið 2007 og sagði mér að hún og faðir okkar hefðu átt í ósæmilegu sambandi í tíu ár," sagði Chynna. Hún segir jafnframt að það hafi verið mikið áfall að heyra systur sína segja frá. „Ég trúði henni. Hver færi að ljúga einhverju svona?"

Móðir Chynnu og fyrrverandi eiginkona John Phillips, söngkonan Michelle Phillips, segist þó ekki trúa sögunni. „Mackenzie er búin að vera heróínfíkill í 35 ár. Hún tók þátt í Celebrity Rehab og nú hefur hún skrifað bók. Þetta er allt skipulagt hjá henni."

Samband Mackenzie við föður sinn hefur vakið mikla athygli fólks, en Mackenzie segir að misnotkunin hafi byrjað á því að faðir hennar nauðgaði henni þegar hún var nítján ára og staðið yfir í tíu ár.

Úr djassinum í danspoppið

Danska hljómsveitin Bodebrixen spilar á tónlistarhátíðinni Réttum í kvöld og annað kvöld. Sveitin hefur verið sjóðheit síðan hún gaf út sína fyrstu plötu í fyrra.

Bodebrixen er hugarfóstur þeirra Andreas Brixen og Aske Bode. Þeir eru þó ekki einir á báti því á tónleikum bætast fimm manns í hópinn þannig að úr verður eitt allsherjarpartí. „Við hlökkum mikið til að spila á Íslandi. Við hoppum um sviðið og skemmtum okkur og bjóðum fólki að skemmta sér með okkur," segir Aske.

Þrjú ár eru liðin síðan Bodebrixen var stofnuð. Þá voru meðlimirnir þrír og áhersla var lögð á framúrstefnulegan djass. Eftir það breyttist hún í rokk- og djassbræðingsband. „Við enduðum í poppinu, ég veit ekki hvernig það gerðist," segir Aske við hlátrasköll hinna sex.

Hljómsveitin hefur spilað á yfir fimmtíu tónleikum, bæði í heimalandi sínu og erlendis. Á SPOT-hátíðinni í Árósum fékk hún mjög góðar viðtökur við melódísku danspoppi sínu, meðal annars frá blaðamönnum Mojo og Clash.

Ný plata með endurhljóðblönduðum lögum af fyrstu plötunni og tveimur nýjum til viðbótar kemur út 21. október hér á landi á vegum Smekkleysu. Nefnist hún WHATSINSIDESWHATSOUTSIDE og til að fylgja henni eftir ætlar sveitin í tónleikaferð um Evrópu á næsta ári.

Tónleikar Bodebrixen verða á Batteríi í kvöld klukkan 24.45 en annað kvöld stíga þessir hressu Danir á svið á Sódómu á miðnætti.

freyr@frettabladid.is

BODEBRIXEN Hin sjö manna hljómsveit spilar á tónlistarhátíðinni Réttum í kvöld og annað kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Enginn vinskapur

Samkvæmt innanbúðarmönnum er andrúmsloftið á tökustað framhaldsmyndar Sex and the City mjög þrúgandi. Söruh Jessicu Parker, sem fer með hlutverk Carrie Bradshaw, og Kim Cattrall, sem fer með hlutverk Samönthu, er víst svo illa við hvor aðra að þær neita að tala saman. Þar að auki mun Parker eiga erfitt með að samræma vinnutímann og tímann sem hún vill eyða með börnum sínum þremur. Cattrall er víst einnig nokkuð stressuð þessa dagana, sem hefur þau áhrif að Cynthia Nixon og Kristin Davis kvíða því að mæta í vinnu hvern morgun.

Endurkoma kryddanna

Grimma kryddið, Mel B, vinnur nú að því að fá hljómsveitina Spice Girls saman á ný. Mel vill fá stúlkurnar til liðs við sig og leika á einum tónleikum fyrir Heimsmeistaramótið í fótbolta sem fer fram næsta sumar í Suður-Afríku. Allar stúlkurnar, nema fína kryddið Victoria Beckham, hafa lýst yfir áhuga á að koma saman í enn eitt skiptið, en sveitin kom síðast saman árið 2007.

X Factor-stjarna reyndist strippari

Amie Buck, hin tuttugu og tveggja ára Newcastle-mær, sem fékk annað tækifæri til að heilla dómarana í breska X Factor, er ekki einkaþjálfari eins og hún sagðist vera heldur starfar hún sem nektardansmær.

Það var breska göturitið The Sun sem komst á snoðir um hið raunverulega starf fröken Buck. „Sumar stúlkurnar geta þénað allt að þúsund pund á viku. Amie vinnur oftast um helgar og er ein vinsælasta stúlkan á staðnum. Hún er mjög fær í því sem hún gerir og hún er vinsæl vegna þess að hún er bæði falleg og íturvaxin," hafði blaðið eftir kunningja Buck.

Amie Buck varð fræg á einni nóttu eftir að hún klúðraði laginu Falling eftir Aliciu Keys og brast í grát á sviðinu. Hún sagðist hafa ætlað að syngja lag með hljómsveitinni Girls Aloud, en einn dómaranna, Cheryl Cole, er meðlimur í þeirri hljómsveit. Við þau orð ákváðu dómararnir að gefa stúlkunni annað tækifæri til að heilla þá og steig Cheryl Cole upp á svið með Buck, henni til halds og trausts.

GÓÐHJÖRTUÐ Cheryl Cole, dómari í þáttunum X-Factor, steig á svið með Amie Buck og stappaði í hana stálinu.

Endurvekja Sugababes

Mutya Buena, fyrrverandi meðlimur hljómsveitarinnar Sugababes, sagði í viðtali við The Sun að með brotthvarfi Keishu Buchanan væri hljómsveitin í raun dauð, en Buchanan var síðasti upprunalegi meðlimurinn í sveitinni. „Persónulega finnst mér Sugababes ekki vera Sugababes lengur. Það hefði verið öðruvísi ef Keisha hefði haldið áfram í hljómsveitinni og einhver annar hefði hætt, þá hefði þetta enn verið Sugababes," sagði Buena í viðtalinu, en hún sagði sjálf skilið við hljómsveitina árið 2005.

„Fyrst enginn af upprunalegu meðlimunum er enn í sveitinni gætum við allt eins endurvakið hljómsveitina. Það væri frábær hugmynd að syngja aftur með Siobhan og Keishu."

SYKURSÆTAR Mutya Buena, sem er hér lengst til hægri, vill endurvekja upprunalegu Sugababes-hljómsveitina.

Hætt í tónlist

LILY ALLEN Hefur gefið út sína síðustu plötu.

Söngkonan Lily Allen tilkynnti á bloggsíðu sinni að hún ætlaði að segja skilið við tónlistina fyrir fullt og allt. „Bara svo þið vitið þá hef ég ekki samið um framlengingu á útgáfusamningi mínum og hef ekki hugsað mér að gera aðra plötu. Ég er þó enn mikill aðdáandi tónlistar. Ég mun ljúka því sem ég þarf að ljúka og eftir það verð ég tilbúin til að takast á við ný verkefni. Ég hef verið á ferðinni síðustu fjögur ár og hef látið röddina mína finna fyrir því. Ég ætla því að róa á önnur mið.“

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Allen hefur látið slík orð falla og stutt er síðan hún lét hafa eftir sér að hún ætlaði ekki að taka upp nýja plötu í bráð. Ástæða þessara yfirlýsinga er talin vera barátta hennar gegn ólöglegu niðurhali.

Sýnir samhug sinn í verki

„Mér datt í hug að leggja eitthvað af mörkum út af allri þessari vitleysu í þjóðfélaginu,“ segir Haukur Emil Kaaber, sem heldur styrktartónleika næstkomandi þriðjudag. Allur ágóðinn rennur til Mæðrastyrksnefndar og fram koma Toggi, Svavar Knútur, Lára Rúnars, pönkskvísurnar í Viðurstyggð og hljómsveitin HEK með Hauk innanborðs. „Það er gaman að standa í tónleikahaldi og mér datt í hug að safna saman fólki sem hefði áhuga og fá það til liðs við mig,“ segir Haukur. „Það voru allir mjög fljótir að taka við sér og segja já.“

Haukur hefur sjálfur ekki farið illa út úr kreppunni en vildi samt sem áður leggja sitt af mörkum. „Ég var svo heppinn að skulda ekkert þegar þetta byrjaði en hækkandi matarverð og svoleiðis er að plaga mann,“ segir hann og hvetur aðra til að sýna samhug sinn í verki. „Ég held að allir sem vettlingi geta valdið ættu að gefa með sér. Það er greinileg þörf á því.“

Tónleikarnir verða haldnir á Café Rosenberg og miðaverð er 1.000 krónur. Allur ágóðinn rennur óskiptur til Mæðrastyrksnefndar. **- fb**

HAUKUR EMIL KAABER Haukur heldur góðgerðartónleika á Café Rosenberg næsta þriðjudagskvöld.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ánægð og einhleyp

Bandaríski hjúskaparmiðlarinn Steven Ward, sem stjórnar þættinum Tough Love á VH1, telur að leikkonan Jennifer Aniston og leikkarinn George Clooney myndu eiga vel saman. „Þeir menn sem Aniston hefur átt í sambandi við síðan hún skildi við Brad Pitt hafa allir verið tölu-

vert yngri en hún. Ég veit ekki hvort það yrði einhver spenna á milli hennar og Clooneys, en ég held hún ætti að velja sér mann sem væri eins og Clooney, einhvern sem er aðeins eldri en hún og hefur allt sitt á hreinu,“ sagði Ward í viðtali við Peoples Magazine. Hann telur einnig að Aniston sé ánægð karlmannslaus. „Ég held að hún sé hamingjusöm. Hún hefur nóg að gera og ef hún kysi að vera í föstu sambandi þá er ég viss um að hún gæti það. En mér sýnist hún njóta þess að vera á lausu.“

MICHAEL JACKSON Nýtt lag með Michael Jackson verður gefið út í næsta mánuði.

Nýtt lag með Jackson

Áður óútgefið lag með Michael Jackson verður gefið út í næsta mánuði. Lagið nefnist This Is It og sjá bræður Jacksons um bakraddir. Lagið verður að finna á nýrri tvöfaldri plötu sem hefur meðal annars að geyma útgáfur sem ekki hafa heyrst áður af frægustu lögum Jacksons.

Ekki er vitað hvenær poppkóngurinn sálugi tók upp nýja lagið. Hann hafði unnið með listamönnum á borð við Akon og Will.i.am. áður en hann lést í júní. „Lagið sýnir enn og aftur það sem allur heimurinn veit að Michael er sannkölluð Guðsgjöf,“ sagði John McClain, sem tók þátt í vinnslu plötunnar.









MIÐASALA Í SÍMA 4 600 200
Áskriftarkort er ávísun á góðan vetur. Sama verð og í fyrra!
Áskriftarkort fyrir unga fólkið og námsmenn á ótrúlegu verði!

Landsbankinn
Landsbankinn greiðir niður áskriftarkort fyrir ungt fólk (25 ára og yngri) svo nú geta allir verið flottir á því og gerst fastagestir í leikhúsinu!

LEIKFÉLAG AKUREYRAR / MIÐASALA: SÍMI 4600 200 / MIDASALA@LEIKFELAG.IS / WWW.LEIKFELAG.IS

Heklar falleg hálsmen á meðan börnin eru í leikskóla

„Mig hefur alltaf langað til að læra að hekla og byrjaði að fikta við það fyrir stuttu síðan og hálsmenin urðu eiginlega óvart til úr þessu dundi mínu," segir Elva Dögg Árnadóttir, sem hannar falleg hálsmen undir nafninu Elva. Hún segist sjálf ekki vera hrifin af hefðbundnum hálsmenum og því hafi hún ákveðið að hekla hálsmen handa sjálfri sér. „Mig langaði í hálsmen sem væri eins og hluti af flíkinni. Upphaflega ætlaði ég bara að gera nokkur hálsmen handa sjálfri mér en svo fannst mér þetta svo gaman að ég hélt áfram að hekla fleiri hálsmen," segir Elva Dögg en hún rak meðal annars verslunina Glamúr í nokkur ár.

Aðspurð segir Elva Dögg að það sé tímafrek vinna að hekla eitt slíkt hálsmen en hún segist nýta tímann á meðan börnin hennar tvö eru á leikskóla til að vinna. „Ég sit allan daginn við á meðan börnin eru á leikskólanum og geri allt að þrjú hálsmen á dag. Ég er núna farin að gæla við að reyna að koma þessu að í verslunum og hef meðal annars komið mér upp síðu á Facebook-síðunni svo fólk geti skoðað vöruna. Maður er bara rétt að byrja," segir Elva Dögg að lokum.

- sm

HÆFILEIKARÍK Elva Dögg segir sig lengi hafa langað til að læra að hekla. Nú hefur hún látið verða af því og heklar falleg hálsmen. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Málaði í takt við tónlistina

Hljómsveitin For a Minor Reflection naut liðsinnis bresks tónlistarmálara á tónleikum sínum á Nasa. Uppátækið gekk eins og í sögu og málverkið þótti takast með eindæmum vel.

UPPI Á SVIÐI For a Minor Reflection uppi á sviði á Nasa á meðan Kilford sveiflaði penslinum í takt við tónlistina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Málverkið kom virkilega vel út," segir Guðfinnur Sveinsson, gítarleikari For a Minor Reflection. Breski tónlistarmálarinn Kilford steig upp á svið með hljómsveitinni á Nasa á miðvikudagkvöld, ekki þó með hljóðfæri í hendi heldur penslana sína og festi upplifun sína af tónleikunum á striga. „Við vorum að spila og vissum varla hvað væri að koma út úr þessu. Síðan litum við á málverkið eftir tónleikana og það var virkilega flott," segir Guðfinnur og viðurkennir að það hafi verið skrítin tilfinning að hafa Kilford með sér uppi á sviði. „Þetta er upplifun sem maður á ekki að venjast og mun örugglega ekki venjast. Það er ekki oft sem maður fær svona tækifæri."

Kilford hefur á farsælum ferli sínum málað þekkta flytjendur á borð við Damon Albarn, Robert Plant, Black Eyed Peas, Kasabian og Brian Eno. Hann fékk sendan lista yfir þær hljómsveitir sem koma fram á tónlistarhátíðinni Réttum og heillaðist af For a Minor Reflection. Sveitin er einmitt að leggja lokahönd á nýja plötu um þessar mundir en hún vakti fyrst athygli þegar hún hitaði upp fyrir Sigur Rós á tónleikaferð um Evrópu. „Þetta er mikill heiður, það er ekkert hægt að draga úr því," segir Guðfinnur og bætir við að Kilford hafi verið hæstánægður með tónleikana á Nasa. „Þetta er virkilega jarðbundinn gæi. Hann þakkaði okkur fyrir tónleikana og er mjög spenntur fyrir að vinna meira með okkur. Það er aldrei að vita nema þetta verði farsælt samstarf."

Á meðan kappinn málaði af miklum þrótti var hann klæddur For a Minor Reflection-hljómsveitarbol, sem eðli málsins samkvæmt var grútskítugur og allur úti í málningu að tónleikunum loknum. „Það er hefð hjá honum að gefa hljómsveitunum bol þannig að þær geti boðið hann upp svo það er aldrei að vita nema það verði uppboð hjá okkur á bolnum sem hann var í."

Kilford heldur af landi brott á laugardagsmorgun með málverkið meðferðis. „Hann hefur það líklega í galleríinu sínu áður en hann selur það. Ég held að hann selji langflest af málverkunum sínum," segir Guðfinnur.

freyr@frettabladid.is

HJÁ MÁLVERKINU Hljómsveitin For a Minor Reflection ásamt málverkinu sem Kilford bjó til á tónleikunum.

Föstudagur, 25. september
Friday, September 25th

Reykjavík International Film Festival Sep 17—27 2009

12:00	Málþing um kvikmyndina Umoja: Þorpið þar sem karlar eru bannaðir	• Norræna húsið
12:15	Listsýning: Rammar úr Börnum náttúrunnar og Andkristi	• Hafnarhúsið
13:00	Aðdáendur kúrekasýningarinnar	• Hellubíó
14:00	Barnastuttmyndir	• Norræna húsið
16:00	Konur í rauðum sokkum / Umoja	• Iðnó
	Börnin í eldinum	• Norræna húsið
	Mamma er hjá hárgreiðslumanninum	• Háskólabíó 3
16:40	Dagdrykkja	• Háskólabíó 2
17:00	Bjarnargreiði	• Háskólabíó 1
18:00	Bráðna / Dularöfl Snæfellsjökuls	• Iðnó
	Rauða keppnin	• Norræna húsið
	Kvikmyndasmiðjan	• Hellubíó
	La Pivellina	• Háskólabíó 3
	Francesca	• Háskólabíó 4
18:40	Tónlistarstuttmyndir (Q&A)	• Háskólabíó 2
19:00	Norður	• Háskólabíó 1
20:00	Garðastræti	• Iðnó
	Hádegisverður um miðjan ágúst	• Norræna húsið
	Betra líf	• Háskólabíó 3
	Laglína fyrir götuorgel	• Háskólabíó 4
20:40	Ég drap mömmu	• Háskólabíó 2
21:00	Andkristur	• Háskólabíó 1
22:00	Dauðadá	• Iðnó
	Sannleikurinn um kjötheiminn	• Norræna húsið
	Fiskabúrið	• Háskólabíó 3
22:20	Hús fullnægjunnar (Q&A)	• Hellubíó
22:40	Dauður snjór	• Háskólabíó 1
	Vafningar	• Háskólabíó 2
	Miðnæturbíó 1	• Háskólabíó 4

Síðasta sýningarhelgi
Alþjóðlegrar Kvikmyndahátíðar

Síðasta sýningarhelgi á Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík 2009 - síðustu forvöð að sjá gæðamyndir úr metnaðarfullri dagskrá RIFF 2009!

NÝTT Í BÍÓ!
Blóðugur spennutryllir frá handritshöfundi Juno
Hin sjóðheita Megan Fox vill aðeins ópekka stráka!
Jennifer's Body 16
Katherine HEIGL Gerard BUTLER
VINSÆLASTA MYNDIN Á ÍSLANDI Í DAG!
the ugly truth LÚXUS 14
BIONICLE GOÐSAGNIR SNÝR AFTUR
INGLOURIOUS BASTERDS 16
HVAÐ FÆR MANN TIL AÐ KOMA SÖKINNI Á SJÁLFAN SIG?
BEYOND A REASONABLE DOUBT 16
STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM FRUMSÝND 2. OKTÓBER
Heimir og Gulli Bitið á Bylgjunni.
BYGGÐ Á METSÖLUBÓK STEINARS KRISTJÁNSSONAR
KARLAR SEM HATA KONUR
AÐEINS 7 DAGAR EFTIR!
50.000 MANNS! 16
H2 Stranglega bönnuð innan 16
FINAL DESTINATION 16
ÍSÖLD 3 L

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

JENNIFER'S BODY	kl. 5.40 - 8 - 10.20	16
BIONICLE ÍSLENSKT TAL	kl. 4	L
THE UGLY TRUTH	kl. 5.45 - 8 - 10.15	14
THE UGLY TRUTH LÚXUS	kl. 8 - 10.15	14
INGLOURIOUS BASTERDS	kl. 6 - 9	16
KARLAR SEM HATA KONUR	kl. 5 - 8	16
ÍSÖLD 3 3D ÍSLENSKT TAL	kl. 3.45	L
ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL	kl. 3.45	L

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919
17. - 27. september
Miðasala hafin í Eymundsson, Austurstræti.
Nánari upplýsingar á riff.is

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

JENNIFER'S BODY	kl. 6 - 8 - 10	16
BIONICLE ÍSLENSKT TAL	kl. 6	L
THE UGLY TRUTH	kl. 8	14
FINAL DESTINATION	kl. 10	16

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

THE UGLY TRUTH	kl. 10	14
BEYOND REASONABLE DOUBT	kl. 10 750kr.	16
HALLOWEEN 2	kl. 10 750kr.	16
KARLAR SEM HATA KONUR	kl. 9 750kr.	16

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus
FUNNY PEOPLE
Hin sjóðheita Megan Fox leikur frá handritshöfundi Juno kynþokkafullu og vinsæla menntaskólastelpu sem vill aðeins ópekka stráka!
BIONICLE ATH! 650 kr. ÍSLENSKT TAL GOÐSAGNIR SNÝR AFTUR
Katherine HEIGL Gerard BUTLER the ugly truth
SÝNINGARTÍMAR

FUNNY PEOPLE	kl. 6 og 9	L
JENNIFER'S BODY	kl. 4, 6, 8 og 10	16
BIONICLE - Íslenskt tal	kl. 4(650 kr.)	L
THE UGLY TRUTH	kl. 4, 6, 8 og 10	12

FRÁ LEIKSTJÓRA 40 YEAR OLD VIRGIN OG KNOCKED UP
FUNNY PEOPLE
BYGGÐ Á SANNSÖGULEGUM ATBURÐUM
HAUNTING IN CONNETICUT
ÓHUGNALEG MYND ÞAR SEM ÓÚTSKÝRÐIR HLUTIR ÁTTU SÉR STAÐ Í GÖMLU ÚTFARARHEIMILI SUMA HLUTI ER EKKI HÆGT AÐ ÚTSKÝRA
ATH. ALLS EKKI FYRIR VIÐKVÆMA
frá framleiðendunum PETER JACKSON kemur ein besta mynd þessa árs
DISTRICT 9
★★★★★ - WASHINGTON POST
STÓRKOSTLEG GRÍNMYND MEÐ PEIM SETH ROGEN, ERIC BANA OG ADAM SANDLER.
ALGJÖR SVEPPI OG LEITIN AÐ VILLA
STÓRKOSTLEG ÆVINTÝRAMYND FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA!

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

ALGJÖR SVEPPI OG LEITIN AÐ VILLA	kl. 4D - 6D - 8D	L
FUNNY PEOPLE	kl. 5 - 8 - 10	12
DISTRICT 9	kl. 5:50 - 8 - 10:20	16
DISTRICT 9	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20	VIP
BANDSLAM	kl. 3:30 - 5:45 - 8	L
WHALE WATCHING MASSACRE	kl. 10:20 english subt.	16
UPP M/ ísl. Tali	kl. 3:40	L
DRAG ME TO HELL	kl. 10:50	16
THE PROPOSAL	kl. 10:50	L
HARRY POTTER	kl. 5 - 8	10

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

ALGJÖR SVEPPI OG LEITIN AÐ VILLA	kl. 4D - 6D - 8D	L
HAUNTING IN CONNECTICUT	kl. 8:20 - 10:10	16
DISTRICT 9	kl. 8:20 - 10:40	16
FINAL DESTINATION 4 (3D)	kl.10:30	16
UPP M/ ísl. Tali	kl. 4(3D)	L
UPP M/ ísl. Tali	kl. 4 - 6:10	L
UP M/ Ensk. Tali	kl. 6:10(3D)	L

SAMBÍÓIN AKUREYRI

ALGJÖR SVEPPI OG LEITIN AÐ VILLA	kl 6 - 8	L
FUNNY PEOPLE	kl. 8 - 10	12
UP M/ ísl. Tali	kl. 6	L
DISTRICT 9	kl 10:40	16

HTTP://FACEBOOK.COM/BIOMYNDIR

BÓKA LAGERSALA



Opið alla daga 11–19, nema fimmtudaga 11–21. ATH. Aðeins í takmarkaðan tíma!

Við flytjum lagerinn!

Gerðu bókakaupin á risamarkaði Forlagsins, Fiskislóð 39.

Verið velkomin á nýja staðinn!

Yfir 3.000 titlar
Ný tilboð daglega!

Enginn fer tómhentur heim, allir fá bók að gjöf. Þeir sem versla fyrir meira en 10.000 kr. fá bókagjöf, skáldsöguna *Vatn handa fílum* eða spennutryllinn *Fundið fé.*

Barnabækur, gjafabækur, ævisögur, spennusögur, ljóðabækur, doðrantar, fróðleikur, þrautabækur, fantasíur, fágæti og eitthvað fyrir alla.

50% afsláttur

2 FYRIR 1
Pappírsfiðrildi og Jaðiaugað
1.980 kr.
verð áður 3.960



90% afsláttur

Á vængjum söngsins + 2 CD
490 kr.
verð áður 5.143

66% afsláttur

Heimsmetabók Guinness 2009
1.990 kr.
verð áður 5.790

70% afsláttur

Helgartilboð Eragon
990 kr.
verð áður 3.266

84% afsláttur

Arabíukonur
690 kr.
verð áður 4.402

52% afsláttur

Garðurinn
1.690 kr.
verð áður 3.490

54% afsláttur

Draumalandið
1.290 kr.
verð áður 2.790

60% afsláttur

Bókaþjófurinn
1.990 kr.
verð áður 4.990

60% afsláttur

Stóra matarbókin
5.990 kr.
verð áður 14.990



57% afsláttur

Ódáðahraun Stór kilja
1.290 kr.
verð áður 2.990

70% afsláttur

Bert og Heman Hunters
990 kr.
verð áður 3.290

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.

> Gunnar Már á leiðinni í FH

Fjölnismaðurinn Gunnar Már Guðmundsson er á leiðinni til Íslandsmeistara FH samkvæmt frétt Stöðvar 2 í gærkvöldi. Gunnar Már á eftir eitt ár af samningi sínum við Grafarvogsliðið, sem er fallið í 1. deild. Gunnar Már er markahæsti leikmaður Fjölnis í efstu deild karla en hann hefur skorað 15 mörk í 42 leikjum. Gunnar Már, sem er kallaður „Herra Fjölnir“, hefur leikið allan sinn feril með Fjölnisliðinu og spilaði með liðinu í öllum deildum frá því að liðið fór úr 3. deildinni upp í efstu deild á árunum 2002 til 2008.

sport
sport@frettabladid.is

GUNNAR HEIÐAR ÞORVALDSSON: HEFUR VERIÐ FRÁ HJÁ ESBJERG Í DANMÖRKU VEGNA MEIÐSLA

Munaði mjög litlu að ég hefði farið í sumar

Gunnar Heiðar Þorvaldsson telur sig ekki enn hafa fengið þau tækifæri sem hann hefur átt skilið hjá danska úrvalsdeildarfélaginu Esbjerg. Hann hefur reyndar átt við meiðsli að stríða að undanförnu en segir ljóst að hann muni fara frá félaginu við fyrsta tækifæri nema eitthvað mikið breytist.

„Ég hef verið að glíma við meiðsli í nára síðustu tvo mánuðina en er að komast í gegnum það. Ég hef spilað þrjá leiki með varaliðinu og er allur að koma til,“ sagði Gunnar Heiðar.

Hann gekk til liðs við Esbjerg í júlí í fyrra en hefur fá tækifæri fengið með liðinu. Hann hefur í raun ekki fengið að spila reglulega með sínu liði síðan hann lék með Halmstad í Svíþjóð.

Árið 2006 var hann seldur til Hannover 96 í Þýskalandi þar sem hann fékk lítið að spila. Hann var lánaður til Vålerenga í Noregi þar sem hann var frá 2007-8 en var svo seldur til Esbjerg.

„Það munaði mjög litlu að ég hefði farið frá félaginu í sumar en síðan meiddist ég og því varð ekkert úr því,“ sagði Gunnar Heiðar. „Ég hef fengið fyrirspurnir frá liðum á Norðurlöndunum sem og frá Englandi og Skotlandi. Mér er svo sem sama hvar ég spila – ég vil bara að fá að spila aftur.“

Hann er orðinn þreyttur á að vera þolinmóður og telur sig ekki hafa fengið þau tækifæri sem hann hefur átt skilið. „Það virðist engu skipta hvað ég geri. Ég mun sjá til hvernig næstu mánuðir munu þróast en ef ekkert gerist tel ég afar líklegt að ég fari annað þegar félagaskiptaglugginn verður opnaður í janúar.“

Gunnar Heiðar hefur einnig misst sæti sitt í landsliðinu. „Það er mjög skiljanlegt enda hef ég lítið verið að spila. En ég er handviss um að ég fái tækifæri til að sýna mig þar á nýjan leik.“

Esbjerg hefur gengið reyndar mjög vel það sem liðið er af dönsku úrvalsdeildinni. Liðið er í efsta sæti deildarinnar með 20 stig eftir níu leiki, tveimur meira en næstu lið. Aðeins fimm stig skilja að efstu sex liðin.

ALLT AÐ BYRJA Ragna Margrét Brynjarsdóttir í Haukum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Powerade-bikar kvenna:

Stelpurnar fara af stað í kvöld

KÖRFUBOLTI Keppnistímabilið í kvennakörfunni hefst í kvöld þegar tveir fyrstu leikirnir í átta liða úrslitum Powerade-bikarsins fara fram.

Íslandsmeistarar Hauka taka þá á móti nýliðum Njarðvíkur á Ásvöllum klukkan 19.15 og á sama tíma koma Valskonur í heimsókn til Hamars í Hveragerði. Sigurvegararnir úr þessum leikjum mætast síðan í undanúrslitum í næstu viku. Í hinum tveimur leikjum átta liða úrslitanna mætast KR og Snæfell á morgun og Keflavík tekur síðan á móti Grindavík á sunnudag. **- óój**

KEMUR EKKI AFTUR Jason Dourisseau. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Iceland Express karla í körfu:

Nýi KR-Kaninn á sér tvíbura

KÖRFUBOLTI Íslandsmeistarar KR eru búnir að semja við Bandaríkjamanninn Semaj Inge sem er 23 ára og 195 cm leikstjórnandi og útskrifaðist úr Temple-háskólanum í vor.

Semaj á sér tvíburabróður sem spilaði með Colarado-skólanum en sá heitir James Inge. James er nefnilega stafað Semaj aftur á bak og eru því þeir báðir skírðir eftir föður sínum James.

Semaj Inge var byrjunarliðsmaður og fyrirliði Temple-háskólaliðsins síðasta vetur og var þá með 6,9 stig, 3,9 fráköst og 3,6 stoðsendingar að meðaltali á 29,0 mínútum í leik. **- óój**

Skiptir engu hvort ég skori mikið

Guðjón Valur Sigurðsson, leikmaður Rhein-Neckar Löwen, er kominn í hóp tuttugu markahæstu leikmanna þýsku úrvalsdeildarinnar frá upphafi. Hann færðist upp fyrir Stefan Lövgren nú í upphafi tímabils-

HANDBOLTI Guðjón Valur Sigurðsson komst í hóp tuttugu markahæstu leikmanna þýsku úrvalsdeildarinnar nú í upphafi tímabilsins ytra. Hann hefur skorað þrjú mörk í fyrstu þremur leikjum sínum en fyrir tímabilið munaði aðeins tveimur mörkum á honum og Stefan Lövgren sem lék lengi með Kiel.

„Nú, er það? Ekki hafði ég hugmynd um þetta,“ sagði Guðjón Valur í léttum tón þegar Fréttablaðið upplýsti hann um þennan merka áfanga.

„Eflaust er þetta ágætisárangur en það er það sama sem gildir hjá mér og hefur alltaf gert – maður reynir fyrst og fremst að standa sig vel og hjálpa sínu liði. Ef maður skorar einhver mörk um leið er það bara bónus.“

Guðjón Valur hefur því skorað alls 1.329 mörk í 264 leikjum í þýsku úrvalsdeildinni. Hann hefur á undanförnum átta árum leikið með þremur félögum – Essen, Gummersbach og nú Rhein-Neckar Löwen.

Guðjón Valur hefur þó verið í nýju hlutverki þar sem hann hefur aðallega spilað sem leikstjórnandi. Af þeim sökum hefur hann ekki skorað jafn mörg mörk og hann er vanur.

„Leikstjórnandinn okkar meiddist í nóvember í fyrra og þá ákvað þáverandi þjálfari liðsins að setja mig í þá stöðu. Þar spilaði ég það sem eftir lifði tímabilsins,“ sagði Guðjón Valur.

„Í þeirri stöðu snýst mitt hlutverk meira um að stjórna leiknum og sjá til þess að boltinn flæði vel. Ég hef því ekki verið að einbeita mér að því að skjóta mikið á markið þó maður verði að gera það endrum og eins.“

Í liði Rhein-Neckar Löwen eru gríðarsterkar skyttur sem sjá um að dúndra á markið. „Ég er með Óla (Stefánsson) vinstra megin við mig og (Pólverjann Karol) Bielecki hægra megin. Það lítur út eins og að ég sé að vippa að markinu þegar ég reyni að skjóta,“ sagði Guðjón Valur og hló.

Rhein-Neckar Löwen fékk tvo leikstjórnendur til liðs við sig fyrir tímabilið, þá Snorra Stein Guðjónsson og Serbann Nikola Manojlovic. Engu að síður hefur Guðjón Valur spilað mikið á miðjunni í fyrstu leikjum tímabilsins.

„Það tekur alltaf sinn tíma að koma sér inn í málin hjá nýju félagi, sérstaklega fyrir leikstjórnendur. Þeir þurfa að læra inn á aðra leikmenn og öfugt.“

Guðjón Valur segir það sig engu máli skipta þótt hann skori færri mörk en hann er vanur þegar hann hefur verið að spila sem leikstjórnandi.

„Það skiptir alls engu máli enda snýst þetta um hvernig maður undirbýr sig fyrir leikina. Sem hornamaður er það ábyrgð manns að vera fljótur fram og nýta þau færi sem maður fær. Á miðjunni er maður ábyrgur fyrir spili liðsins. Ég hef aldrei verið mikið að skoða markalista en ég hef þó fengið spurningar um hvernig standi á því að ég hef verið að skora minna. Þetta truflar mig þó ekki neitt og á meðan þjálfarinn er ánægður og mér tekst að hjálpa liðinu skiptir það mig engu máli hvort ég skora eitt mark eða tíu.“

Byrjunin á tímabilinu hefur verið strembin hjá Rhein-Neckar Löwen. Liðið hefur tapað tveimur leikjum af þremur í deildinni og þurfti framlengingu til að sigra B-deildarfélagið Bittenfeld í þýsku bikarkeppninni í vikunni.

„Við erum að byrja frá grunni með marga nýja leikmenn og nýjan þjálfara. Þetta tekur allt sinn tíma þó það sé engin afsökun fyrir frammistöðu okkar í bikarleiknum.“

Sem fyrr segir leika þrír Íslendingar með Rhein-Neckar Löwen og fagnar Guðjón Valur því. „Við höfum allir þekkst mjög lengi vegna landsliðsins en það er sérstakt að vera með þeim í liði og hitta þá tvisvar á dag. En ætli börnunum finnist þetta hvað skemmtilegast enda nú allt í einu fullt af íslenskum börnum í hverfinu til að leika við.“ **eirikur@frettabladid.is**

GUÐJÓN VALUR Með markahæstu leikmönnum í sögu þýsku úrvalsdeildarinnar. NORDIC PHOTOS/BONGARTS

Markvörður IFK Gautaborgar kærður fyrir að minnka markið sitt fyrir leik í sænsku úrvalsdeildinni:

Nánast allir markverðir hafi prófað þetta

FÓTBOLTI Það vakti mikla athygli víða um heim þegar sjónvarpsupptaka náðist af óvenjulegu atviki skömmu fyrir leik IFK Gautaborgar og Örebro í sænsku úrvalsdeildinni í fyrrakvöld. Markvörður IFK, Daninn Kim Christensen, færði stangirnar á markinu sínu um nokkra sentimetra til hliðar þannig að markið minnkaði.

Dómarinn tók fyrst eftir þessu þegar 20 mínútur voru liðnar af leiknum og lagaði stangirnar. Sjónvarpsmyndavélar náðu upptökum af öllu þessu og gekk myndbrot um þetta eins og eldur um sinu á Youtube í gær.

Með Gautaborg leika þrír Íslendingar: Hjálmar Jónsson, Ragnar Sigurðsson og Theodór Elmar Bjarnason. Allir léku með liðinu í þessum leik og sá fyrstnefndi segir að það alls ekki óhefðbundið að markverðir reyni eitthvað slíkt í Svíþjóð.

„Ég veit ekki hvort þetta hefur eitthvað verið reynt heima á Íslandi en ég tel mjög líklegt að um 90 prósent allra markvarða hér í Svíþjóð hafi gert þetta eða eitthvað þessu líkt,“ sagði Hjálmar í samtali við Fréttablaðið.

„Við vorum að tala um þetta eftir æfingu í dag [í gær] og vissum ekki til þess að eitthvað stæði um þetta í reglunum. En það virðist sem svo að það eigi að gera eitthvað mál út úr þessu en ég trúi því ekki að honum verði eitthvað mikið refsað fyrir þetta.“

Sænska knattspyrnusambandið ákvað þó í gær að skjóta málinu til aganefndar sambandsins.

HJÁLMAR JÓNSSON

Håkan Mild, íþróttastjóri IFK Gautaborgar, tók í svipaðan streng í samtali við sænska fjölmiðla í gær og sagðist vita til þess að fjölmargir markverðir hefðu stundað þetta í gegnum tíðina.

„Þetta er kannski í fyrsta sinn sem þetta er jafn áberandi og þetta var í leiknum. Við vorum að spila á gervigrasi og það var augljóst að stangirnar voru færðar úr stað. Ég er ekki viss um að það hefði sést eins vel á venjulegu grasi,“ segir Hjálmar.

„Annars fannst mér þetta bara vera hlægilegt og þess þó síður finnst mér þetta vera svindl.“

Liðin gerðu markalaust jafntefli í leiknum, sem kom Hjálmari og félögum ekki vel þar sem liðið á í harðri baráttu við AIK á toppi deildarinnar. AIK tapaði reyndar í gærkvöldi fyrir Helsingborg, 3-2, og eru því Gautaborg og AIK enn efst og jöfn í deildinni með 47 stig þegar sex umferðir eru eftir. **- esá**

Íslandsmeistarakeppni í Ökuleikni

ÖKULEIKNI 2009

Á morgun, laugardaginn 26. september, verður haldin opin Íslandsmeistarakeppni í Ökuleikni. Keppnin verður haldin við Forvarnahúsið Kringlunni 3 og hefst kl. 13:00. Skráning og nánari upplýsingar eru á www.brautin.is og í síma 588 9070.

Brautin - bindindisfélag ökumanna

Músin missir sig í músík

Frábært úrval af tónlist er nú fáanlegt í BT Skeifunni



BT

Þúsundir titla í boði

BT Skeifunni er opin alla daga 11 -22

CAPELLO Er þekktur fyrir að vera harður í horn að taka. NORDIC PHOTOS/AFP

Landsliðsþjálfari Englands:

Afsökunarbeiðni frá slúðurblöðum

FÓTBOLTI Ensku götublöðin News of the World og Daily Mail hafa beðið enska landsliðsþjálfarann Fabio Capello formlega afsökunar á myndum sem birtust af honum á dögunum.

Á myndunum sást Capello spranga um á baðströnd ásamt eiginkonu sinni og þótti landsliðsþjálfaranum þær óviðeigandi.

Enska knattspyrnusambandið fór því í málið að beiðni Capellos og niðurstaðan varð sú að umrædd dagblöð báðust afsökunar og lofuðu að virða einkalíf landsliðsþjálfarans í framtíðinni.

Capello fékk það jafnframt í gegn að dagblöðin myndu borga þær skaðabætur sem hann átti að fá, til Sir Bobby Robson-stofnunarinnar, sem safnar peningum sem notaðir eru til ýmissa krabbameinsrannsókna á Englandi. - óþ

Jason Euell hjá Blackpool:

Fórnarlamb kynþáttahaturs

FÓTBOLTI Enska úrvalsdeildarfélagið Stoke hefur formlega beðið Jason Euell, leikmann Blackpool, afsökunar á hegðun stuðningsmanns Stoke. Umræddur stuðningsmaður gerði sig sekan um kynþáttaníð í garð Euells meðan á leik Stoke og Blackpool stóð í enska deildabikarnum á þriðjudagskvöld.

„Við þurfum fyrst að bíða þess að lögreglurannsókn ljúki áður en við getum sjálfir refsað viðkomandi. Britannia-leikvangurinn er fjölskylduvænt umhverfi og svona hegðun verður auðvitað ekki liðin," segir í yfirlýsingu frá Stoke. - óþ

Phil Jagielka hjá Everton:

Hótað með hníf á heimili sínu

FÓTBOLTI Varnarmaðurinn Phil Jagielka hjá Everton lenti í leiðindaatviki í fyrrakvöld þegar hann sat heima hjá sér og horfði á leik Hull og Everton í enska deildarbikarnum í sjónvarpinu.

Þrír grímuklæddir menn brutust inn á heimili hans í Knutsford í Cheshire á Englandi og hótuðu honum með hnífi og fengu hann til þess að afhenda þeim skartgripi og lyklana að Range Rover-bifreið. Ekki er vitað hvort innbrotsþjófarnir hafi haldið að Jagilka yrði að spila umræddan leik með Everton en hann hefur ekkert leikið með Everton á þessu tímabili vegna meiðsla.

„Sem betur fer meiddist enginn og bíllinn fannst mannlaus skammt frá heimilinu," sagði í yfirlýsingu frá lögreglu.

Innbrot af þessu tagi til atvinnumanna í fótbolta eru ansi tíð í Englandi en Steven Gerrard hjá Liverpool og Robbie Keane hjá Tottenham eru á meðal þeirra sem hafa orðið fyrir barðinu á óprúttnum innbrotsþjófum. - óþ

JAGIELKA Lenti í leiðinlegu atviki. NORDIC PHOTOS/GETTY

Stelpurnar í 19 ára landsliðinu unnu 5-0 stórsigur á Rúmeníu og komust áfram í milliriðil í Evrópukeppninni:

Fengu færin til þess að vinna riðilinn

FÓTBOLTI Stelpurnar í íslenska 19 ára landsliðinu eru komnar áfram í milliriðli í undankeppni EM 2010 eftir 5-0 sigur á Rúmeníu í lokaleiknum sínum í gær. Kristín Erna Sigurlásdóttir og Arna Sif Ásgrímsdóttir skoruðu báðar tvennu í leiknum og Berglind Björg Þorvaldsdóttir skoraði fimmta markið.

„Þetta var mjög góður leikur. Það skipti öllu máli að komast áfram en við ætluðum að vinna riðilinn og fengum fullt af færum til þess í dag. Það fóru bara fimm inn en það er ágætt í landsleik," sagði Ólafur Þór Guðbjörnsson, þjálfari liðsins.

Sviss vann 4-1 sigur á Portúgal á sama tíma í hinum leik riðilsins og tryggði sér með því sigur í riðlinum en þar var eins naumt og hægt var. Liðin voru jöfn að stigum en Sviss var með einu marki betri markatölu. Liðin gerðu 1-1 jafntefli í innbyrðisleik sínum.

„Við vorum að reyna að bæta við mörkum allan seinni hálfleikinn. Mörkin hefðu getað orðið fleiri en það er alltaf erfitt að skora þegar pressan er mikil á að skora mörg mörk," sagði Ólafur og hann var ánægður með liðið á mótinu.

TVENNA Í UPPBÓTARTÍMA Arna Sif Ásgrímsdóttir.

„Þær stóðu sig geysilega vel en við fengum ekki mikinn undirbúning fyrir þetta mót. Miðað við það erum við mjög sátt," segir Ólafur en riðillinn var mjög sterkur. „Sviss var í undanúrslitum í EM í sumar og bæði Rúmenía og Portúgal komust áfram úr fyrsta riðlinum í fyrra."

Þórsarinn Arna Sif Ásgrímsdóttir innsiglaði sigurinn með tveimur mörkum í uppbótartíma en hún skoraði á 93. og 95. mínútu. „Hún setti fyrra markið með skalla eftir horn og svo komust þær tvær í gegn og Dagný (Brynjarsdóttir) renndi boltanum á hana þegar markmaðurinn kom út á móti og hún setti hann í tómt markið," sagði Ólafur.

Íslensku kvennalandsliðin halda því áfram að standa sig vel á þessu ári. „Menn eru greinilega að vinna gott starf á Íslandi," sagði Ólafur að lokum og það er hægt að taka undir þau orð. - ööj

Tregablandin endurkoma Heiðars

Heiðar Helguson skoraði tvennu í endurkomuleik sínum fyrir Watford um síðustu helgi eftir fjögurra ára fjarveru frá félaginu. Dalvíkingurinn meiddist aftur á móti í leiknum og verður frá í um það bil mánuð.

FÓTBOLTI Það tók Heiðar Helguson ekki langan tíma að ná áttum í endurkomuleik sínum með Watford á Vicarage Road-leikvanginum um síðustu helgi. Heiðar kom inn á í hálfleik og átti þátt í fyrsta marki Watford og skoraði svo sjálfur tvö mörk áður en hann varð að yfirgefa völlinn vegna meiðsla í 3-3 jafntefli gegn Leicester í ensku b-deildinni. Þrátt fyrir að spila í aðeins 36 mínútur var Heiðar valinn maður leiksins af stuðningsmönnum Watford.

„Ég vissi nú reyndar ekkert af þessari kosningu en það er gaman að því. Ég vona alla vega að stuðningsmennirnir séu ánægðir með að fá mig til baka til félagsins og ég fékk reyndar fínar móttökur frá þeim á Vicarage Road-leikvanginum á laugardaginn.

Ég hefði í raun ekki getað hugsað mér betri innkomu en með því að skora tvö mörk í þessum leik. En þetta var því miður svona upp og niður og það var mjög svekkjandi að meiðast," sagði Heiðar í samtali við Fréttablaðið í gær.

Svekkjandi tíðindi

Heiðar fór í myndatöku í fyrradag út af meiðslunum og þá kom í ljós að meiðslin voru mun alvarlegri en talið var í fyrstu því knattspyrnustjórinn Malky Mackay hjá Watford var að vonast til þess að framherjinn yrði klár að nýju fyrir leikinn gegn Reading um næstu helgi. Það eru hins vegar engar líkur á því.

„Ég vissi um leið og ég steig í löppina að eitthvað var ekki í lagi. Það var svona eins og nál væri stungið í kálfann á mér. Eftir myndatökuna kom í ljós að ég hafði rifið vöðva í kálfanum á mér og það þýðir einfaldlega að ég verð frá næsta mánuðinn eða svo. Þetta gætu verið svona þrjár til fimm vikur. Það er augljóslega mjög leiðinlegt að lenda í þessu núna eftir að hafa verið þarna bara í fjóra daga. Svona er fótboltinn hins vegar stundum og það þýðir ekkert að vera að væla yfir þessu," segir Heiðar.

HARÐJAXL Heiðar er nánast í guðtölu hjá stuðningsmönnum Watford, er þekktur fyrir að gefa ekki tommu eftir og það kunna stuðningsmennirnir vel að meta. Heiðar fékk því blíðar móttökur í endurkomuleik sínum um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Heiðar verður að hafa sig hægan fyrst um sinn í endurhæfingunni en getur vonandi byrjað að skokka strax í næstu viku.

„Ég get ekki labbað almennilega eins og staðan er núna en var reyndar að koma úr sundi og ég mun halda mér við með því að synda næstu daga. Ég verð að passa mig að setja engan þunga á meiddu löppina en í næstu viku get ég svo vonandi byrjað að hjóla og svo skokka og þannig koll af kolli. Þetta kemur smátt og smátt og maður verður bara að vera þolinmóður," segir Heiðar.

Nokkur kunnugleg andlit

Heiðar er ánægður með móttökurnar sem hann hefur fengið hjá Watford síðan hann kom en leikmannahópurinn er vitanlega mikið breyttur frá því hann var hjá félaginu síðast en Heiðar lék með Watford í fimm og hálft tímabil á árunum 2000-2005.

„Það eru fjórir leikmenn enn hjá Watford af þeim sem voru þarna með mér áður. Þá eru Alec Chamberlain og Sean Dyche orðnir þjálfarar hjá Watford en þeir spiluðu með mér þarna á sínum tíma og ég myndi segja að þeir tveir hafi haft mikið að segja með þá ákvörðun mína að snúa aftur til félagsins. Þeir alla vega auðvelduðu ákvörðunina talsvert," sagði Heiðar.

Heiðar er á lánssamningi hjá Watford frá QPR til áramóta og þá verður farið yfir stöðu mála en forráðamenn Watford hafa gefið sterklega í skyn að þeir vilji halda honum áfram hjá félaginu í það minnsta út tímabilið. Lokaákvörðunin um framhaldið liggur svo væntanlega hjá Heiðari sjálfum.

Heiðar var að leika sinn 175. deildarleik fyrir Watford um helgina en hann hefur skorað 57 mörk í þeim leikjum.

omar@frettabladid.is

Jakob Örn Sigurðsson í viðtali við staðarblaðið í Sundsvall fyrir fyrsta leikinn sinn í kvöld:

Ég ber mikla ábyrgð í þessu liði

KÖRFUBOLTI Körfuboltamaðurinn Jakob Örn Sigurðarson þarf titil að verja á nýju tímabili en þó ekki með liði KR þar sem hann varð Íslandsmeistari í vor heldur með sænsku meisturunum í Sundsvall. Jakob og félagar spila fyrsta deildarleik tímabilsins á móti Gothia í kvöld.

„Ég er að verða eldri og var að leita eftir stað þar sem ég get spilað í lengri tíma. Mér líst mjög vel á liðið og bæinn og það getur alveg verið að ég verði lengur en þetta tímabil," sagði Jakob í viðtali við staðarblaðið í Sundsvall. Þetta er sjötta landið sem Jakob spilar körfubolta í en hann var í fjögur ár í skóla í Bandaríkjunum og spilaði síðan sem atvinnumaður í Þýskalandi, á Spáni og í Ungverjalandi.

„Margir góðir leikmenn eru í liðinu en það er erfitt að bera þetta saman við aðrar deildir sem ég hef spilað í. Þetta er kannski líkast Ungverjalandi. Þýska deildin var betri, en ég er nú ekki búinn að sjá öll liðin," segir Jakob.

Jakob segir í viðtalinu hafa farið heim til Íslands síðasta vetur til að vera með fjölskyldu og vinum. „Ég vissi að ef ég kæmi heim þá yrði ég tilbúinn að fara aftur út og spila í Evrópu í nokkur ár til viðbótar," sagði Jakob. Hann átti mjög gott tímabil með KR síðasta vetur og var með 17,9 stig og 4,9 stoðsendingar að meðaltali í Iceland Express-deildinni.

„Það er stefnan í vetur að vinna minn fyrsta titil utan Íslands og þegar ég lít yfir leikmannahópinn hjá Sundsvall þá tel ég okkur hafa allt til alls. Við þurfum bara að vinna í því að verða að liði því það er mikilvægt að hafa gott andrúmsloft og góðan liðsanda."

Jakob segist vera í nýju hlutverki hjá sænska liðinu. „Ég er annar elsti leikmaður liðsins, sem er nýtt fyrir mig. Ég ber mikla ábyrgð í þessu liði og hef nokkra reynslu frá árum mínum í atvinnumennskunni. Við erum með ungt lið, það hafa allir eitthvað að skila til liðsins og ég get miðlað af minni reynslu," segir Jakob.

Jakob er ekki eini Íslendingurinn í sænsku deildinni því Sigurður Ingimundarson þjálfar lið Solna Vikings og Helgi Már Magnússon leikur með liðinu. Solna leikur sinn fyrsta leik á móti Borås á útivelli. - ööj

LYKILMAÐUR Jakob Örn Sigurðarson var lykilmaður hjá KR á síðasta tímabili. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Raggi Bjarna í Hagkaup!

Í tilefni 75 ára afmælis sendir Raggi Bjarna
frá sér prefalda plötu með öllum sínum bestu lögum.

Tónleikar í Laugardalshöll 26. september 2009
Fyrri tónleikar kl. 16.00 örfáir miðar eftir
Seinni tónleikar kl. 20.00 Uppselt

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

> **Kevin Bacon**

„Þeir leikarar sem segjast ekki vilja vera frægir eru einfaldlega að skrökva. Leikarar vilja láta taka eftir sér og þess vegna velja þeir sér þetta starf."

Bacon fer með hlutverk í myndinni Flatliners sem Stöð 2 sýnir í kvöld kl. 21.55.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ **SARA MCMAHON LÉT TIL LEIÐAST OG FÉKK SÉR MYNDLYKIL**

Hið endalausa flakk um heim sjónvarpsins

Þegar ég var búsett í kóngsins Köben leigði vinkona mín eitt sinn herbergi hjá dönskum strák. Herberginu fylgdi lítið sjónvarp og aðgangur að fjölda sjónvarpsstöðva því leigusalinn var með kapal. Við vorum báðar nokkuð slyppar og snauðar á þessum námsárum og þess vegna hittumst við oftast heima hjá hvor annarri og sötruðum kaffi og spjölluðum. Stundum kveiktum við á sjónvarpinu í von um að finna eitthvað sniðugt til að horfa á, það gat ekki annað verið en að við mundum á endanum ramba fram á eitthvað við okkar hæfi með allan þennan fjölda sjónvarpsstöðva. Oftast enduðum við þó á því að fara hring eftir hring, með fingurinn krepptan á hnappi fjarstýringarinnar, án þess að finna nokkuð sem okkur þótti áhugavert. Eitt kvöldið enduðum við á því að horfa á beina útsendingu frá einhverri heimsókn gamla páfans. Útsendingin var nokkuð einsleit, þar mátti sjá páfann veifa til alþýðunnar frá skotheldu glerhýsi sínu. Önnur skipti duttum við í það að horfa á dönsku útgáfuna af Big Brother-þáttunum. Þar áttu færeysk stúlka og danskur piltur í eldheitu ástarsambandi sem blómstraði fyrir framan faldar myndavélar og endaði með því að stúlkan fór úr húsinu ólétt.

Nú hef ég loks látið til leiðast og fengið mér myndlykil heim. Honum fylgir aðgangur að ýmsum íslenskum og erlendum sjónvarpsstöðvum. Nú verður spennandi að sjá hvort sagan endurtaki sig og ég muni sitja sem límd við skjáinn flakkandi á milli sjónvarpsstöðva án afláts eða hvort ég hafi lært af reynslunni og muni eftir því að slökkva á imbanum, sé þar ekkert sem mig langar til að horfa á.

FÖSTUDAGUR

▶ **19.00** **PGA Tour 2009, beint** STÖÐ 2 SPORT

▶ **19.20** **Auddi og Sveppi** STÖÐ 2

▶ **20.40** **Skemmtigarðurinn** SKJÁREINN

▶ **21.45** **Entourage** STÖÐ 2 EXTRA

▶ **22.35** **Wallander - Jókerinn** SJÓNVARPIÐ

SJÓNVARPIÐ

15.35 Leiðarljós (e)
17.00 Táknmálsfréttir
17.10 Bjargvætturinn (8:26)
17.35 Bangsímon og vinir hans (21:26)
18.05 Utangarðsfólk (Primetime: The Outsiders) Bandarískur heimildaþáttur um fjölskyldu í fjölkvænissamfélagi í Arizona.
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Á rás fyrir Grensás Bein útsending úr myndveri Sjónvarpsins frá söfnun fyrir endurhæfingardeild Landspítalans sem oft er kölluð Grensás.
▶**22.35 Wallander - Jókerinn** (Wallander: Jokern) Sænsk sakamálamynd frá 2006. Kurt Wallander rannsóknarlögreglumaður í Ystad á Skáni glímir við erfitt sakamál. Leikstjórar eru Stephan Apelgren og Anders Engström og meðal leikenda eru Krister Henriksson, Johanna Sällström og Ola Rapace. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
00.05 Apollo 13 (Apollo 13) Bandarísk bíómynd frá 1995 byggð á sannri sögu um leiðangur til tunglsins þar sem ýmislegt fór öðruvísi en til var ætlast. Leikstjóri er Ron Howard og meðal leikenda eru Tom Hanks, Bill Paxton, Kevin Bacon, Gary Sinise, Ed Harris og Kathleen Quinlan. (e)
02.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ

08.00 As You Like It
10.05 I Love You to Death
12.00 The Last Mimzy
14.00 As You Like It
16.05 I Love You to Death
18.00 The Last Mimzy
20.00 Ed TV Venjulegum manni er fylgt eftir allan sólarhringinn og við kynnumst lífi hans og fjölskyldu, sigrum og ósigrum.
22.00 Me and You and Everyone We Know Hér segir frá nokkrum manneskjum sem eiga það sameiginlegt að hafa átt í mestu vandræðum með að tengjast öðru fólki og finna sér ástvin í þessum kuldalega og sundraða heimi.
00.00 Good Luck Chuck
02.00 Mississippi Burning
04.05 Me and You and Everyone We Know
06.00 Idiocracy

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Flintstone krakkarnir, Litla risaeðlan, Gulla og grænjaxlarnir og Kalli litli Kanína og vinir.
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 The Doctors
10.15 Jamie At Home (12:13)
10.40 You Are What You Eat (3:18)
11.05 Amne$ia (8:8)
11.50 Monarch Cove (12:14)
12.35 Nágrannar
13.00 La Fea Más Bella (33:300)
13.45 La Fea Más Bella (34:300)
14.30 La Fea Más Bella (35:300)
15.30 Notes From the Underbelly
15.55 Barnatími Stöðvar 2 Saddle Club, Kalli litli Kanína og vinir og Camp Lazlo.
17.08 Bold and the Beautiful
17.33 Nágrannar
17.58 Friends
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
▶**19.20 Auddi og Sveppi** Auddi og Sveppi eru mættir aftur hressari og uppátækjasamari en nokkru sinni fyrr í gamanþætti þar sem allt er leyfilegt.
20.00 Logi í beinni Skemmtiþáttur í umsjón Loga Bergmann.
20.45 Beauty and the Geek (9:10) Fimmti hópurinn af nördum og ljóskum er mættur til leiks í æsilegri kænsku- og krúttkeppni.
21.30 Stelpurnar Það er óhætt að segja að Stelpurnar hafi slegið í gegn með nýstárlegu gríni og glensi en vinsældir þeirra virðast ekkert ætla að dvína.
21.55 Flatliners Nokkrir læknanemar kanna mörk lífs og dauða með þeim afleiðingum að óvættir fortíðar herja á þá. Aðalhlutverk: Julia Roberts, Kevin Bacon og Kiefer Sutherland.
23.45 Lie With Me
01.15 Fast and the Furious: Tokyo Drift
03.00 RV
04.35 Beauty and the Geek (9:10)
05.20 Friends
05.45 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

17.35 Inside the PGA Tour 2009
18.00 Gillette World Sport 2009 Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum úti í heimi.
18.30 La Liga Report Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.
▶**19.00 PGA Tour 2009** Bein útsending frá The Tour Championship mótinu í golfi en mótið er hluti af PGA mótaröðinni.
22.00 F1: Æfingar Sýnt frá æfingum liðanna fyrir Formúlu 1 kappaksturinn í Singapúr.
22.30 Meistaradeild Evrópu: Fréttaþáttur Skyggnst á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
23.00 Ultimate Fighter - Season 9 Allir fremstu bardagamenn heims mæta til leiks og keppa um titilinn The Ultimate Fighting Champion.
23.45 UFC Unleashed Í þessum þáttum eru bestu bardagar í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.
00.25 Ante Up for Africa Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.
01.20 Poker After Dark Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Hold´Em.

SPORT 2 *enski boltinn*

17.30 Arsenal - Wigan Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
19.10 Aston Villa - Portsmouth Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
20.50 Premier League World Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.
21.20 Premier League Preview Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
21.50 PL Classic Matches Tottenham - Chelsea, 1997. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
22.20 PL Classic Matches Man. Utd - Leeds, 1998.
22.50 Premier League Preview
23.20 Man. Utd - Man. City Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
07.30 Game Tíví (2:14) (e)
08.00 Dynasty (58:88) (e)
08.50 Pepsi MAX tónlist
12.00 Game Tíví (2:14) (e)
12.30 Pepsi MAX tónlist
17.30 Dynasty (59:88) Blake Carrington stýrir olíufyrirtæki og er umkringdur konum sem eru óhræddar við að sýna klærnar þegar þess þarf.
18.20 Yes Dear (2:15) (e)
18.45 What I Like About You (e)
19.10 SkjárEinn í 10 ár (1:4) (e)
20.10 Fyndnar fjölskyldumyndir (2:12) Fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru bæði innlend og erlend myndbrot, sem kitla hláturtaugarnar og koma öllum í gott skap. Laddi er kynnir þáttanna.
▶**20.40 Skemmtigarðurinn** (2:8) Nýr íslenskur þáttur fyrir alla fjölskylduna. Í hverjum þætti keppa tvær 5 manna fjölskyldur í skemmtilegum leik. Þær þurfa að leysa ýmsar þrautir og sú fjölskylda sem sigrar kemst áfram í keppninni. Kynnir þáttanna er Eyþór Guðjónsson.
21.40 The Contender Muay Thai (6:15) Raunveruleikasería þar sem leitað er að næstu bardagastjörnu.
22.30 Law & Order: Special Victims Unit (2:19) (e)
23.20 PA´s (3:6) (e)
00.20 World Cup of Pool 2008 (17:31) Bestu pool-spilarar heims sýna snilldartaka í heimsbikarkeppninni í pool.
01.10 The Jay Leno Show (e)
02.00 The Jay Leno Show (e)
02.50 The Jay Leno Show (e)
03.40 Pepsi MAX tónlist

ÍNN

20.00 Hrafnaþing Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar.
21.00 Tryggvi Þór á alþingi Hagfræðingurinn og alþingismaðurinn er genginn til liðs við ÍNN með nýjan þátt.
21.30 Græðlingur Í umsjón Guðríðar Helgadóttur garðyrkjufræðings.
Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.00

Logi í beinni

Laufléttur skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna í umsjón Loga Bergmanns. Logi fær góða gesti í heimsókn sem sleppa af sér beislinu og sýna á sér réttu hliðina – þá skemmtilegu. Einnig verður boðið upp á tónlistaratriði og ýmsar óvæntar uppákomur. Í fyrsta þætti vetrarins fær Logi Gísla Örn Garðarsson leikara í heimsókn auk þess sem Birgitta Jónsdóttir þingkona mætir á svæðið, sem og Steindi Jr. uppistandari og grallaraspói.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
Á rás fyrir Grensás

Sjónvarpið kl. 19.35

Bein útsending úr myndveri Sjónvarpsins frá söfnun fyrir endurhæfingardeild Landspítalans sem oft er kölluð Grensásdeild. Fjöldi gesta kemur fram í útsendingunni, tónlistarmenn og aðrir skemmtikraftar. Umsjónarmenn eru Eva María Jónsdóttir og Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst
06.50 Bæn
07.05 Vítt og breitt
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.11 Morgunstund með KK
08.30 Fréttayfirlit
09.05 Óskastundin
09.45 Morgunleikfimi
10.13 Sagnaslóð
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.00 Fréttayfirlit
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
13.00 Íslensk arkitektahjón í Ameríku
14.03 Hjarta mitt býr á götuhorni
15.03 Útvarpssagan: Brestir í Brooklyn
15.25 Draumaprinsinn
16.00 Síðdegisfréttir
16.13 Fimm fjórðu
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.16 Spegillinn
18.50 Dánarfregnir
19.00 Pönk á Íslandi
20.00 Leynifélagið
20.30 Óvissuferð - allir velkomnir
21.10 Hringsól
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Litla flugan
23.00 Kvöldgestir
00.07 Næturtónar

FM 88,5	XA-Radíó	FM 96,3	FM Suðurland	FM 90,1	Rás 2
FM 90,9	Gullbylgjan	FM 96,7	Létt Bylgjan	FM 102,2	Útvarp Latibær
FM 91,9	Kaninn	FM 97,7	X-ið	FM 102,9	Lindin
FM 93,5	Rás 1	FM 98,9	Bylgjan	FM 105,5	Útvarp Boðun
FM 95,7	FM957	FM 99,4	Útvarp Saga		

2 EXTRA

16.00 Doctors (23:25)
16.30 Doctors (24:25)
17.00 The Sopranos (31:39) Þrátt fyrir að hafa átt mikilli velgengni að fagna í starfi og eiga góða fjölskyldu er fjölskyldumaðurinn og mafíuforinginn Tony Soprano þjáður á sálinni og á stöðugt í vandræðum með að finna jafnvægi milli vinnu og einkalífs.
18.00 Peep Show (10:12) Sprenghlægilegir gamanþættir um Mark og Jez, sérvitringa á þrítugsaldri sem deila íbúð saman en eiga ekkert sameiginlegt nema það að líf þeirra einkennist af endalausum flækjum og óreiðu.
18.30 Doctors (23:25)
19.00 Doctors (24:25)
19.30 The Sopranos (31:39)
20.30 Peep Show (10:12) S
21.00 Fréttir Stöðvar 2
21.20 Ísland í dag
▶ **21.45 Entourage** (3:12) Vincent og félagar standa nú á krossgötum því þrátt fyrir að nokkrum þeirra hafi orðið býsna ágengt í kvikmyndaborginni þá neyddust þeir í lokaþætti þriðju seríu til að flytja úr villunni góðu. En þeir halda sínu striki og stóra tækifærið gæti verið að banka upp á með Medellín, stórmynd hins kostulega Ara Gold.
22.15 NCIS (7:19) Spennuþáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem starfa í Washington og rannsaka glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt. Verkefnin eru orðin bæði flóknari og hættulegri í þessari fimmtu seríu.
23.00 Eleventh Hour (10:18)
23.45 Auddi og Sveppi
00.20 Fréttir Stöðvar 2
01.20 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

12.00 Rob Brydon's Annually Retentive **12.30** Lead Balloon **13.00** Only Fools and Horses **13.30** Absolutely Fabulous **14.00** The Weakest Link **14.45** Rob Brydon's Annually Retentive **15.15** Lead Balloon **15.45** Only Fools and Horses **16.15** Absolutely Fabulous **16.45** Absolutely Fabulous **17.15** Doctor Who **18.00** Lead Balloon **18.30** Coupling **19.00** Rob Brydon's Annually Retentive **19.30** Absolutely Fabulous **20.00** The Jonathan Ross Show **20.50** Lead Balloon **21.20** Coupling **21.50** Rob Brydon's Annually Retentive **22.20** Absolutely Fabulous **22.50** Absolutely Fabulous **23.20**

DR 1

12.00 Landsbyhospitalet **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Boogie Listen **15.00** Min funky familie **15.30** Det kongelige spektakel **15.50** Timmy-tid **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Talent 09 **19.00** TV Avisen **19.30** Talent 09 - afgørelsen **19.55** Det Nye Talkshow - med Anders Lund Madsen **20.30** Rembrandt **22.15** VM Brydning 2009 **22.45** Saved!

NRK 1

12.00 NRK nyheter **12.05** Naboer **12.30** Andre avenyen **13.00** NRK nyheter **13.10** Sjukehuset i Aidensfield **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** På fisketur med Bård og Lars **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Mamma Mo og Kråka **16.10** Fjellgården i Trollheimen **16.20** Pling Plong **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Norge rundt **17.55** Beat for beat **18.55** Nytt på nytt **19.25** Skavlan **20.25** Sporlost forsvunnet **21.05** Kveldsnytt **21.20** Elskerinner **22.20** Pop-revy fra 60-tallet **23.15** Armstrong og Miller **23.45** Country jukeboks m/chat

SVT 1

12.30 Här är ditt liv **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Adress London **15.25** Plus **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Doobidoo **19.00** Skavlan **20.00** Mona Lisas leende **21.55** Kulturnyheterna **22.10** Roxanne **23.55** Studio 60 on the Sunset Strip

BESTI BITINN Í BÆNUM

„Sushi-ið á Fiskmarkaðnum í Aðalstræti er í miklu uppáhaldi. Þar er hægt að fá frábært sushi á frábæru verði.“

Guðni Sigurðsson, höfundur Frasabókarinnar.

Kafloðnir kokkar þurfa að bíða enn um sinn

„Maður er bara farinn að æfa jólavísurnar og hvernig maður segir hó, hó, hó. Maður hlýtur að koma sterklega til greina sem jólasveinninn í ár,“ segir Úlfar Eysteinsson, matreiðslumeistari á Þremur Frökkum. Seðlabankinn ákvað í gær að lækka ekki stýrivexti og eru þeir því enn tólf prósent. Úlfar og Tómas Tómasson á Hamborgarabúllunni bundust fastmælum um að skerða ekki skegg sitt fyrr en stýrivextirnir væru komnir niður fyrir tíu prósent og þeir verða því að bíða fram í nóvember með það að raka sig.

Báðir eru þeir komnir með nokkuð myndarlegt skegg en Úlfar hefur ekki rakað sig á fimmta mánuð, frá því um miðjan júní. Þegar næsti stýrivaxtafundur Seðlabankans verður haldinn er liðið hálft ár frá því rakvélin fór síðast á loft. Eða hvað? „Tja, sko við gerðum með okkur samning um að við mættum raka í kringum hálsinn, skeggið var eiginlega bara að drepa okkur,“ segir Úlfar en bætir því við að skeggsamtök kokkanna ætli að halda þetta út. „Maður batt samt vonir við að þetta myndi gerast núna; forkólfar verkalýðshreyfingarinnar, atvinnulífsins og stjórnmálamenn voru farnir að gæla við eins stafs tölu þannig að þetta eru ákveðin vonbrigði,“ segir Úlfar, sem viðurkennir að þetta sé að verða svolítið erfitt. „Ég fékk mér ís með súkkulaðisósu um daginn og ég þurfti að fara í bað á eftir.“

Ekki er þó loku skotið fyrir það að fleiri muni bætast í skeggsamtök kokkanna því Úlfar og Tómas hafa fengið töluverðan stuðning við þessu loðna framtaki sínu. „Menn úti á landi hafa tekið þetta upp hjá sér og hver veit, kannski munum við bara bjóða í hrefnukjöt í nóvember þegar næsti fundur er og setja smá pressu á seðlabankastjórann.“ - fgg

PRESSA Í NÓVEMBER Skegg þeirra Úlfars og Tómasar er orðið nokkuð myndarlegt og mun halda áfram að vaxa þar til næsti stýrivaxtafundur verður haldin í nóvember. Már Guðmundsson er seðlabankastjóri.



LÁRÉTT
2. báru að, **6.** tónlistarmaður, **8.** ræktað land, **9.** árkvíslir, **11.** hvað, **12.** manna, **14.** glæta, **16.** hæð, **17.** kirna, **18.** kvenkyns hundur, **20.** tveir eins, **21.** engi.

LÓÐRÉTT
1. tafl, **3.** pot, **4.** spámaður, **5.** líða vel, **7.** sígild list, **10.** rölt, **13.** svipuð, **15.** nabbi, **16.** svif, **19.** mun.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. komu, **6.** kk, **8.** tún, **9.** ála, **11.** ha, **12.** karla, **14.** skíma, **16.** ás, **17.** ker, **18.** tík, **20.** ðð, **21.** akur.

LÓÐRÉTT: 1. skák, **3.** ot, **4.** muhammeð, **5.** una, **7.** klassík, **10.** ark, **13.** lík, **15.** arða, **16.** áta, **19.** ku.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Dominique Strauss-Kahn.
2. Bandaríkjunum.
3. Ljóðveldið Ísland.

RAGNAR BRAGASON: BJÖRN THORS SLÓ Í GEGN MEÐAL FANGA

Mikið hlegið á Litla-Hrauni

„Við ákváðum að gera þetta enda áttum við í nánu samstarfi við bæði fanga og allt starfsfólk Litla-Hrauns. Við réðumst náttúrlega þarna inn á heimili þeirra í tvær vikur en þeir sýndu okkur alveg ótrúlega hjálpsemi og reyndust mikil og góð hjálp,“ segir Ragnar Bragason leikstjóri en það var heldur betur kátt á hjalla á Litla-Hrauni á miðvikudaginn þegar fulltrúar Fangavaktarinnar frumsýndu fyrstu tvo þættina í fangelsinu. Búið var að gera bíósal í íþróttahúsi fangelsisins og að lokinni sýningu var boðið upp á samlokur og með því. Meðal þeirra sem fóru á Litla-Hraun með Ragnari voru Pétur Jóhann Sigfússon, Jón Gnarr og handritshöfundurinn Jóhann Ævar Grímsson.

Ragnar segir að þótt þrenningin Georg, Daníel og Ólafur Ragnar sé fyrirferðarmest hafi þeir Björn Thors og Sigurður Hrannar slegið í gegn á Hrauninu en þeir leika þrjótana í þáttunum. „Í kaffispjallinu á eftir kom alveg skýrt fram að það mætti finna þá í fleiri en einu eintaki þarna inni,“ segir Ragnar en auk þeirra koma Ingvar E. Sigurðsson, Ólafur Darri og Gunnar Hansson einnig töluvert við sögu. Ragnar var ekki í vafa um að þetta hefði verið ein skemmtilegasta frumsýning sem hann hafi farið á. „Ég held að ég fari ekki með fleipur þar, þeir lifðu sig algjörlega inn í þetta og maður upplifði þættina á allt öðruvísi hátt þarna.“

Margrét Frímannsdóttir, forstöðukona Litla-Hrauns, var einnig mjög ánægð með útkomuna. Og sagði að fangarnir hefðu skemmt sér konunglega á sýningunni. „En það verður eflaust hlegið á öðrum stöðum hérna heldur en heima í stofu,“ segir Margrét og bætir því við að henni þótti mikið til þessa framtaks koma. „Þetta tók náttúrlega töluverðan tíma og fangarnir lögðu mikið á sig, gáfu eftir útivistartíma og íþróttahúsið á meðan á tökunum stóð. En aldrei kom til neinna árekstra og þeir kunna vel að meta það þegar þeim er sýnd virðing og þakklæti eins og þarna var gert.“ Margrét segist sjálf hafa séð suma takta frá sér í þáttunum. Og að hún hafi síður en svo ekki verið sú eina. „Nei, og ég held að ég geti ábyrgst að strákarnir hérna ætla ekki að missa af einum einasta þætti.“

freyrgigja@frettabladid.is

MIKIÐ STUÐ OG MIKIÐ GAMAN

Það var mikið hlegið á Litla-Hrauni á miðvikudaginn þegar vistmenn þar horfðu fyrstir allra á tvo fyrstu þættina í **Fangavaktinni**. **Ragnar Bragason**, leikstjóri þáttanna, segist aldrei hafa farið á svona skemmtilega frumsýningu og **Margrét Frímannsdóttir** telur sig geta ábyrgst að strákarnir á Hrauninu eigi ekki eftir að missa af einum einasta þætti.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Útvarpsmaðurinn síkáti, **Sigvaldi Kaldalóns**, eða Svali á FM 957, var einn þeirra frægu Íslendinga sem höfðu ráðgert að fara til Argentínu og taka þátt í þrautakónginum Wipeout. Nú heyrist það hins vegar að Svali hafi dregið sig úr þessari keppni af óviðráðanlegum orsökum en samstarfskona hans, Sigga Lund, kemur í staðinn. Eftir sem áður munu kapparnir á borð við Fjölni Þorgeirsson, Ívar Guðmundsson og Egil Einarsson verða meðal keppenda.

Gengi þeirra íslensku mynda sem sýndar voru á Toronto-kvikmyndahátíðinni var æði misjafnt. Dagur Kári og kvikmynd hans, The Good Heart, fékk ekki nógu góðar viðtökur hjá gagnrýnendum The Hollywood Reporter og Variety. Hins vegar geta Margrét Dagmar Ericsdóttir og **Friðrik Þór Friðriksson** nokkuð vel við unað því gagnrýnandi áðurnefnds Variety hrósaði heimildarmyndinni Sólskinsdrengurinn í hástert. Rúsínan í pylsuendanum er vafalítið sú að þau hafa náð samningum við dreifingarfyrirtækið Film Sales Company en innsti koppur þar í búri er fyrrverandi forstjóri hins virta framleiðslufyrirtækis Miramax.

Síðustu ár í leikhúsheiminum hafa einkennst af útrás hinna og þessara uppfærslna. Pétur Jóhann Sigfússon og **Stefán Jónsson** eru engin undantekning á því þótt þeir fari nú reyndar ekki út fyrir hina íslensku lögsögu. Sannleikurinn, einleikur Péturs í leikstjórn Stefáns, verður nefnilega settur upp í samkomuhúsi Vestmannaeyja, Höllinni, hinn 13. nóvember. Pétur mun væntanlega kitla hlátur-taugar Eyjamanna. - fgg

Íslenskar konur auglýsa E-label

„Hluti af okkar markaðsstefnu er að festa okkur ekki við eina staðalmynd heldur viljum við fá konur af öllum aldri, stærðum og gerðum til að auglýsa vöruna okkar. Markhópur okkar er líka svo stór og breiður, hér versla bæði sautján ára stúlkur og sextugar konur og við viljum ná til allra þessara kvenna með auglýsingum okkar,“ segir Ásta Kristjánsdóttir um nýja auglýsingaherferð E-label, sem hefur vakið mjög jákvæð viðbrögð hjá viðskiptavinum fyrirtækisins. Á auglýsingunni má meðal annars sjá Urði Hákonardóttur, fyrrum söngkonu hljómsveitarinnar GusGus, Silju Hauksdóttur leikstjóra, Tinnu Bergs fyrirsætu, söngkonuna Þórunni Antoníu og Sigríði Þorsteinsdóttur hjúkrunarfræðing. Að sögn Ástu mun auglýsingin birtast á netinu og í tímaritum auk þess sem lítill bæklingur með myndunum mun fylgja hverri flík. E-label fer í verslun Topshop í London nú í haust og því er óhætt að segja að myndirnar af þessum föngulegu, íslensku konum munu fara víða.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem fyrirtækið hefur farið af stað með slíka herferð því áður höfðu meðal annars Andrea Róbertsdóttir og Ragnhildur Gísladóttir setið fyrir í auglýsingum E-label. - sm

HÖNNUN FYRIR ALLA Leikstjórinn Silja Hauksdóttir sat fyrir í nýrri auglýsingaherferð tískufyrirtækisins E-label.

MYND/ÁSTA KRISTJÁNSDÓTTIR

Glæsileg opnunartilbð
á nýjum stað, Baldursnesi 6, Akureyri
(við hringveginn)

IQ-CARE
HEILSUDYNUR OG HEILSUKODDAR

Ein besta heilsudýna í heimi
Gerið samanburð



S-CAPE
WALLHUGGER
Sá nýjasti og besti frá Leggett

Nýr Wallhugger
með IQ-CARE heilsudýnu
Kynningartilboð: **479.900** kr.
Stærð: 2x90x200

30%
afsláttur af lökum
og hlífðardýnum

PROFLEX
Mest selda stillanlega rúmið
hjá Svefn & heilsu

10.000 kr. afsláttur af öllum rúmum og svefnsófum
Gildir út september á Akureyri og í Reykjavík

6 mán.
vaxtalausar
greiðslur

Svefnsófar
Íslensk framleiðsla
Margir litir

Umboðsaðili
fyrir iRobot

Svefn & heilsa
★★★★★

Sængur og koddar frá
DÚN & FIÐUR

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 12.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

www.svefn.is

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

BAKÞANKAR
Brynhildar Björnsdóttur

Ex

Valéry Giscard d'Estaing var lengi vel eini eftirlifandi fyrrverandi forseti Frakklands og því oft kallaður Exið í frönsku pressunni.

HAFIÐI prófað að segja Giscard d'Estaing? Það er eitthvað ótrúlega skemmtilegt við það hvernig það veltur af vörum og tungu. Hann var hins vegar ekki elskhugi Díönu prinsessu af Wales.

GISCARD d'Estaing var forseti Frakklands frá árinu 1974 og fram til ársins 1981. Þá lét hann af störfum og sneri sér að öðru. Hann settist í héraðsstjórn Auvergne-héraðs og reyndi sitt besta til að draga ferðamenn þangað, meðal annars með því að stofna Evrópska eldfjallarannsóknasetrið og skemmtigarðinn Vúlkaníu þar sem allt gengur út á eldfjöll.

HANN hefur líka notað tímann eftir að hann lét af valdamesta embætti Frakklands til að sinna ritstörfum. Hann sendi frá sér ástarsöguna Le passage eða Ferðin árið 1994 og nú, fimmtán árum seinna, hefur hann sent frá sér byltingarkennda stórvirkið Prinsessan og forsetinn. Sú bók fjallar um kynni fransks forseta af prinsessunni Patriciu af Cardiff, sem þykir minna heilmikið á Díönu. Samkvæmt frétt á vefsíðunni mbl.is ber hann þó af sér alla nána tengingu sögunnar við raunveruleikann, hann hafi einungis verið góður vinur prinsessu í nauðum og að þeim hafi talast svo til skömmu fyrir dauða hennar að hann skyldi skrifa bók um ástalíf þjóðarleiðtoga.

ÞETTA gera fyrrverandi leiðtogar þjóða. Þeir opna skemmtigarða, efna loforð við gamla vini og sækja nýsköpun heim í hérað. Sumir ferðast um heiminn, halda fyrirlestra byggða á reynslu sinni, reyna jafnvel að láta gott af sér leiða og skrifa bækur. Þeir leggja sig fram við að vera sjálfum sér og því merkilega og ábyrgðarmikla starfi sem þeir gegndu áður til sóma, að vera flottir fyrrverandi.

ÞAÐ er nefnilega þannig að menn hætta aldrei að vera forsetar, forsætisráðherrar eða biskupar þó að þeir láti af embætti. Allir vita hverjir þeir voru og hvað þeir gerðu, þó að þá langi sjálfa til að skipta um starfsvettvang, koma ferskir inn á nýjan völl, láta til sín taka og hafa skoðanir. Allt sem þeir segja og gera verður skoðað í ljósi embættisorða þeirra og verka.

ÞÁ er farsælla að rækta garðinn sinn, planta nokkrum trjám og leika við hundinn. Jafnvel skrifa eins og eina bók.

GÓÐAN DAG!

Í dag er föstudagurinn 25. september 2009, 268. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	7.19	13.19	19.17
Akureyri	7.04	13.04	19.02

Heimild: Almanak Háskólans